



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

ATA

# AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008 – 2028

Greinargerð

27. október 2009



## Gögn aðalskipulagsins

Aðalskipulag Fljótshálsa 2008 – 2028 samanstendur af eftirtöldum gögnum:

1. Greinargerð skipulagsins (þetta skjal), dags. 27.10.2009
2. Sveitarfélagsuppdráttur A 1:150.000, dags. 27.10.2009
3. Sveitarfélagsuppdráttur B 1:30.000, dags. 27.10.2009
4. Þéttbýlisuppdráttur fyrir Egilsstaði og Fellabæ, dags. 27.10.2009
5. Þéttbýlisuppdráttur fyrir Hallormsstað, dags. 27.10.2009
6. Þéttbýlisuppdráttur fyrir Eiða, dags. 27.10.2009

Að auki fylgja skipulaginu eftirtaldir þemauppdrættir:

- Hæð lands yfir sjávarmáli
- Gróðurfar
- Skógræktarsvæði
- Náttúrverndarsvæði
- Verslun og þjónusta í dreifbýli
- Göngu- og reiðleiðir
- Vegir og slóðar
- Friðlýstar fornminjar

## Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulag Fljótshálsa 2008 – 2028 sem fengið hefur meðferð skv. 17. – 18. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt af bæjarstjórn Fljótshálsa þann 24. júní, 2009.

Aðalskipulag Fljótshálsa 2008 – 2028 var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra sbr. 19. grein skipulags- og byggingarlaga þann

Aðalskipulag Fljótshálsa 2008 – 2028 var staðfest af umhverfisráðherra sbr. 19. grein skipulags- og byggingarlaga þann



## Formáli

Hér er fylgt úr hlaði fyrsta aðalskipulagi sveitarfélagsins Fljótshéraðs, sem til varð við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs haustið 2004, Við þá sameininguna myndaðist landstærsta sveitarfélag á Íslandi alls 8.900 km<sup>2</sup> að stærð. Stór hluti sveitarfélagsins er óbyggður, þar sem helmingur flatarmáls þess er hálendi með jöklum, vötnum og lítt grónu landi. Í apríl 2007 var gengið til samninga við ráðgjafafyrirtækið Alta um að stýra vinnu við gerð aðalskipulags og var hún að mestur í höndum þeirra Salvarar Jónsdóttur og Árna Geirssonar.

Í Skipulags- og byggingarlögum, no 73/1997 segir í 2. gr. um aðalskipulag: "*Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarfélagsins um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfum, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili*"

Í nóvember 2007 samþykktu öll framboð sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn Fljótshéraðs framtíðarsýn og stefnu sveitarfélagsins, þar sem horft er til ársins 2027. Gildin tvö sem framtíðarsýnin byggir á, eru **framsækni** og **virðing** en stefnan hvílir á fjórum stoðum **þekkingu – þjónustu – velferð og umhverfi** en þessi stefnumótun auk staðardagskrár 21 og annarar stefnumótunar sveitarfélagsins s.s. atvinnustefnu og menntastefnu setja sitt mark á alla skipulagsvinnuna bæði greinargerðina og hvernig textinn er færður yfir á uppdrættina. Sem dæmi má nefna að í aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008 – 2028 er mótuð sú stefna að þetta þá byggð sem fyrir er hér í þéttbýlinu við fljótið, að teknu tilliti til þess að Lagarfljótið og blómlegur atvinnurekstur á Egilsstaðanesi liggja mitt á milli byggðanna á bökkum fljótsins. Eins er sett fram stefna um verndun ræktaðs lands í dreifbýlinu, þar sem tiltekið er að ekki skuli gengið á ræktað land nema fyrir liggja úttekt fagaðila á því landi.

Við mótun aðalskipulags Fljótshéraðs 2008 – 2028 var leitast við að hafa mjög víðtækt samráð við íbúa sveitarfélagsins og þeim gefinn kostur á að koma að þessari vinnu á ýmsum stigum hennar. Bréf voru send til landeigenda í sveitarfélaginu þar sem þeim var gefin kostur á að koma framtíðaráformum sínum á framfæri og haldnir voru kynningarfundir og ráðstefna til að safna saman upplýsingum frá íbúum. Einnig var byggt á niðurstöðum frá íbúáþingi 2005.

Við lok þessarar vinnu er ekki úr vegi að þakka þeim aðilum sem að henni hafa komið, fyrir framlag sitt. Fyrst ber að þakka þeim fjölmörgu íbúum sveitarfélagsins sem komið hafa með tillögur og ábendingar og þeirri von lýst að aðalskipulagið nýtist vel sem stjórtæki í þeirra þágu. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur lagt mikla vinnu inn í þetta verk og er þeim þakkað það framlag. Samstarfsfólki mínu úr Skipulags- og byggingarnefnd og fulltrúum úr bæjarráði, sem saman mynduðu stýrihóp um gerð aðalskipulags Fljótshéraðs 2008 – 2028 þakka ég vel unnin störf, svo og starfsfólki Alta.

Í framtíðarsýn Fljótshéraðs segir "*það eiga alla tíð að vera sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði að búa á Fljótshéraði, njóta þeirrar fögru náttúru og örugga umhverfis sem þar er og taka þátt í að búa núverandi og komandi kynslóðum fyrirmyndarsamfélag*". Það er mín skoðun að aðalskipulag Fljótshéraðs 2008 – 2028 sé góður grunnur að því að þessi sýn verði að veruleika, framhaldið er komið undir okkur sem kjósum að búa og starfa á Fljótshéraði.

Egilsstöðum í október 2008.

Árni Kristinsson,

formaður Skipulags- og byggingarnefndar Fljótshéraðs.





## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2	5.2	Nám og menntun .....	18	9.10	Efnistökusvæði .....	44
1.1	Hvað er aðalskipulag? .....	2	5.3	Menning .....	20	9.11	Sorpfögunarsvæði .....	46
1.2	Aðalskipulagsferlið og aðilar að gerð þess ...	2	5.4	Íþróttir .....	21	9.12	Landbúnaðarsvæði .....	46
1.3	Uppbygging aðalskipulags .....	4	5.5	Heilsa og öryggi .....	22	9.13	Hafnarsvæði .....	46
1.3	Uppbygging aðalskipulags .....	4	5.6	Stjórnsýsla .....	23	9.14	Óbyggð svæði .....	47
1.4	Staða skipulags á Fljótsdalshéraði .....	4	5.7	Atvinnulíf .....	24	9.15	Náttúruverndarsvæði .....	47
1.5	Aðalskipulag á Fljótsdalshéraði 2008-2028 ..	4	6	Búseta .....	26	9.16	Þjóðminjavernðarsvæði .....	48
1.6	Helstu breytingar .....	4	6.1	Íbúar .....	26	9.17	Hverfisvernd .....	49
2	Einkenni lands og byggðar .....	5	6.2	Byggð .....	28	9.18	Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. ....	49
2.1	Landslag og byggð .....	5	7	Samgöngur .....	30	9.19	Samgöngur .....	50
2.2	Jarðfræði .....	6	7.1	Samgöngur almennt .....	30	9.20	Vötn, ár og sjór .....	50
2.3	Gróðurfar .....	7	7.2	Bílaumferð .....	31	9.21	Svæði undir náttúruvá .....	50
2.3	Gróðurfar .....	7	7.3	Flugumferð .....	31	10	Umhverfisskýrsla .....	51
2.4	Dýralíf .....	8	7.4	Almenningssamgöngur .....	32	10.1	Inngangur .....	51
2.5	Veðurfar .....	8	7.5	Gönguleiðir, hjólaleiðir, reiðleiðir .....	32	10.2	Umhverfisþættir og umhverfisverndarmarkmið .....	52
2.6	Náttúruvá .....	8	8	Veitur og orkumál .....	33	10.3	Umhverfismat stefnu í meginmálaflokkum ..	54
2.7	Íbúar og atvinnulíf .....	9	8.1	Veitur almennt .....	33	10.4	Umhverfismat aðalskipulagsins m.t.t. annarra kosta .....	59
3	Stefna Fljótsdalshéraðs .....	10	8.2	Fjarskipti .....	33	10.5	Mótvægisáðgerðir og vöktun .....	60
3.1	Gildi .....	10	8.3	Fráveita .....	33	10.6	Vinnsla umhverfismatsins .....	60
3.2	Sýn .....	10	8.4	Hitaveita .....	34	10.7	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda .....	60
3.3	Þekking .....	10	8.5	Rafveita .....	34	10.8	Samantekt .....	60
3.4	Þjónusta .....	10	8.6	Sorpfögun .....	35	10.9	Greinargerð með afgreiðslu áætlunar .....	60
3.5	Velferð .....	11	8.7	Vatnsveita .....	35	Viðauki 1: Heimildaskrá .....	62	
3.6	Umhverfi .....	11	8.8	Vinnsla og notkun orku .....	36	Viðauki 2: Umsagnir og athugasemdir .....	63	
4	Nýting og verndun .....	13	9	Landnotkun .....	37			
4.1	Nýting landgæða .....	13	9.1	Íbúðarsvæði .....	37			
4.2	Náttúruvernd .....	14	9.2	Miðsvæði .....	38			
4.3	Náttúruskoðun og ferðamennska .....	16	9.3	Blönduð svæði .....	38			
4.4	Menningarminjar/menningarlandslag .....	17	9.4	Svæði fyrir þjónustustofnanir .....	39			
5	Samfélag .....	18	9.5	Verslunar og þjónustusvæði .....	40			
5.1	Almennt um samfélag .....	18	9.6	Athafnasvæði .....	41			
			9.7	Iðnaðarsvæði .....	41			
			9.8	Svæði fyrir frístundabyggð .....	42			
			9.9	Opin svæði til sérstakra nota .....	43			



# 1 Inngangur


## 1.1 Hvað er aðalskipulag?

Skipulag er tæki sveitarstjórna til að hafa áhrif á framtíðarþróun sveitarfélagsins, bæði hvað varðar umhverfi, félagslega og hagræna þróun og þar með búsetuskilyrði og lífsgæði. Aðalskipulag hefur jafnframt mikilvægt upplýsingagildi fyrr almenning og lögaðila sem taka þátt í þróun samfélagsins.

Aðalskipulag er kjarni íslenska skipulagskerfisins, en þar setur sveitarstjórn fram stefnu sína varðandi landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Í aðalskipulagi er hægt að ákveða stefnu sem er bindandi við deiliskipulagsgerð og mannvirkjagerð (Skipulags- og byggingarlög 73/1997, Skipulagsstofnun 2003). Mikil tækifæri felast því í gerð aðalskipulags sem sveitarstjórnir geta nýtt sér og í því tilliti er líka mikilvægt að nýta sér þátttöku íbúa til að skapa sameiginlega sýn og samstöðu um þróun sveitarfélagsins.

Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er bindandi hvað varðar deiliskipulög, byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi því allar framkvæmdir í sveitarfélaginu verða að vera í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Stefnan sem sett er fram í aðalskipulaginu er í samræmi við þá sýn sveitarfélagsins að það séu og eigi „*alla tíð að vera sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði að búa á Fljótshéraði, njóta þeirrar fögru náttúru og örugga umhverfis sem þar er og að taka þátt í að búa núverandi og komandi kynslóðum fyrirmyndarsamfélag*“ (Framtíðarsýn og stefna Fljótshéraðs 2007-2028). Í samræmi við þessa sýn hefur verið leitað eftir þátttöku íbúa Fljótshéraðs og annarra hagsmunaaðila við gerð aðalskipulagsins.



Mynd 1.1: Samband Skipulagsáætlana og leyfisveitinga skv. skipulags- og byggingalögum.

## 1.2 Aðalskipulagsferlið og aðilar að gerð þess

Skipulags- og byggingarnefnd Fljótshéraðs fer með skipulagsmál í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar. Við upphaf skipulagsvinnunnar var ákveðið að stofna stýrihóp um gerð aðalskipulags en sá hópur samanstendur af skipulags- og byggingarnefnd auk þriggja fulltrúa úr bæjarráði. Hefur stýrihópur borið hita og þunga af skipulagsvinnunni ásamt bæjarstjóra og starfsmönnum sveitarfélagsins, skipulags- og byggingarfulltrúa og héraðsfulltrúa. Ráðgjafarfyrtækið Alta ehf hefur aðstoðað fulltrúa sveitarfélagsins við gerð aðalskipulagsins.

Helstu áfangar í skipulagsferlinu:

Apríl 2007: Fljótshérað gengur til samninga við Alta ehf. um gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið.

Júní 2007: Skoðunarferð stýrihóps, embættismanna og ráðgjafa um hluta sveitarfélagsins (Fyrrum Austurhérað og Fellahrepp).

Júlí 2007: Skoðunarferð stýrihóps, embættismanna og ráðgjafa um hluta sveitarfélagsins (Fyrrum Norðurhérað).

September 2007 Fundur með öllum nefndum og ráðum bæjarins.

Des. 2007 til jan 2008: Framtíðaráform landeigenda könnuð með spurningablaði. Spurt var um margvísleg afnot af bújörðum.

Janúar 2008: Opið málþing um framtíð Fljótshéraðs.

Febrúar 2008: Íbúafundur á Eiðum, með áherslu á náttúruvernd

Mars 2008: Íbúafundur á Iðavöllum, með áherslu á landbúnað

Apríl 2008: Íbúafundur á Brúarási, með áherslu á ferðaþjónustu

Mái 2008: Íbúafundur í Fellabæ, með áherslu á þéttbýlið

Ágúst 2008: Drög kynnt umsagnaraðilum. Þeir voru:






## AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Byggðastofnun, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Flugmálastjórn Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Húsafríðunarnefnd ríkisins, Kirkjugarðaráð, Landbúnaðarráðuneytið, Landbúnaðarstofnun, Landsnet, Náttúrustofa Austurlands, Norðurþing, RARIK, Seyðisfjarðarkaupstaður, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Skólaskrifstofa Austurlands, Sveitarfélagið Hornafjörður, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin og Vopnafjarðarhreppur.

Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Fornleifavernd, Gunnar Jónsson, Landsnet, Skipulagsstofnun og Vegagerðin.

Október 2008: Skipulagstillagan kynnt íbúum á opnum fundi og veggspjaldasýningu.



Mynd 1.2 Ferli aðalskipulags með umhverfismati

Á myndinni er lýst ferli aðalskipulags ásamt umhverfismati og hvenær gert er ráð fyrir kynningu og samráði í ferlinu. Athygli er vakin á að á myndinni er aðeins gerð grein fyrir kynningu og samráði miðað við kröfur laga, en tilefni getur verið til viðtækara samráðs og kynningar en lög krefjast. (Úr leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar, Leiðbeiningar um umhverfismat áætlna.)



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### 1.3 Uppbygging aðalskipulags

Aðalskipulagið fjallar um einstaka málaflokka sem varða landnotkun í samræmi við skipulags- og byggingarlög og skipulagsreglugerð. Lögð er áhersla á að stefna Fljótshéraðs endurspeglar í öllum málaflokkum þannig að auðvelt sé fyrir stjórnvöld sveitarfélagsins og íbúa alla að nýta sér aðalskipulagið við ákvarðanatöku. Fljótshérað samþykkti árið 2006 víðtæka stefnu þar sem þrjú svið eða stöðir eru lagðar til grundvallar frampróunar í samfélaginu. Þessar stöðir eru velferð, þekking og þjónusta. Við endurskoðun á stefnu sveitarfélagsins á árinu 2007 var ákveðið að bæta við fjórðu stöðinni, umhverfi. Þessar fjórar stöðir eru því lagðar til grundvallar aðalskipulagsáætluninni.

Samhliða vinnu við aðalskipulagið hefur sveitarfélagið unnið að sérstökum stefnum um atvinnumál og umhverfismál og eru þær samþættar aðalskipulaginu.

### 1.4 Staða skipulags á Fljótshéraði

Sveitarfélagið Fljótshérað var stofnað árið 2004 við sameiningu Austur- Héraðs, Fellahrepps og Norður- Héraðs. Héraðið nær yfir um 8.900 km<sup>2</sup> svæði og er landmest sveitarfélag á Íslandi og þar bjuggu 4.037 íbúar þann 1. desember 2007 (Hagstofa Íslands).

Á Fljótshéraði eru í gildi þrjár svæðisskipulagsáætlanir og aðalskipulagsáætlanir eru til fyrir fyrrum Austur-Hérað og Fellahrepp.

Svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998 - 2010 sem nær til alls sveitarfélagsins, auk Borgarfjarðarhrepps og Fljótshrepps var staðfest árið 2001.

Svæðisskipulag Miðhálandisins nær til hluta Fljótshéraðs en það var staðfest 1999 og hafa verið gerðar breytingar á því í tengslum við virkjanaf framkvæmdir á hálandinu.

Í aðalskipulagi Fljótshéraðs gildir sú stefna sem sett er um landnotkun í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 1999 með

áorðnum breytingum, á því svæði Fljótshéraðs sem er skilgreindur hluti af skipulagsvæði miðhálandisins.

Sérstakt svæðisskipulag var unnið fyrir Kárahnjúkavirkjun og staðfest 2002. Þá var einnig unnið sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótshéraðslínur 3 og 4, sem staðfest var 2001.

Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002 - 2017 var staðfest árið 2002.

Aðalskipulag Fellahrepps 2000 - 2012 var staðfest árið 2002 en við gildistöku nýs aðalskipulags falla eldri aðalskipulagsáætlanir úr gildi.

Gert er ráð fyrir að svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010 verði fellt úr gildi.

Skipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga.

### 1.5 Aðalskipulag á Fljótshéraði 2008-2028

Á Fljótshéraði eru viðfangsefni aðalskipulagsins hefðbundin samkvæmt skipulags- og byggingarlögum en sérstök áhersla er lögð á eftir farandi viðfangsefni:

- Umhverfismál í viðum skilningi og samþættingu umhverfisstefnu og aðalskipulags.
- Samgöngur og þjónustukerfi: vegi, stíga fyrir óvarða umferð, flugumferð og boðveitur.
- Atvinnumál og samþættingu atvinnustefnu og aðalskipulags.
- Að yfirvöld sveitarfélagsins geri það sem í þeirra valdi stendur, til þess að íbúar, atvinnurekendur og gestir geti notið landgæða á Fljótshéraði um ókomna tíð.
- Að stefna sé sett skýrt fram, þannig að auðvelt sé fyrir íbúa og stjórnvöld að fylgja henni eftir í umgengi við umhverfið og við mótun byggðar.

### 1.6 Helstu breytingar

Hér fyrir neðan eru nefnd nokkur helstu atriði aðalskipulagsins sem fela í sér breytingar frá eldri skipulagsáætlunum. Athuga ber að þessi upptalning er alls ekki tæmandi og þjónar aðeins þeim tilgangi að sýna í stuttu máli helstu breytingar. Mikilvægt er að kynna sér öll gögn aðalskipulagsins til þess að gera sér grein fyrir ákvæðum þess.

- Gert er ráð fyrir því að byggð þróist einkum til norðurs á Egilsstöðum og leitast við að halda útpenslu þéttbýlis í skefjum.
- Ný lega brúar yfir Lagarfljót er sýnd.
- Sýndur er nýr vegur um Melshorn norðan byggðarinnar á Egilsstöðum, í framhaldi af Seyðisfjarðarvegi.
- Legu þjóðvegur um Fellabæ er breytt frá fyrra skipulagi.
- Sýndur er nýr Upphéraðsvegur sunnan Fellabæjar.
- Skilgreind eru ný athafna- og iðnaðarsvæði á jaðri þéttbýlisins.
- Gert er ráð fyrir lengingu á flugbraut Egilsstaðaflugvallar.
- Gert er ráð fyrir veggöngum til Vopnafjarðar og Seyðisfjarðar.
- Lögð er sérstök áhersla á verndun landbúnaðarlands.
- Mun stærri svæði, einkum skóglendi, eru skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota.
- Efnistökusvæðum fjölgar.



## 2 Einkenni lands og byggðar

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað er landstærsta sveitarfélag á Íslandi og nær yfir um 8.900 ferkílómetra. Íbúar voru 4.073 1. desember 2007 og býr ríflega helmingur þeirra eða um 56% í þéttbýlinu við fljótið, Egilsstöðum og Fellabæ. Sveitarfélagið er því mun dreifbýlla að meðaltali en landið allt þar sem um 93% landsmanna búa í þéttbýli. Á Fljótsdalshéraði er því áberandi hin sterka byggð í dreifbýlinu með blómleg landbúnaðarsvæði og smærri þjónustukjarna á Hallormsstað, Eiðum og Brúarási.

### 2.1 Landslag og byggð

Sveitarfélagið er mjög víðfeðmt en það afmarkast af Jökulsá á Fjöllum í vestri að Biskupshálsi um Möðrudalsheiði og Háreksstaðaheiði, norður Smjörfjöll og Hellsheiði norður í Kollumúla í Héraðsflóa. Að austanverðu afmarkast það frá Bótarhnjúkum sem standa á mörkum Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Djúpavoghrepps, þaðan um Breiðdalsheiði og Austurfjöll í Skriðdal yfir á Fagradal um Gagnheiði og um Austurfjöllin í Gripdeild í Héraðsflóa og Vatnajökli og Öxi í suðri.

Landslag sveitarfélagsins er mótað af samspili jökla og eldgosa, rofkrafta og hlýskeyða og einkennist af fjölbreytileika. Frá skriðjökklum Vatnajökuls renna Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal (Jökla) og Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót sem eru með stærstu vatnsföllum á landinu og hafa haft mikil áhrif á mótun landsins. Láglandið upp af Héraðsflóa með dölum og heiðum var að öllum líkindum mótað af ísaldarjökklum sem hafa skriðið í norðaustur út frá hálendinu og á haf út.

Há og mikilfengleg fjöll setja mikinn svip á landslag Fljótsdalshéraðs, sem er umgirt fjallendi í þrjár áttir. Norðan skriðjökla rísa há fjöll eins og Snæfell (1.833 m) og Kverkfjöll (1.936 m). Að austanverðu eru Austfjarðafjöllin en þar standa Skúmhötturinn (1.229 m), Kistufell (1.239 m) Hötturinn (1.106 m) og Beinageitafjallið (1.107 m) en Dyrfjöll taka svo við. Að vestanverðu rísa Smjörfjöll (1.251 m).

Möðrudalsfjallgarðar eru lægri (víðast undir 1.000 m hæð), þaktir jökluþunngi og teygja sig langleiðina frá Vatnajökli norður á Melrakkaslétu. Milli Héraðs og fjallgarðanna í vestri liggja geysivíðáttumikil grösug heiðalönd. Þar er mikið af vötnum, upptök dragáa sem renna til Héraðs, gróður er ríkulegur og lítið um uppblástur. Vestan við fjallgarðana er jarðvegur hins vegar þurr og víða blásinn.

Strönd Héraðsflóa er um 25 km löng sandfjara og landið upp af flóanum er gróið flatlendi, Úthérað. Þetta svæði einkennist af mikilli gróðursæld, votlendi og birkiskógum.

Eyjarnar eru mikið votlendi með ríku fuglalífi. Þar var ræst fram á árunum 1950-1960 á vegum áveitu- og framræslufélags sveitarinnar.

Stór hluti sveitarfélagsins er óbyggður enda er um helmingur af flatarmáli sveitarfélagsins hálendi með jökklum, vötnum og lítt grónu landi.

Landslag á Fljótsdalshéraði er þannig einkum mótað af náttúruöflunum en áhrif búsetu eru líka augljós.

Í gróðursælli hluta sveitarfélagsins er blómleg landbúnaðarbyggð en alls eru í sveitarfélaginu um 260 lögbýli og þar af 118 býli í ábúð.

Á miðju héraðinu er mesta þéttbýlið, Egilsstaðir austan Lagarfljóts og Fellabær vestan en smærri kjarnar á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað.

Landslag, byggð og saga eru samtvinnuð. Búsetuform og landnýting breytast í tímans rás en ásamt náttúruöflunum móta þau landið og sagan verður til um leið.





## 2.2 Jarðfræði

Berggrunnur Austurlands er að mestu samsettur úr basísku gosbergi. Á Austurlandi eru víða útkulnaðar megineldstöðvar sem hafa mjög fjölbreyttar gosmyndanir úr basísku og súru bergi ásamt setbergi.

Eldri jarðlög eru yfirleitt úr blágrýti með rauðleitum lögum á milli úr gosösku en yngri jarðlög eru mun fjölbreyttari með setlögum frá áframurði og jökulbergslög. Austfjarðafjöll og Smjörfjöll eru tertíermyndanir sem urðu til fyrir ísöld og er elsta bergið næst hafi um 13-14 milljón ára gamalt. Á þessum svæðum hafa megineldstöðvar verið virkar um langt skeið og eru jarðlög að mestu úr basalti með litríkt líparít inn á milli.

Jarðlög eru yngri eftir því sem vestar dregur, þar hafa jökulskeiðin haft meiri áhrif á mótun lands. Í fjallgördunum sem ganga frá Brúarjökli norður á Melrakkasléttu má víða sjá bólstraberg og móberg, sem verður til við gos undir jökli og hefur mótast á síðustu jökulskeiðunum. Möðrudalsfjallgarðar, Þríhyrningsfjallgarðar og Kverkfjallaslóð hafa myndast á gossprungum, líkt og smærri aflöng fell austan þeirra.

Snæfell (1.833 m) og Kverkfjöll (1.860 m) eru megineldstöðvar og helsta gosefnið er basalt, en þar er einnig að finna líparít og andesít.


Jarðhitasvæði eru einkum að finna í yngri hluta jarðlaga, sprungusveimi Kverkfjallarana. Þó býr þéttbýlið við fljótið svo vel að þar er að finna jarðhita í Urriðavatni þaðan sem Hitaveita Egilsstaða sækir hitann.

Mynd 2.1 Landhæð á Fljótshéraði.

Grænt: 0 – 200 m.y.s.

Gulbrúnt: 200 – 400 m.y.s.

Brúnt: Yfir 400 m.y.s.






### 2.3 Gróðurfar

Mikið er af góðu beitarlendi í Fljótsdalshéraði, þó hefur orðið nokkur jarðvegseyðing sérstaklega á Brúaröræfum og á Jökuldalsheiði. Láglandi er einnig vel gróið en sums staðar gætir uppblásturs vegna beitarlags í gegnum tíðina, beitarríðun hefur þó haft mikið að segja. Skörp skil eru á grónu landi til austurs og auðnum til vesturs, sem markast af Möðrudalsfjallgarði og Þríhryningsfjallgarði. Land vestan þessara marka einkennist mest af auðnum en þó er þar að finna gróðurvinjar í lægðum.

Ýmis konar fjallajurtir finnast á svæðum þar sem samfelldur gróður er ekki fyrir hendi. Gróðurmörk liggja hærra eftir því sem lengra dregur inn til landsins, í allt að 800 m hæð. Hánorrænar fjallaplöntur finnast ofan þessara marka allt upp í 1600 metra hæð í Snæfelli. Einnig að finna plöntur sem segja má að séu einkennisplöntur þessa landshluta og má þar nefna bláklukku og gullsteinbrjót. Nokkrar plöntur eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands: Ferlaufungur, fjallkrækill, klettaburkni, ljósalyng og lyngbúi og súrsmæra.

Víða er að finna birkiskóglendi í hlíðum, einkum á austanverðu Héraði. Þar hafa fundist óvenjumargar fléttutegundir og sjöstjarna finnst víða í skógarbotnum. Þjóðskógurinn Hallormsstaðaskógur er þekktastur skóga á Héraði og stærsti samfelldi skógur á landinu, sem þekur um 1.900 ha samtals. Stór hluti hans hefur verið friðaður fyrir beit í rúmlega 100 ár. Í honum er því víða ríkulegur botngróður og mikið er um ber og sveppi. Á Hallormsstað eru gróðursettir trjálundir ýmissa innfluttra tegunda, alls um 100 tegundir víðs vegar að úr heiminum.

Mynd 2.2 Gróðurfar á Fljótsdalshéraði, Nyttjaland 2007





## 2.4 Dýralíf

Hreindýr eru sérkenni Austurlands en þar ganga þau villt um heiðar. Stofninn, 35 dýr, var fluttur til landsins 1787 og hefur stærð hans sveiflast mikið í gegnum tíðina. Vetrarstofn 2007-2008 er um 4.600 dýr.

Dýrin halda sig að mestu á svæðinu frá Vopnafjarðarheiðum og suður í Suðursveit. Á sumrin heldur rúmur helmingur stofnsins sig norðan og norðaustan Brúarjökuls (Snæfellsjörð) en afgangurinn á Austfjörðum. Á veturna færa þau sig út heiðar og dali og leita til byggða ef harðnar í ári.

Við ósa Jöklu er mjög stórt selalátur sem telur á milli 400-600 urtur, en talið er að ósasvæði Jöklu muni breytast vegna virkjunar. Fjallarefur er útbreiddur á heiðunum og lifir m.a. á heiðagæs, rjúpu og hræjum af hreindýrum og kindum.

Algengasti varpfluglinn á heiðunum er heiðagæs en geldfluglar halda sig í stórum hópum við Eyjabakka- og Brúarjökul síðsumars. Á þessu svæði er gróið land farið að láta á sjá eftir gæsina. Álftir eru einnig áberandi á hálendinu. Þær verpa við vötnin á heiðunum ásamt mörgum andategundum .

Á láglandisflæmi Úthéraðs er mjög fjölbreytt fuglalíf og varpstöðvar stórra fuglastofna, m.a. stærsta samfellda kjóavarp í heimi . Nokkrar tegundir á svæðinu eru sjaldgæfar á landsvísu og eru á válista. Þær eru flórgoði, gargönd, skeiðönd, hrafnsönd, fálki, brandugla, gulönd og stormmáfur.

Aðrar tegundir á válista sem verpa á svæðinu, eru grágæs, hrafn, svartbakur, grafönd og straumönd.

Í Hallormstaðaskógi er einnig fjölskrúðugt líf fugla sem eiga kjörsvæði í skóglendi: glókollur, músarindill, auðnutittlingur og skógarþróstur.

## 2.5 Veðurfar

Veðurfar á Fljótshéraði er nokkuð breytilegt eftir svæðum enda er sveitarfélagið það víðfeðmasta á landinu. Gróflega má skipta sveitarfélaginu í 5 veðursvæði. Á héraði og Jökuldal eru stillur og veðursæld sem á sér skýringar í meginlandsáhrifum sem gættir inn til landsins, það þýðir að hitasveifla milli hlýjasta og kaldasta mánaðar ársins er mun meiri en við sjóinn. Þó er kaldara inn á Jökuldal vegna hærri legu. Í Skriðdal gættir einnig meginlandsáhrifa en jafnframt mikillar úrkomu, sérstaklega í SA- og A-átt sem greinir svæðið frá Héraði og Jökuldal. Þriðja svæðið, Úthéraðið, einkennist af mun meiri úrkomu og snjóþyngslum. Þar gættir úthafsloftslags. Hálendinu má svo skipta upp í tvö veðursvæði eftir því hvort úrkoma er mikil eða lítil. Vesturhluti hálendisins, vesturfjallgarðarnir er úrkomulítið landssvæði. Á austurhluta svæðisins t.d. Fljótshéraði, er úrkoma aftur á móti mun meiri .



## 2.6 Náttúruvá

### 2.6.1 Ofanflóð – snjóflóð og aurskriður

Byggð í sveitarfélaginu er einkum á flatlendi og því lítil hættu á að snjóflóð og aurskriður geti valdið mannskaða eða eignatjóni. Þó eru þekkt ofanflóð í dalbotnum, svo sem í Skriðdal. Ekki liggur fyrir hættumat vegna ofanflóða á Fljótshéraði en við gerð deiliskipulags og útgáfu byggingar- og eða framkvæmdaleyfa í eða við fjallshlíðar þarf að gera staðbundið hættumat. Sérstaklega er vert að hafa þetta í huga við skipulagningu frístundabyggða.

### 2.6.2 Flóðahætta

Í gegnum tíðina hafa orðið nokkur flóð í Lagarfljóti sem hafa valdið tjóni á landi og mannvirkjum. Árið 1968 varð flóð vegna langvinnra rigninga og fór brúin yfir fljótið á kaf um tíma og flæddi yfir báða enda flugbrautarinnar. Bændur á Héraði urðu fyrir allmiklu tjóni þar sem ár flæddu yfir tún og engi.

Yfirborð fljótsins hækkaði verulega þrisvar á nokkrum mánuðum veturinn 2002-2003 vegna óvenju mikilla hlýnda miðað við árstíma. Haustið 2002 náði vatnsborð Lagarfljóts sögulegu hámarki, 22,99 metrum. Talið er að vatnsborðið hafi farið enn hærra fyrr á öldum.

Ekki er til greining á mögulegum flóðasvæðum við Lagarfljótið en hún er fyrirhuguð undir umsjá Orkustofnunar. Viðbragðsáætlun hefur verið gerð vegna mögulegs stíflurofs í Jökulsá á Brú ásamt korti yfir áhrifasvæði (Landsvirkjun).

Rennsli úr Háslóni Kárahnjúkavirkjunar mun hafa þónokkur áhrif á rennsli í Fljótinu, Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótshéraði, ýmist minnka eða auka rennsli. Rennsli mun aukast í Lagarfljóti eftir Kárahnjúkavirkjun vegna veitu vatns frá Háslóni yfir í Fljótshéraði.




## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Flóð vegna stíflurofs flóðvars Háslóns, Kárahnjúkastíflu, Desjararstíflu, Sauðárdalsstíflu, Ufsarstíflu og Kelduárstíflu hafa verið metin og viðbragðsáætlun gerð.

### 2.6.3 Eldvirkni og jarðskjálftar

Vesturhluti Fljótsdalshérað liggur í jaðri hins virka gos- og gliðnunarbeltis Íslands. Meginhluti sveitarfélagsins er þó utan eldvirkra svæða. Kverkfjöll eru í austurjaðri hins virka gos- og gliðnunarbeltis og eru dæmigerð megineldstöð með öskjum, háhitasvæði og miklum sprungusveimi til norðurs í Kverkfjallarana. Snæfell hefur myndast á hliðarbelti við aðalgosbelti landsins og telst virk megineldstöð. Þrátt fyrir að eldvirkni sé ekki mikil í sveitarfélaginu er það nálægt öðrum eldvirkum svæðum, svo sem Vatnajökli og Öskju. Askja gaus 1875 og hafði þá veruleg áhrif í landi sveitarfélagsins. Við slík stórgos yrðu áhrif á sveitarfélagið í forni jökulhlaupa og öskufalls.



*Virkar megineldstöðvar ásamt sprungusveimum*

Ekki er talin hætta á stórum jarðskjálftum á Fljótsdalshéraði. Sérstakar aðstæður geta þó breytt skjálftavirkni, svo sem þekkt er vegna stórra stíflna eins og Kárahnjúkavirkjunar.

### 2.7 Íbúar og atvinnulíf

Íbúapróun á Austurlandi var svipuð og á landinu öllu á 20. öld þar sem fjölgun í þéttbýli hefur orðið á kostnað íbúafjölda í dreifbýli. Ekki urðu miklar sveiflur í íbúafjölda í landshlutanum á síðari hluta 20. aldar en íbúum á Fljótsdalshéraði hefur fjölgað jafnt og þétt. Sérstakar aðstæður vegna framkvæmda við Kárahnjúkastíflu sem hófust árið 2002, hafa leitt til mikillar tímabundinnar fjölgunar íbúa á svæðinu. Tillit er tekið til þessara aðstæðna í umfjöllun um íbúapróun í 6. kafla.

Atvinnulíf er blómlegt á Fljótsdalshéraði. Þar hefur atvinnuleysi yfirleitt verið undir landsmeðaltali en atvinnutekjur þó lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Líkt og annars staðar á landinu hefur þróun atvinnulífsins á Fljótsdalshéraði birst í aukningu á þjónustu- og iðngreinum á meðan fækkar í frumvinnslugreinum og nú starfa flestir íbúar héraðsins við þjónustu og opinbera starfsemi. Stærsti þjónustukjarninn er í þéttbýlinu við Fljótið, á Egilsstöðum og í Fellabæ.

Á Austurlandi er stöðugt unnið að því að auka fjölbreytni í atvinnulífi til þess að sporna gegn flutningi fólks af svæðinu og jafnframt til að laða nýja íbúa til búsetu á Fljótsdalshéraði.



### 3 Stefna Fljótshálsaþinga

#### 3.1 Gildi

Framtíðarsýn Fljótshálsaþinga byggir á tveimur gildum, framsækni og virðingu.

Þessi gildi eru leiðarljós í allri starfsemi sveitarfélagsins.

#### 3.2 Sýn

Það eiga alla tíð að vera sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði að búa á Fljótshálsaþingi, njóta þeirrar fögru náttúru og örugga umhverfis sem þar er og taka þátt í að búa núverandi og komandi kynslóðum fyrirmyndarsamfélag.

Í framtíðarsýn Fljótshálsaþinga er horft til ársins 2028. Skýr stefna og metnaðarfull verkefni hafa þá treyst lífsgæði íbúanna og mótað framsækið og vaxandi sveitarfélag sem skilar íbúum og íslensku þjóðfélagi margþættum ávinningi á sviði þekkingar, þjónustu, velferðar og umhverfismála. Þetta eru hinar fjórar stoðir Stefnu Fljótshálsaþinga.

Hér fer á eftir nánari útfærsla á stoðunum og þeim áherslum sem þeim tilheyra.

#### 3.3 Þekking

Það er stefna Fljótshálsaþinga að efla sveitarfélagið sem framsækið þekkingardrifið samfélag þar sem verðmætasköpun og vöxtur byggir á markvissri hagnýtingu og miðlun reynslu og þekkingar hjá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Það er stefna Fljótshálsaþinga að allar menntastofnanir í sveitarfélaginu verði í stöðugri þróun og byggðar upp og reknar af metnaði og framsýni. Í þeim verði jöfnum höndum lögð áhersla á að þroska siðvit, bókvit og verkvit einstaklinganna. Nýsköpunar- og þróunarstarf verði mikilvægur þáttur í starfi nemenda og starfsfólks skólanna.

Það er stefna Fljótshálsaþinga að sveitarfélagið verði ávallt meðal þriggja öflugustu þekkingarsvæða á landinu. Mikilvægur liður í því er uppbygging þekkingarseturs og háskóla á Egilsstöðum þar sem gert er ráð fyrir öflugum þekkingarstarfi og samþættingu rannsóknarstarfsemi, háskólamenntunar og nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs.

##### 3.3.1 Áherslur

Árið 2028 er þekkingarstarfsemi einn af mikilvægustu undirstöðu- og áhrifaþáttum á Fljótshálsaþingi.

- Grunnskólar, leikskólar og framhaldsskólar í sveitarfélaginu eru virtir fyrir metnaðarfullar og nýstárlegar leiðir í menntun og uppeldi nemenda og starfsemi á sviði nýsköpunarkennslu og umhverfismála. Skólastofnanirnar hafa með sér virkt samstarf sem tryggir samfelli í námi og heildstætt náms- og starfsumhverfi.
- Listnám og skapandi greinar eru áberandi í starfi leik- og grunnskóla sveitarfélagsins. Listgreinaskóli er orðin virk stoð í listnámi og skapandi uppeldi íbúanna. Sveitarfélagið og sú aðstaða sem það hefur upp á að bjóða er eftirsóttur vettvangur fyrir alþjóðlega viðburði og námskeið á sviði menningarstarfsemi.
- Háskóli er starfræktur í sveitarfélaginu. Í honum fer fram akademísk starfsemi, vísindalegar rannsóknir og staðbundin kennsla auk þess sem þar er unnið að fjölbreyttum verkefnum og svæðisbundnum viðfangsefnum. Skólinn er leiðandi í rannsóknum á samspili þróunar þekkingarsamfélags og umhverfismála.
- Þekkingarsetur á Egilsstöðum hefur byggst upp sem mikilvæg miðstöð rannsókna, nýsköpunar og þróunarstarfs. Þekkingarsetrið hýsir allar helstu rannsóknarstofnanir á Austurlandi og þar er öflugur rannsóknar- og nýsköpunarklassi á sviði þjónustu.

- Sí- og endurmenntun fellur að þörfum einstaklinga og samfélags og styður við sífellda þróun atvinnulífsins, enda er aðgangur greiður að öflugum neti menntastofnana.
- Starfsnámsbrautir og starfstengt nám, meðal annars í efri bekkjum grunnskólanna, er öflugt í sveitarfélaginu. Það hefur verið byggt upp í samstarfi við atvinnulífið og leggur meðal annars áherslu á samþættingu verknáms og þjónustustarfsemi.

#### 3.4 Þjónusta

Það er stefna Fljótshálsaþinga að búa sem best í haginn fyrir almennan atvinnurekstur og þjónustu við íbúa. Fjölbreytt og örvandi samfélag, fagurt umhverfi í byggð og náttúru og vönduð stjórnsýsla geri búsetu og starfsemi á Fljótshálsaþingi eftirsóknarverða og framsækna.

Það er stefna Fljótshálsaþinga að byggja eigin þjónustu upp með framsæknum hætti og tryggja að gæði hennar séu ætíð sambærileg við það besta sem þekkið. Þjónusta sveitarfélagsins á að vera aðgengileg og skilvirk og öðrum þjónustuaðilum í sveitarfélaginu gott fordæmi.

Það er stefna Fljótshálsaþinga að vera miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi og eitt af öflugustu kjarnasvæðum á landinu. Með nýjum miðbæ á Egilsstöðum vill sveitarfélagið leggja sitt af mörkum til að bæta þjónustu og lífsgæði íbúa á Austurlandi öllu.

##### 3.4.1 Áherslur

Árið 2028 er fjölbreytt úrvalþjónusta og framsækið atvinnulíf eitt mikilvægasta einkenni Fljótshálsaþinga

- Miðbær Egilsstaða, með glæsilegu stjórnsýslu- og menningarhúsi, fjölbreyttri atvinnustarfsemi og iðandi mannlífi er ein öflugasta miðstöð menningarstarfsemi, verslunar og þjónustu á landsbyggðinni.





## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

- Egilsstaðaflugvöllur er öflugur alþjóðaflugvöllur og fólks- og vöruflutningar í millilandflugum hafa opnað enn frekar fyrir alþjóðleg samskipti sem eftir hefur ferðaþjónusta svo og aðra þjónustu og verslun á Austurlandi öllu.
- Samgöngur um jarðgöng hafa stækkað atvinnu- og þjónustusvæðið og eftir FljótSDalshérað sem landshlutamiðstöð á Austurlandi.
- Ferðaþjónusta er ein lykilatvinnugreina í sveitarfélaginu. Starfrækt er öflug afþreyingarþjónusta þar sem meðal annars þjóðgarður og hálendi svæðisins, Hallormsstaðaskógur, Lagarfljótið og menningartengd starfsemi gegna lykilhlutverki.
- Öflugur landbúnaður og framsækin matvælaframleiðsla hefur byggst upp á grundvelli sérstöðu og nýstárlegra nytja náttúruauðlinda svæðisins sem jafnframt styrkir ferðaþjónustutengda starfsemi.
- Þjónusta sveitarfélagsins er þekkt fyrir skilvirkni og framsækni og greiðan aðgang íbúanna að stjórnsýslunni, meðal annars í gegnum upplýsingavef sveitarfélagsins. Sveitarfélagið vinnur að því í samstarfi við fyrirtækin að skapa atvinnulífina sem hagstæðust skilyrði til kraftmikillar og metnaðarfullrar starfsemi.

### 3.5 Velferð

Það er stefna FljótSDalshéraðs að byggja upp samfélag sem grundvallast á lífsgæðum og velferð íbúanna. Hvort tveggja er mikilvæg forsenda hamingju og þroska þeirra þannig að mannauður eflist, fjölskyldur og einstaklingar dafni og atvinnulíf og frumkvæði blómstri.

Það er stefna FljótSDalshéraðs að íbúar sveitarfélagsins séu meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart sjálfum sér, meðborgurum sínum og umhverfi. Sveitarfélagið vill í samstarfi við íbúa og opinbera aðila stuðla að enn frekari samábyrgð, öryggi og frelsi í samfélaginu.

Það er stefna FljótSDalshéraðs að leita sífellt nýrra leiða sem tryggja virkt samráð sveitarfélagsins, íbúanna og opinberra aðila um þróun samfélagsins. Sveitarfélagið verði í fararbroddi í þróun nýrra leiða á sviði velferðarmála í þéttbýli og dreifbýli.

#### 3.5.1 Áherslur

Árið 2028 er FljótSDalshérað þekkt sem samfélag velferðar þar sem íbúarnir njóta hæfileika sinna, stuðnings og hvatningar samfélagsins

- Lýðræðisleg þátttaka íbúanna er einkennandi varðandi ákvörðunartök um mótun og þróun samfélagsins.
- Félagssleg þjónusta á flestum sviðum er veitt sem nærþjónusta þar sem FljótSDalshérað hefur leitast við að yfirtaka verkefni frá ríkisvaldinu, enda skipar sveitarfélagið sér í hóp þeirra samfélaga sem lengst hafa náð í uppbyggingu velferðarþjónustu.
- Heilbrigðisþjónusta í sveitarfélaginu hefur stóreflst og bætt búsetuskilyrði og öryggi íbúanna á Austurlandi öllu. Á grundvelli nálægðar við Egilsstaðaflugvöll hefur verið byggð upp bráðamóttaka auk sérhæfðar endurhæfingardeildar og öldrunarþjónustu.
- Aðstaða til heilsuræktar og heilbrigðs lífneris er fjölbreytt og íbúar taka virkan þátt í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi. Unnið er að eflingu vitundar um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
- Samábyrgð einkennir samfélagið þar sem stofnanir sveitarfélagsins, foreldrar, börn, unglingar og fullorðnir leggja sitt af mörkum til að skapa öryggi og traust. Lögð er áhersla á að byggja brýr milli kynslóða.
- Jafnrétti er haft til grundvallar í öllum ákvörðunartökum sveitarfélagsins. Allir hafa tækifæri til að nýta möguleika og sérstaka hæfileika sína og starfsgetu.

### 3.6 Umhverfi

Það er stefna FljótSDalshéraðs að vera öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum. Lögð er áhersla á samstarf við íbúa og fyrirtæki og ábyrgð þeirra í að skapa sveitarfélaginu snyrtilega og fagra ásýnd. Í starfsemi sveitarfélagsins er litið á umhverfismál sem framtíðartækifæri.

Það er stefna FljótSDalshéraðs að stuðla að og efla þá sérstöðu sveitarfélagsins sem felst í grænni ímynd. Græna ímyndin er auðlind og byggir á náttúru svæðisins, fjölbreyttum landbúnaði, samfélaginu og samspili dreifbýlis og þéttbýlis.

Það er stefna FljótSDalshéraðs að standa vörð um fjölbreytni svæðisins hvað varðar lífríki og landslag.

#### 3.6.1 Áherslur

Árið 2028 er FljótSDalshérað samfélag þar sem virðing fyrir umhverfi og samfélagi er einkennandi meðal íbúanna og auðlindanotkun er í takt við hringrás náttúrunnar

- Fráveitu- og úrgangsmál í sveitarfélaginu byggja á umhverfissvænum lausnum sem skipa því í fremstu röð á þessu sviði. Þjónusta sveitarfélagsins við íbúa og fyrirtæki miðar að því að þeim úrgangi sem myndast sé komið í endurnotkun og endurnýtingu um leið og áhersla er lögð á að dregið sé með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins og unnt er.
- Skipulag landnotkunar og byggingarframkvæmdir grundvallast á því að valda sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, m.a. er tillit tekið til fjölbreytileika lífríkis. Lögð er áhersla á umhverfissvænar lausnir í hönnun mannvirkja og að þau falli sem best að svipmóti landslags og náttúru sem fyrir er. Við efnistöku á byggingarsvæðum og frágang þeirra eru umhverfisleg sjónarmið höfð að leiðarljósi og þess gætt að jarðvegsefni séu nýtt sem næst efnistöku.



## AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

- Náttúruverndarsvæði hafa verið skilgreind í aðalskipulagi og með hliðsjón af Náttúruverndaráætlun. Vatnajökulsþjóðgarður og önnur vernduð svæði í sveitarfélaginu eru mikilvægt framlag til varðveislu einstæðrar náttúru fyrir komandi kynslóðir auk þess sem þau skapa sérstakar aðstæður til upplifunar fyrir íbúa og gesti þeirra.
- Ásýnd byggðar og umhverfis endurspeglar metnað sveitarfélagsins. Markvisst samstarf við íbúa og fyrirtæki miðar að aukinni þekkingu, frumkvæði og ábyrgð gagnvart umhverfinu.
- Auðlindanotkun sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja miðar að því að draga sem mest úr notkun jarðefnaeldsneytis um leið og áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa. Innkaupastefna sveitarfélagsins byggir á notkun umhverfsvottaðra vara og framleiðslu í heimabyggð.
- Umhverfisstefna hefur verið tekin upp í öllum stofnunum sveitarfélagsins. Skólastofnanirnar skarta viðurkenningum fyrir framsækið umhverfisstarf auk þess sem íbúar sveitarfélagsins hafa tileinkað sér umhverfsvænan lífsstíl, meðal annars með þátttöku í umhverfisverkefnum.





## 4 Nýting og verndun

### 4.1 Nýting landgæða

#### 4.1.1 Forsendur

Fljótshérað er öflugt landbúnaðarsvæði enda skilyrði til landbúnaðar svo sem veðurfar, góð. Sauðfjárrækt, mjólkurframleiðsla, hrossarækt, skógrækt og matjurtarækt dafna hér vel. Sauðfjárrækt hefur staðið frekar styrkum fótum þar sem heiðar og afréttir eru grösugar og gefa vel af sér. Hagstæð skilyrði til skógræktar gera það að verkum að skógarbúskapur er öflug aukabúkgrein hjá mörgum bændum en Héraðsskógaverkefnið hefur verið í gangi síðan 1992.

Lögbýli eru rúmlega 260 í sveitarfélaginu, þar af 118 í ábúð. Mjólkurframleiðendur eru um tuttugu, kindakjötsframleiðendur eru um hundrað og samningur um skógrækt er á yfir 90 lögbýlum.

Árið 2006 var fjöldi búfjár á Fljótshéraði sem hér segir: Nautgripir 1.468, sauðfé 26.271 og hross 786. Ef miðað er við sama svæði árið 2000 hefur nautgripum fækkað um fjórðung, sauðfé haldist jafnmargt og hrossum fækkað um þriðjung.

Hvarvetna í heiminum er vaxandi krafa gerð til landbúnaðar um að annars vegar sé land nýtt á ábyrgan og sjálfbæran hátt og að hollusta og gæði matvæla séu tryggð. Hvort tveggja varðar hagsmuni alls almennings og er því að nokkru leyti á ábyrgð stjórnvalda. Hagnýting lands, þar sem ræktunarskilyrði eru góð, eru þannig frumforsenda fyrir framleiðslu hollra og góðra matvæla og varðar almannaheill.

Almennt er vaxandi ásókn í land bújarða til annarra nota, svo sem fyrir frístundabyggð, skógrækt og ýmsa landfreka afþreyingu. Erfitt getur reynst að endurheimta slík svæði til landbúnaðarnota ef þörf krefur.

Ætla má að þorri íbúa á Fljótshéraði vilji að landbúnaður haldi hlut sínum til þess að halda lífi og byggð í sveitum og að þar verði áfram matvælaframleiðsla.

Héraðsskógar og Austurlandsskógar stjórna og skipuleggja uppbyggingu skógræktar á Fljótshéraði sem sjálfstæðrar atvinnugreinar meðal bænda. Landbúnaðarskógrækt hefur verið vaxandi sem atvinnugrein frá árinu 1992 og ári 2007 voru 92 jarðir samningsbundnar í verkefninu. Plantað hefur verið í 5.000 ha en gerðir hafa verið samningar um plöntun í samtals 12.000 ha á næstu árum. Skógrækt í 200 ha og yfir er háð mati á umhverfisáhrifum. Nykjaskógrækt á lengsta hefð á Héraði og líður að því að nýta megi elsta skóginn og er verið að leita leiða í nýtingu afurða.

Afréttanot er sá nýtingarþáttur sem á sér lengsta hefð á hálendinu. Dregið hefur úr beitarálagi og unnið hefur verið að beitarfriðun einstakra svæða. Samkvæmt gildandi svæðisskipulagi er stefnt að því að taka upp beitarstjórnun, beitarfriðun og/eða heftingu gróðurs- og jarðvegsrofs í samræmi við landgæði á viðkvæmustu svæðum miðhálandisins.

Skóglendi setur mikinn svip á héraðið enda er þar einn þekktasti skógur landsins, Hallormsstaðaskógur. Skógur hefur aukist mjög á síðustu árum bæði vegna aukinnar beitarfriðunar sem og vegna umfangsmikillar skógræktar í tengslum við Héraðsskógaverkefnið.

Þá hafa fallvötn í sveitarfélaginu verið nýtt til raforkuframleiðslu en í sveitarfélaginu er stærsta stíflumannvirki á landinu, í Jöklu við Kárahnjúka.

Nýting jarðefna er töluverð í sveitarfélaginu og efnistökusvæði eru víða, einkum í tengslum við vegagerð.

Umhverfi allt á Fljótshérað hefur einnig aðdráttarafi fyrir ferðafólk og ein tegund landnýtingar er ferðamannaþjónusta sem byggir þannig á landgæðum, landslagi og veðurfari á svæðinu.

#### 4.1.2 Stefna

Það er stefna Fljótshéraðs að stuðla að og efla þá sérstöðu sveitarfélagsins sem felst í grænni ímynd. Græna ímyndin er auðlind og byggir á náttúru svæðisins, fjölbreyttum landbúnaði, samfélaginu og samspili dreifbýlis og þéttbýlis.

Það er stefna Fljótshéraðs að standa vörð um fjölbreytni svæðisins hvað varðar lífríki og landslag.

Öflugur landbúnaður og framsækin matvælaframleiðsla byggist upp á grundvelli sérstöðu og nýstárlegra nýtja náttúruauðlinda svæðisins sem jafnframt styrkir ferðaþjónustutengda starfsemi.

Sveitarfélagið leitast við að styðja forsendur matvælaframleiðslu í dreifbýli. Ákvarðanir um aðgengi, landnotkun, almannaveitur og fjarskipti skulu endurspegla þann stuðning eftir því sem kostur er. Sama gildir um starfsemi sem með samlegðaráhrifum styrkir forsendur vistvænnar matvælaframleiðslu, s.s. ferðaþjónustu og fullvinnslu matvæla sem stunduð er á landbúnaðarsvæðum og í nágrenni þeirra.

Gott ræktunarland skal ekki tekið til annarrar notkunar en matvælaframleiðslu nema vegna almannahagsmuna. Stefnt skal að auknum landbúnaði sem ógnar hvorki umhverfi né sérstæðum náttúruminum.

Sérstaklega skal þess gætt að rýmisfrek landnotkun eins og frístundabyggð eða búgarðabyggð ógni ekki hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu.

Gæta skal þess að áhrif umfangsmikillar nýræktar séu metin áður en í hana er ráðist.

Fljótshérað leitast við að eiga gott samstarf við landeigendur og ábúendur jarða í sveitarfélaginu.



### 4.1.3 Framfylgd stefnu

Unnið hefur verið heildaryfirlit yfir helstu einkenni landslags í héraðinu, Náttúrumæaskrá Fljótsdalshéraðs 2008, og verður það haft til hliðsjónir við ákvarðanatöku um landnotkun.

Áætlanir um umfangsmikla nýrækt, þar með talið skógrækt, sem ætla má að muni breyta vistkerfum svæða skal tilkynna til skipulags- og byggingarnefndar í formi fyrirspurnar með greinargóðum upplýsingum um umfang og fyrirjáanleg áhrif. Skipulags- og byggingarnefnd getur ákveðið hvort viðkomandi nýrækt skuli háð framkvæmdaleyfi eða ekki. Við ákvarðanatöku skal leitað álits Náttúrustofu Austurlands.

Við ákvarðanir um lausn lands úr landbúnaðarnotum skal þess gætt að ekki sé gengið á gott ræktunarland. Leita skal umsagnar fagaðila eftir atvikum.

Ekki er gert ráð fyrir mengandi framleiðsla eins og þau leiddi verði heimilað í sveitarfélaginu.

Við samþykkt deiliskipulags í dreifbýli skal tryggt að í skilmálum sé gerð grein fyrir hvernig mið er tekið af landslagi og náttúru og hvernig ásýnd og yfirbragð mannvirkja sé í góðu samræmi við staðhætti og byggingahefð.

## 4.2 Náttúruvernd

### 4.2.1 Forsendur

Fljótsdalshérað býr yfir fjölbreytni náttúru og lífríkis sem er mikilvæg á landsvísu.

Í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 eru náttúruminjar og náttúruverndarsvæði skilgreind, en það eru friðlýst svæði (þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti) og önnur svæði eða lífverur sem tilgreind eru á náttúruminjaskrá eða eru vernduð samkvæmt öðrum lögum. Einnig njóta tilteknar tegundir jarðmyndana og vistgerða sérstakrar verndar en það á m.a. við mýrar, flóa, stöðuvötn, fossa og leirur.

Vestasti hluti skipulagssvæðisins einkennist af víðáttumiklum og lítt grónum sandauðnum. Landið með Jökulsá á Fjöllum suður í Krepputungu og suður á jökul við Kverkfjöll er skilgreint sem náttúruverndarsvæði sem njóti verndar út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Þetta er hluti af stærsta víðerni landsins sem nær vestan frá Skjálfandafjótí, frá Mývatnsóræfum, um Ódáðahraun allt suður á Vatnajökul og austur á Brúaröræfi. Einnig er svæðið frá Kringilsárrana, um Vesturöræfi, Snæfell og Eyjabakka (í Fljótsdalshreppi) skilgreint sem náttúruverndarsvæði. Frá Jökulsá á Fjöllum með jökuljaðrinum austur á Hraunasvæðið eru nokkur svæði friðlýst eða á náttúruminjaskrá.

Á Fljótsdalshéraði hafa tvö svæði verið friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga og 16 svæði eru á náttúruminjaskrá, sjá töflu í kafla 9.

Umhverfisstofnun er skylt samkvæmt lögum að gera náttúruverndaráætlun fyrir landið allt sem tryggir net verndarsvæða og lágmarksvernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni. Við gerð þessarar aðalskipulagstillögu voru friðlýsingartillögur Umhverfisstofnunar skoðaðar í samráði við staðkunnuga náttúrufræðinga og stefna mörkuð um afmörkun friðlýstra svæða sem talin eru upp í 9. kafla og sýnd á þemaupprætti.

Náttúrumæaskrá Helga Hallgrímssonar gefur yfirlit yfir svæði sem skara fram úr hvað snertir landslag eða lífríki og talin sérstök ástæða til að halda verndarhendi yfir, einkum svokölluð náttúrukjósn. Þar er að finna staði á náttúruminjaskrá en einnig fleiri svæði.

Á síðustu öld var unnið markvisst að framræslu votlendis til ræktunar á Íslandi. Þegar styrkveitingar lögðust af var búið að ræsa fram stóran hluta alls votlendis á láglandi. Votlendi er gegnir mikilvægu hlutverki við miðlun vatns, hringrás næringarefna, bindingu kolefnis auk þess sem það stuðlar að líffræðilegum fjölbreytileika. Þess vegna er nú víða unnið markvisst að endurheimt votlendis.

Á Fljótsdalshéraði hófst framræsla nokkuð seint og eru nokkuð stór samfelld svæði lítið eða óröskuð, einkum á Úthéraði. Á Fljótsdalshéraði hefur votlendi verið endurheimt með góðum árangri, t.d. í Hrollaugsstæðabla, Vallanesi og Álftavatni á Héraði. Nokkur svæði á náttúruminjaskrá eru votlendissvæði og er Úthérað tilnefnt á náttúruverndaráætlun m.a. vegna votlendis.

Samkvæmt lögum nr. 60/2007 hefur Vatnajökulsþjóðgarður verið stofnaður og mun byggjast upp á næstu árum. Þjóðgarðurinn er að hluta innan sveitarfélagsins og verður aðgengi að honum meðal annars frá Fljótsdalshéraði.

### 4.2.2 Stefna

Það er stefna Fljótsdalshéraðs að vera öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum. Lögð er áhersla á samstarf við íbúa og fyrirtæki og ábyrgð þeirra í að skapa sveitarfélaginu snyrtilega og fagra ásýnd. Í starfsemi sveitarfélagsins er litið á umhverfismál sem framtíðartækifæri.

Það er stefna Fljótsdalshéraðs að stuðla að og efla þá sérstöðu sveitarfélagsins sem felst í grænni ímynd. Græna ímyndin er auðlind og byggir á náttúru svæðisins, fjölbreyttum landbúnaði, samfélaginu og samspili dreifbýlis og þéttbýlis.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Það er stefna Fljótisdalshéraðs að standa vörð um fjölbreytni svæðisins hvað varðar lífríki og landslag.

Náttúruverndarsvæði séu skilgreind í aðalskipulagi og með hliðsjón af Náttúruverndaráætlun. Vatnajökulsþjóðgarður og önnur vernduð svæði í sveitarfélaginu eru mikilvægt framlag til varðveislu einstæðrar náttúru fyrir komandi kynslóðir auk þess sem þau skapa sérstakar aðstæður til upplifunar fyrir íbúa og gesti þeirra.

Í verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs verði tryggð nýting á svæðinu innan hans.

Umhverfisstefna verði tekin upp í öllum stofnunum sveitarfélagsins. Skólastofnanirnar skarti viðurkenningum fyrir framsækið umhverfisstarf auk þess sem íbúar sveitarfélagsins tileinki sér umhverfisvænan lífsstíl, meðal annars með þátttöku í umhverfisverkefnum.

Fyrirbyggja skal hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra þar sem því verður við komið. Sérstök áhersla er á verndun votlendis og skóga.

Fljótisdalshérað leitast við að eiga gott samstarf um náttúruvernd við landeigendur og náttúruverndaryfirvöld.

### 4.2.3 Framfylgd stefna

Gera skal verndar- og nýtingaráætlanir fyrir þau svæði sem stefna hefur verið sett um að vernda þegar slík stefna kemur til framkvæmda, þar með talin þau svæði sem talin eru upp hér á eftir. Vinna skal verndaráætlanir í samráði við landeigendur, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og aðra hagsmunaaðila.

Sveitarfélagið sér til þess að góðar merkingar og aðgengi sé að náttúruvernum og friðlýstum svæðum Fljótisdalshéraðs.

Sveitarfélagið sér til þess að Náttúrumæðingur Fljótisdalshéraðs (2008) verði íbúum og gestum aðgengileg þannig að bæði ákvarðanir um umgengni um náttúruna sé byggð á bestu fánlegu þekkingu á náttúru svæðisins.

Sveitarfélagið tekur þátt í gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og gott samstarf við landeigendur.

Stofnanir sveitarfélagsins skulu starfa samkvæmt umhverfisstefnu þar sem leitað er leiða til að draga úr umhverfisáhrifum svo sem losun gróðurhúsalofttegunda og sorpurðun.



Sveitarfélagið leggur til við umhverfisráðherra að eftirtalin svæði verði friðlýst:

- Votlendi og sandar í Hjaltastaðabinghá. Friðlýsa svæðið nr. 605 sem friðland og þá sem næst þeim mörkum sem það hafði í Náttúruminjasgrá 1991, og styðst þar m.a. við tillögu Sævars Sigbjörnssonar fv. oddvita Hjaltastaðahrepps, nív. 2000. Mörk gætu verið þannig: Að norðan: Héraðsflói. Að austan: Selfjósósar, og Selfjót og síðan Bjarglandsá að Þórsnesodda, þaðan lína í vegamót að Kóreksstöðum, þaðan með þjóðvegi að Hjaltalundi. Suðurmörk þaðan eftir línu í Myllumel, skammt NA við vegamótin við Laufás. Að vestan: Með þjóðvegi út Bóndastaðaháls að vegamótum við Móberg, þaðan Víðastaðavegur til vesturs og síðan Lagarfjót til sjávar. Nefndin telur einnig rétt að bæta jörðinni Húsey við þetta svæði.
- Gláma og nágrenni. Glámusvæðið (649) verði friðlýst sem friðland og má í stórum dráttum notast við þau mörk sem dregin eru fyrir það í Náttúruminjasgrá 1996. Þar sem þetta svæði jaðrar við nr. 605 á Bóndastaðahálsi væri athugandi að sameina þau, eða tengja á einhvern hátt saman ef til friðlýsingar kemur. Rétt er að endurskoða mörk svæðisins þar sem íbúar á Ekru hafa gert athugasemdir við tillögurnar eins og þær birtast hér.
- Þingmúli. Um er að ræða Múlakoll og berghlaup austan í fjallinu sem friðlýsa ber sem náttúruvætti.
- Haugahólar. Um er að ræða berghlaup sem kom úr Haugafjalli sem friðlýsa ber sem náttúruvætti.
- Selskógur, Miðhúsaskógur og Dalhúsaskógur ásamt Eyvindarárgili. Þeir hlutar þessara svæða sem eru í eigu sveitarfélagsins verði friðlýstir sem fólkvangur enda ætlaðir til útivistar og almenningsnota.



### 4.3 Náttúruskoðun og ferðamennska

#### 4.3.1 Forsendur

Fljótshérað er mjög víðlent og þar eru kjörnar aðstæður til útivistar og náttúruskoðunar. Sveitarfélagið prýðir mikil fjölbreytni í náttúrufari og landslagi og í því er sérstaða þess að hluta til fólgin. Skógur setur mikinn svip á sveitarfélagið og þar er einn þekktasti skógur landsins, Hallormsstaðaskógur.

Margs konar náttúruskoðun hefur aukist mjög hin síðari ár, hvort heldur sem er í skipulögðum ferðum eða á vegum einstaklinga. Aðgengi og uppbygging fyrir náttúruskoðun er vaxandi. Merktum göngu- og reiðleiðum hefur fjölgað og hafa verið gefin út um þær kort, sjá nánar í 9. kafla um samgöngur. Helstu gönguleiðir tengjast einstökum þekktum ferðamannastöðum. Aukin ásókn hefur verið í lengri leiðir og jafnvel að tengja þekktu staði saman. Hálendið býður upp á einstaka möguleika til skoðunar á hreindýrum auk sérstæðs landslags norður af Vatnajökli. Hringvegurinn er aðkomuleið inn á vestasta hluta svæðisins og skálar eru í Kverkfjöllum og við Snæfell.

Á heiðum eru þekktar gamlar þjóðleiðir. Við aðalgönguleiðirnar má gera ráð fyrir frekari uppbyggingu gönguskála. Náttúrutengd ferðapjónusta er í vexti. Vegna tilkomu Vatnajökulspjóðgarðs er fyrirhuguð uppbygging hálendis- og þjónustumiðstöðva í jaðri þjóðgarðarins auk aðstöðu sem tengist náttúrutengdri ferðapjónustu, s.s. rannsóknnum, fræðslu, afleiddri þjónustu og vörum.

Aðstæður til útivistar eru innan seilingar í þéttbýlisstöðum Fljótshéraðs, ekki síst í nálægum skógum, t.d. Egilsstaðaskógi og Selskógi. Einnig er að finna almenn opin svæði, almenningsgarða, skógræktarsvæði og náttúruleg svæði.

Fyrirhuguð er uppbygging hálendis- og þjónustumiðstöðva í jaðri Vatnajökulspjóðgarðs. Á Aðalbóli í Hrafnkelsdal og á Möðrudal er gert ráð fyrir upplýsingamiðstöðvum.

Samþykkt tjaldstæði eru við miðbæ Egilsstaða, á Hallormsstað, á Skipalæk, á Möðrudal, Skjöldólfsstöðum og Stóra-Sandfelli.

Veðurfar er útivist hliðhollt á Fljótshéraði jafnt á sumri sem vetri. Þar sem meginlandsloftslags gætt er kjörið að stunda útivist að vetrarlagi.

Af opinberum gögnum um fjölda ferðamanna má greina tvær meginlínur:

- Ferðamönnum fjölga ört eins og tvöföldun ferðamannafjölda á tíu árum sýnir mjög glögt.
- Ferðamenn eru hlutfallslega fáir utan sumartímans.

Af þessu tvennu má ráða að á Fljótshéraði muni aukast atvinnustarfsemi á sviði ferðamennsku og sveitarfélagið geti styrkt þá starfsemi með því að tryggja gott aðgengi að vinsælum áfangastöðum ferðamanna, ekki síst á vörum og kynningu á því sem í boði er.

#### 4.3.2 Stefna

Ferðapjónusta er ein lykilatvinnugreina í sveitarfélaginu. Starfrækt verði öflug afþreyingarþjónusta þar sem meðal annars þjóðgarður og hálendi svæðisins, Hallormsstaðaskógur, Lagarfljótið og menningartengd starfsemi gegna lykilhlutverki.

Skipulag umferðar og útivistar verði í samræmi við þol landsins og verndarþörf.

Samþætta skal útivist og náttúruvernd til þess að sem flestir íbúar og gestir Fljótshéraðs í nútíð og framtíð geti notið náttúrunnar. Sveitarfélagið eflir umhverfisvæna ferðamennsku þar sem áhersla er lögð á sérkenni í náttúru og menningu.

Sveitarfélagið stuðlar að því að útivistarmöguleikar verði sem fjölbreyttastir, með góðu aðgengi að útivistarsvæðum, m.a. til íþróttaiðkunar sem tengist útivist.

Íbúar og fyrirtæki hafi jafnan greiðan aðgang að stafrænum gögnum sem varða staðhætti, landnotkun, vegi, stíga, reiðleiðir og þess háttar. Slík gögn eru mikilvæg forsenda við gerð kynningarefnis, staðhátalýsinga, göngukorta, skipulagsuppráttar og þess háttar.

#### 4.3.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið eflir ferðapjónustu í dreifbýli með því að beita sér fyrir stöðugum endurbótum á samgöngum, veitum og fjarskiptum.

Sveitarfélagið styður ferðapjónustu á svæðinu með því að halda úti öflugri kynningu á Fljótshéraði, náttúru þess, sögu og menningarviðburðum.

Land og landgæði verða metin með tilliti til þess hversu mikla umferð og útivist þau þola og notkun leyfð samkvæmt því.

Sveitarfélagið hvetur til og tekur þátt í gerð verndaráætlunar fyrir fjölsóttu ferðamannastaði s.s. í tengslum við uppbyggingu Vatnajökulspjóðgarðs.

Sveitarfélagið sér til þess að Náttúrumæraskrá Fljótshéraðs (2008) verði íbúum og gestum aðgengileg þannig að bæði ákvarðanir og umgengni um náttúruna sé byggð á bestu fánlegu þekkingu á náttúru svæðisins.

Gert verði heildarskipulag og framkvæmdaáætlun fyrir sérstök útivistarsvæði, s.s. Selskóg, Tjarnargarð, Hallormsstaðaskóg og umhverfis Eidiavatn, með það fyrir augum að bæta aðgengi, skipulag og umhirðu, öllum til hagsbóta. Heildarskipulag verði með þeim hætti sem svæðin gefa tilefni til að mati skipulagsnefndar og þá helst deiliskipulag.

Verkefnum verði hagað í samræmi við skýrslu ráðgjafarnefndar umhverfisráðuneytisins um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Þar er m.a. lagt til að jaðarmiðstöðvar fyrir ferðafólk verði að Aðalbóli í Hrafnkelsdal og Möðrudal og svæðismiðstöð í Kverkfjöllum auk landvörslustöðva í Hvannalindum og við Snæfell. Þar er einnig lagt til að núverandi gönguleiðir verði stikaðar og kortlagðar.



#### 4.4 Menningarminjar/menningarlandslag

##### 4.4.1 Forsendur

Stærstur hluti sveitarfélagsins er óbyggð svæði sem samkvæmt gamalli hefð hafa verið nýtt sem beitarlönd til landbúnaðar. Búsetulandslag á Fljótsdalshéraði er að miklu leyti mótað af hefðbundnum landbúnaði en þar að auki af skógrækt sem á sér lengri sögu á Héraði en víðast annars staðar á landinu.

Þéttbýlið á Héraði byggðist upp í kringum þjónustu við landbúnaðarsvæðið í kring en þjónustugreinum sem þar er sinnt hefur fjölgað jafnt og þétt. Þannig setja fyrirtæki og þjónustustofnanir svip sinn á þéttbýlið. Egilsstaðir hafa að auki þá sérstöðu að blómlegt býli er þar í fullum rekstri og setur mikinn svip á bæinn við aðkomu í hann.

Töluverð fornleifaskráning hefur verið unnin í sveitarfélaginu. Til er svæðisskráning fyrir flest öll gömlu sveitarfélögin en vettvangsskráningu hefur ekki verið lokið allsstaðar. Fornleifaskrár eru til fyrir Hjaltastaðapinghá, Fellahrepp og Egilsstaðabæ. Þá er fornleifaskráningu lokið fyrir Hallormsstað og nágrenni. Einnig eru til nokkuð af fornleifaskrár fyrir afmörkuð svæði sem gerðar hafa verið í sambandi við framkvæmdir eða skipulagsgerð.

Ekki náðist að ljúka aðalskráningu fyrir sveitarfélagið allt, áður en aðalskipulag var afgreitt en búið er að samþykkja í sveitarstjórn áætlun um skráningu á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru áætlaðar samkvæmt skipulagi, upphaf þeirrar skráningarvinnu er í maí 2009.

##### 4.4.2 Stefna

Við gerð deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa skal tekið tillit til menningarminja og menningarlandslags í samræmi við fornleifaskráningu og staðhætti.

Við gerð deiliskipulags skal gera rökstudda grein fyrir því hvort gera þurfi sérstaka úttekt á landslagi eða mannvirkjum á svæðinu með tilliti til verndunar.

Sveitarfélagið gengst fyrir því á næstu árum að gerð verði úttekt, sem geri grein fyrir þeim svæðum, þar sem sérstakt tillit beri að taka til sögu og menningarlandslags.

##### 4.4.3 Framfylgd stefnu

Í framhaldi af fornleifaskráningu í sveitarfélaginu verði aðrar menningarminjar skráðar í samvinnu við íbúa og staðkunnuga. Lögð skal áhersla á að nýta slíka vinnu í skólastarfi í sveitarfélaginu, bæði vinnslu gagnanna og miðlun þeirra.

Sveitarstjórn gengst fyrir því að kynna sögu og menningu sveitarfélagsins þannig að þekking og virðing viðhaldist á sögu svæðisins.





## 5 Samfélag

### 5.1 Almennt um samfélag

#### 5.1.1 Forsendur

Fljótshérað hefur um langa hríð fóstorað landbúnaðarsamfélag sem er um margt ólíkt dæmigerðum sjávarbyggðum. Þéttbýli sveitarfélagsins er ungt en með tilkomu brúar yfir Lagarfjót árið 1905 urðu til forsendur þéttbýlis við Fljótið. Egilsstaðahreppur varð til með lögum frá Alþingi árið 1947 og þéttbýli fór að myndast í Fellabæ upp úr 1960.

Þjónustustig í sveitarfélaginu er hátt miðað við íbúafjölda, sem kemur til af því að um þéttbýlið liggja krossgötur til norður-, austur- og suðurlands.

Félags- og menningarstarfsemi er með miklum blóma á Fljótshéraði.

Um þessar mundir er austfirskt samfélag og atvinnulíf að ganga í gegnum miklar umbreytingar með eflingu atvinnulífs og aðflutningi fólks, bæði innlands og erlends.

Á Héraðspingi 2005 var þátttakendum hugleikið að sá sameiginlegi menningararfur Héraðsbúa sem spröttinn er úr bændasamfélaginu öðlist framhaldslíf í hinu fjölbýðlega og framsækna samfélagi sem til er að verða á Héraði.

#### 5.1.2 Stefna

Það er stefna Fljótshéraðs að byggja upp samfélag sem grundvallast á lífsgæðum og velferð íbúanna. Hvort tveggja er mikilvæg forsenda hamingju og þroska þeirra þannig að mannauður eflist, fjölskyldur og einstaklingar dafni og atvinnulíf og frumkvæði blómstri.

Það er stefna Fljótshéraðs að íbúar sveitarfélagsins séu meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart sjálfum sér, meðborgurum sínum og umhverfi. Sveitarfélagið vill í

samstarfi við íbúa og opinbera aðila stuðla að enn frekari samábyrgð, öryggi og frelsi í samfélaginu.

Það er stefna Fljótshéraðs að leita sífellt nýrra leiða sem tryggja virkt samráð sveitarfélagsins, íbúanna og opinberra aðila um þróun samfélagsins. Sveitarfélagið verði í fararbroddi í þróun nýrra leiða á sviði velferðarmála í þéttbýli og dreifbýli.

Lýðræðisleg þátttaka íbúanna sé einkennandi varðandi ákvörðunartökur um mótun og þróun samfélagsins.

Jafnrétti sé haft til grundvallar í öllum ákvörðunartökum sveitarfélagsins. Allir hafi tækifæri til að nýta möguleika og sérstaka hæfileika sína og starfsgetu.

Með því að kynna og verðlauna það sem vel er gert í samfélaginu almennt, t.d. á hátíðum og samkomum og með því að koma upplýsingum um slíkt á framfæri við fjölmörg, leitast sveitarstjórn við að efla almenna jákvæðni og samheldni í samfélaginu.

Jafnframt þátttöku í landshlutasamstarfi um kynningu á Austurlandi sér sveitarstjórn Fljótshéraðs til þess að allur almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um sérkenni Fljótshéraðs og forsendur lífsgæða og atvinnustarfsemi þar.

Sveitarfélagið býður nýja íbúa og fyrirtæki velkomin með skipulegum hætti, m.a. með kynningu á þjónustu sem í boði er.

Við skipulagningu hátíða og atburða á vegum sveitarfélagsins skal reynt að virkja sem flesta þjóðfélagshópa og leiða þá saman.

#### 5.1.3 Framfylgd stefnu

Við ákvarðanir um landnotkun og nýtingu gætir sveitarfélagið þess að lýðræðislegum vinnubrögðum sé beytt í hvívetna. Allar ákvarðanir sveitarfélagsins skulu vel kynntar og unnið að þeim í samvinnu við hagsmunaaðila.

Ákvarðanir um landnotkun og landnýtingu byggjast á þekkingu og röksemdum sem hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Sveitarfélagið veitir viðurkenningu þeim sem sýna ábyrgð í verki gagnvart náttúru og sögu í umgengi sinni og nýtingu á landi.

### 5.2 Nám og menntun

#### 5.2.1 Forsendur

Á Fljótshéraði er rík hefð fyrir framsæknu skólastarfi og er innan sveitarfélagsins boðið upp á nám á öllum skólastigum, allt frá leikskólum til háskólanáms.

Skólastofnanir í þéttbýlinu eru staðsettar sitt hvoru megin Fljóts, á Egilsstöðum og í Fellabæ. Skólastarf er á þremur stöðum í dreifbýlinu, á Hallormsstað, Eiðum og í Brúarási. Leik-, grunn- og tónlistarskólakennsla fer því fram á fimm stöðum í sveitarfélaginu.

Leik- og grunnskólar anna eftirspurn og eru þegar uppi áform um stækkanir skóla til að geta tekið við fjölgun íbúa.

Menntaskólinn á Egilsstöðum hefur starfað frá árinu 1979. Skólinn þjónar stórum hluta Austurlands og er stærsti framhaldsskólinn í fjórðungnum. Auk hans eru starfandi á Austurlandi, Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað og Framhaldsskóli Austur-Skaftfellings á Hornafirði.

Hjá þekkingarneti Austurlands og þekkingarsetri á Egilsstöðum á sér stað gerjun og frumkvöðlastarfsemi á sviði endurmenntunar, fjarnáms og rannsóknna.

Hjá sveitarfélaginu starfar fræðslufulltrúi sem sér um málefni grunnskólanna og einnig er starfandi leikskóla- og sérkennslufulltrúi. Skólaskrifstofa Austurlands annast sérfræðipjónustu og ráðgjöf við grunnskólana í sveitarfélaginu.





## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Á Héraðsþingi 2005 kom fram sterk áhersla á mikilvægi menntunar til að styrkja kjölfestuna í sveitarfélaginu og að efling náms á háskólastigi sé eitt af helstu sóknarfærum Héraðsins. Einnig komu fram skilaboð um að skólastarfsemi í dreifbýlinu sé mikilvægur þáttur í að viðhalda þar byggð.

Samkvæmt Vaxtarsamningi Austurlands liggja tækifæri fjórðungsins í því að auka sérskóla- og háskólamenntun.



### Leikskólar

Á Fljótshéraði eru fimm leikskólar, Leikskólinn Hádegishöfði í Fellabæ, Skógarsel á Hallormsstað, leikskólinn Brúarási og Skógarland og Tjarnarland á Egilsstöðum. Í leikskólum er tekið við börnum frá eins árs aldri.

Leikskólarnir eru með ólíkar stefnur og hafa íbúar frjálst val um leikskóla fyrir börn sín.

### Grunnskólar

Á Fljótshéraði eru fjórir heildstæðir grunnskólar, Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum, sem starfræktur er á báðum stöðum, Hallormsstaðaskóli, Fellaskóli og Brúarásskóli. Hallormsstaðaskóli er rekinn í samvinnu tveggja sveitarfélaga, Fljótshéraðs og Fljótshrepps. Allir skólarnir eru að fullu einsetnir og eru heimanaksturs- eða heimgönguskólar.

Íbúar eiga frjálst val um skóla fyrir börn sín sem hefur orðið raunhæfur kostur með tilkomu almenningsgangna.

Í skólahverfi Brúaráss hefur íbúum fækkað en á móti kemur að um fjórðungur nemenda kemur úr þéttbýlinu. Verið er að huga að frekari samþættingu skólastarfs á Brúarási.

Hafin er viðbygging við Grunnskólann á Egilsstöðum og verður hún tekin í notkun árið 2009. Um 360 nemendur stunda nám í skólanum, sem er stærsti vinnustaður sveitarfélagsins. Í Fellaskóla eru um 100 nemendur, um 50 nemendur í Hallormsstaðaskóla og um 40 í Brúarásskóla.

### Tónlistarskólar

Tónlistarskóli eru starfræktur á Egilsstöðum, í Fellabæ, á Brúarási og auk þess starfa deildir á Hallormsstað og Eiðum. Mikil þátttaka er í fjölbreyttu starfi tónlistarskólanna og gegna þeir mikilvægu hlutverki í menningarstarfi sveitarfélagsins.

### Framhaldsskólar

Á Fljótshéraði eru starfræktir tveir framhaldsskólar, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Handverks- og Húsfjórðungarskólinn á Hallormsstað.

Menntaskólinn á Egilsstöðum var stofnaður árið 1979. Skólinn er bóknámsskóli með áfangakerfi. Um 500 nemendur stunda nám í skólanum og þar er heimavist fyrir um 120 nemendur.

Handverks- og Húsfjórðungarskólinn á Hallormsstað er framhaldsskóli með áfanga á listnáms- og matvælabraut. Skólinn hefur starfað frá 1930. Í skólanum er heimavist fyrir 22 nemendur. Skólinn er sjálfseignarstofnun og eru áætlanir upp hjá stjórnendum skólans að efla hann á næstu árum.

### Þekkingarnet og þekkingarsetur

Þekkingarnet Austurlands (ÞNA) er sjálfseignarstofnun og samstarfsvettvangur fræðslustofnana, atvinnulífs og sveitarfélaga.

ÞNA er tengiliður sem kynnir, miðlar, þjónustar og skipuleggur nám fyrir einstaklinga og fyrirtæki í fjórðungnum.

Þekkingarnetið rekur háskólanámssetur á Egilsstöðum, samkvæmt sérstöku samningi við menntamálaráðuneytið.

Vísindagarðurinn ehf var stofnaður í apríl 2007, en tilgangur hans er að vera þekkingarsetur, þ.e. miðstöð þjónustu- og rannsóknastofnana á Egilsstöðum. Allmargar sérfræðistofnanir og einkaaðilar munu hafa starfsemi í Vísindagarðinum og sérstakt félag þessara og fleiri aðila hefur verið stofnað til þess að móta starfseminu og eiga frumkvæði að samstarfi þeirra aðila sem innan Vísindagarðsins starfa.

### 5.2.2 Stefna

Það er stefna Fljótshéraðs að efla sveitarfélagið sem framsækið þekkingardrifið samfélag þar sem verðmætasköpun og vöxtur byggir á markvissri hagnýtingu og miðlun reynslu og þekkingar hjá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Það er stefna Fljótshéraðs að allar menntastofnanir í sveitarfélaginu verði í stöðugri þróun og byggðar upp og reknar af metnaði og framsýni. Í þeim verði jöfnum höndum lögð áhersla á að þroska siðvit, bókvit og verkvit einstaklinganna. Nýsköpunar- og þróunarstarf verði mikilvægur þáttur í starfi nemenda og starfsfólks skólanna.

Það er stefna Fljótshéraðs að sveitarfélagið verði ávallt meðal þriggja öflugustu þekkingarsvæða á landinu. Mikilvægur liður í því er uppbygging þekkingarseturs og háskóla á Egilsstöðum þar sem gert er ráð fyrir öflugum þekkingarstarfi og samþættingu rannsóknarstarfsemi, háskólamenntunar og nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs.

Grunnskólar, leikskólar og framhaldsskólar í sveitarfélaginu séu virtir fyrir metnaðarfullar og nýstárlegar leiðir í menntun og uppeldi nemenda og starfsemi á sviði nýsköpunarkennslu og umhverfismála. Skólastofnanirnar hafi með sér virkt samstarf sem tryggir samfelli í námi og heildstætt náms- og starfsumhverfi.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Listnám og skapandi greinar séu áberandi í starfi leik- og grunnskóla sveitarfélagsins. Listgreinaskóli verði virk stoð í listnámi og skapandi uppeldi íbúanna. Sveitarfélagið og sú aðstaða sem það hefur upp á að bjóða verði eftirsóttur vettvangur fyrir alþjóðlega viðburði og námskeið á sviði menningarstarfsemi.

Háskóli verði starfræktur í sveitarfélaginu. Í honum fari fram akademísk starfsemi, vísindalegar rannsóknir og staðbundin kennsla auk þess sem þar verði unnið að fjölbreytlegum verkefnum og svæðisbundnum viðfangsefnum. Skólinn verði leiðandi í rannsóknum á samspili þróunar þekkingarsamfélags og umhverfismála.

Þekkingarsetur á Egilsstöðum byggist upp sem mikilvæg miðstöð rannsókna, nýsköpunar og þróunarstarfs. Þekkingarsetrið hýsi allar helstu rannsóknarstofnanir á Austurlandi og þar verði öflugur rannsóknar- og nýsköpunarklasi á sviði þjónustu.

Sí- og endurmenntun falli að þörfum einstaklinga og samfélags og styðji við sífellda þróun atvinnulífsins, enda sé aðgangur greiður að öflugri neti menntastofnana.

Starfsnámsbrautir og starfstengt nám, meðal annars í efri bekkjum grunnskólanna, sé öflugt í sveitarfélaginu. Það verði byggt upp í samstarfi við atvinnulífið og leggi meðal annars áherslu á samþættingu verknáms og þjónustustarfsemi.

Íbúar sveitarfélagsins njóti jafnréttis til náms t.d. með fjölbreyttu námsframboði og námsumhverfi.

Skólastarf miði að því að auðga huga og hönd og félagsstarf sé viðurkennt sem mikilvægur þáttur skólastarfsins.

Lögð verði áhersla á virkt samstarf skólastofnana sem tryggi samfellu í námi og heildstætt náms- og starfsumhverfi frá leikskóla til háskóla. Einnig verði stefnt að heildstæðu skipulagi alls skóla-, íþrótt- og félagsstarfs.

Skólar sveitarfélagsins leggi áherslu á mikilvægi hollustu og heilbrigðs lífnis.

Skólar sveitarfélagsins séu öðrum skólum fyrirmynd í því að kynna grunnskólanemum nýsköpun, gildi frumkvæðis og starfsemi fyrirtækja. Kennarar fái þá þjálfun sem þarf.

Sveitarstjórn Fljótshéraðs mun áfram búa í hagin fyrir þekkingaröflun, -miðlun og rannsóknir með það fyrir augum að Egilsstaðir/Fellabær séu landshlutamíðstöð fyrir menntun á hærri skólastigum. Fyrirtæki sem starfa í sveitarfélaginu hafi þannig greiðan aðgang að þekkingu og geti tengst stofnunum sem á því sviði starfa.

Sveitarstjórn stuðlar að því að framsækni og vísýni í skólastarfi verði ein meginforsenda þess að fjölskyldur kjósi að búa á Fljótshéraði og aðdráttarafi fyrir þá sem annarsstaðar búa.

### 5.2.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið sér til þess að nægilegt rými sé til fyrir nauðsynlega uppbyggingu menntastofnana.

Sveitarfélagið hvetur til uppbyggingar þekkingarseturs og háskólanáms með því að leggja til aðgengilegar lóðir og þjónustu.

Sveitarfélagið stuðlar að aðgengi íbúa að menntun með því að vinna stöðugt að endurbótum á samgöngum og fjarskiptum.

## 5.3 Menning

### 5.3.1 Forsendur

Sveitarfélagið Fljótshérað hefur lagt vaxandi áherslu á menningu og listir meðal annars með stofnun Menningarmiðstöðvar Fljótshéraðs árið 2005.

Tilkoma Menningarráðs Austurlands hefur einnig verið dýrmætur stuðningur við menningarlíf á síðustu árum. Þetta tvennt og sá grunnur sem þegar var til staðar, hefur stuðlað að mikilli grósku og gerjun á menningarsviðinu.

Sveitarfélagið rekur bókasöfn og minjasafn, félagsmiðstöðvar, félagsheimili og menningarhús fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára, Vegahúsið.

Menningarmiðstöð Fljótshéraðs er ein af fjórum menningarmiðstöðvum á Austurlandi. Megináhersla hennar er á sviðslistir, enda hefur á Héraði verið mikil gróska í leiklistarstarfsemi í gegnum árin.

Menningar- og ungmennahúsið „Sláturhúsið“ á Egilsstöðum mun hýsa Menningarmiðstöð Fljótshéraðs.

Fjölbreytt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu sem kristallast í fjölda tónleika og annarra uppákoma á ári hverju. Einnig er virk og vaxandi starfsemi í myndlist.

Stór hluti menningar og félagsstarfsemi í sveitarfélaginu byggir á virkni og sjálfboðavinnu íbúa.

Á Héraðsþingi 2005 töldu þátttakendur að lifandi menningarhús væri lykilatriði fyrir eflingu lista- og menningarlífs í sveitarfélaginu og ætti að staðsetja það í miðbæ Egilsstaða við „Rauða dregilinn“.

### Félagsheimili

Á Fljótshéraði eru starfrækt þrjú félagsheimili sem eru að hluta í eigu Fljótshéraðs, en það eru Iðavellir á Völlum, Arnólfsstaðir í Skriðdal og Hjaltalundur í Hjaltastaðapinghá. Í félagsheimilunum eru haldnar samkomur af ýmsu tagi.





## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### Söfn

Í Safnahúsinu á Egilsstöðum eru starfrækt þrjú söfn, Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Bókasafn Héraðsbúa. Ákvörðun hefur verið tekin um flutning Bókasafns Héraðsbúa í miðbæinn.

Að minjasafninu standa auk Fljótsdalshéraðs, Borgarfjörður eystri og Fljótsdalshreppur. Bókasafnið er alfarið á hendi Fljótsdalshéraðs, en Héraðsskjalasafnið er samstarfsverkefni nær allra sveitarfélaga á Austurlandi.

### Fjölmenning

Á Fljótsdalshéraði, eins og annars staðar á Íslandi, hefur menningarleg fjölbreytni aukist á undanförunum árum með auknum aðflutningi fólks af erlendum uppruna.

#### 5.3.2 Stefna

Menningar- og félagslíf blómstri á Fljótsdalshéraði með samstarfi og virkni sveitarfélagsins, félagasamtaka, atvinnulífs og íbúa.

Gerjun og gróska í menningarlífi verði liður í því að stuðla að lífsgæðum og velferð íbúanna, laða að nýja íbúa og gesti og vekja athygli á Fljótsdalshéraði sem framsæknu samfélagi.

Fyrir hendi sé á vegum sveitarfélagsins aðgengilegur og fjölbreytilegur vettvangur óformlegra samskipta í starfi og leik (félagssaðstaða, opin útirými o.s. frv.).

Í menningar- og félagsstarfi sveitarfélagsins verði reynt að virkja sem flesta þjóðfélagshópa, stuðla að samstarfi við fyrirtæki, nágrennasveitarfélög og fleiri aðila á lands- og heimsvísu.

Sveitarfélagið hefur á sínum vegum fjölnotarými fyrir sýningar, uppákomur og skapandi starf.

Horft verði til þeirra tækifæra að styrkveitingar til lista og sköpunar verði að hluta bundinn skilyrðum um samstarf við

fyrirtæki. Þannig geti þau t.d. lagt til efni eða aðstöðu en fengið í staðinn hugmyndir og ný sjónarhorn.

Með þátttöku í samstarfi við önnur sveitarfélög á Austurlandi, auk hugsanlegra verkefna á lands- og heimsvísu, leitast Fljótsdalshérað við að auka listastarfsemi á Fljótsdalshéraði, aðflutning listviðburða og að stækka tengslanet listafólks.

Stuðla skal að aukinni samfélagslegri þátttöku innflytjenda.

#### 5.3.3 Framfylgd stefnu

Gert er ráð fyrir að hafist verði handa við byggingu menningarhúss í miðbæ Egilsstaða árið 2009 með áherslu á sviðslistir.

Sveitarfélagið stuðlar að öflugri kynningu á menningarviðburðum.

Sveitarfélagið sér til þess að nægilegt rými sé til staðar fyrir uppbyggingu menningarstofnana.

Sveitarfélagið styrkir viðhald núverandi félagsheimila og leitast við að finna þeim hlutverk við hæfi.

## 5.4 Íþróttir

#### 5.4.1 Forsendur

Aðstaða til íþróttaiðkunar á Fljótsdalshéraði er með því besta sem gerist á landinu og hefur í stefnumörkun sveitarfélagsins verið lögð áhersla á stöðugt betri aðstöðu. Íþróttamannvirki þjóna bæði skólum og almenningi og eru liður í að auka lífsgæði íbúanna, sem eiga þannig aðgang að fjölbreyttum möguleikum til hreyfingar og afþreyingar.

Samkvæmt skilaboðum þátttakenda á Héraðsþingi 2005 er æskilegt að haldið verði áfram á þessari metnaðarfullu braut varðandi íþróttaaðstöðu. Bent var á þörf fyrir skotsvæði og stað fyrir akstursíþróttir í nálægð við þéttbýli og möguleika á vetraríþróttum allt árið í Vatnajökulspjóðgarði. Ungt fólk kallaði eftir aðstöðu fyrir hjól, hjólaskauta og hjólabretti.



### Íþróttamannvirki í eigu sveitarfélagsins

Í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum er 1200 m<sup>2</sup> íþróttasalur ásamt 25m sundlaug og líkamsræktaraðstöðu.

Auk hefðbundinnar íþróttastarfsemi má nefna að Íþróttamiðstöðin gegnir mikilvægu hlutverki sem fjölnotahús, þar eru haldnir tónleikar, ýmsar sýningar og aðrar stórar samkomur.

Á Egilsstöðum er nýr frjálsíþróttavöllur, Vilhjálmsvöllur, með hlaupabrautum lögðum tartan-efni og aðstöðu til knattspyrnuæfinga. Sparkvöllur er við Egilsstaðaskóla og í Selskógi er æfingarsvæði fyrir knattspyrnu yngri flokka.

Í Fellabæ er nýlegt fjölnotahús sem notað er til íþróttakennslu og annarrar starfsemi með 323 m<sup>2</sup> sal. Lítið landrými er til stækkunar. Í grennd við fjölnotahúsið er nýr gervigrasvöllur í fullri stærð, upphitaður og flóðlýstur.

Í Brúarási er um 400 m<sup>2</sup> íþróttahús sem nýtt er fyrir íþrótt- og tómstundastarf Brúarásskóla og þar er jafnframt sparkvöllur.

Íþróttahúsið á Hallormsstað er í eigu Fljótsdalshéraðs og nýtt til íþróttakennslu og sem samkomusalur skólans. Íþróttasalurinn er um 200 m<sup>2</sup> að stærð. Húsið nýttist einnig nemendum Hússtjórnarskólans á Hallormsstað og almennum



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

íbúum. Auk þess er í ípróttasalnum ágæt ráðstefnuaðstaða. Við húsið er sundlaug sem opin er ferðamönnum á sumrin. Sparkvöllur er á Hallormsstað.

Á Eiðum er ípróttasvæði sem notað hefur verið sem æfingasvæði fyrir meistaraflokk í knattspyrnu.

Fljótsdalshérað og Seyðisfjörður standa sameiginlega að uppbyggingu og rekstri skíðasvæðis í Stafdal, um 17 km frá Egilsstöðum. Þar eru skíðabrekkur við allra hæfi og aðstaða fyrir svigskíði, snjóbretti, skíðagöngu og vélsleða. Í Selskógi á Egilsstöðum eru troðnar gönguskíðabrautir, þegar aðstæður leyfa. Á Fjarðarheiði hafa einnig verið ruddar gönguskíðabrautir og staðið hefur verið fyrir ístolti á Eiðavatni svo dæmi séu tekin.

Löng hefð er fyrir skotveiði á Fljótsdalshéraði, enda er þar að finna einstakar veiðilundur með fjölbreyttri veiðibráð. Stór hluti hreindýrastofnsins á heimkynni sín innan Fljótsdalshéraðs. Önnur veiðibráð er m.a. önd, gæs, rjúpa og selur. Þá er einnig að finna fjölmargar veiðiár og vötn í sveitarfélaginu. Hafin er uppbygging skotæfingasvæðis í Þuridarstaðalandi.

Einn golfvöllur er á Fljótsdalshéraði, 9 holu völlur í Ekkjufelli sem rekinn er af golfklúbbi Fljótsdalshéraðs, GFH.

Aðstaða hestamanna hefur aukist verulega. Ný hesthúsabyggð hefur risið við bæinn Fossgerði, um 4 km frá Egilsstöðum ásamt æfingagerði. Ágætir reiðvegir eru í nágrenni svæðisins. Hestamannafélagið Freyfaxi hefur mótssvæði í Stekkhólum við Iðavelli og fyrirhugað er að byggja þar reiðhöll.

Ekkert æfingasvæði er til fyrir akstursæfingar, akstur fjórhjóla eða torfæruakstur.

### 5.4.2 Stefna

Aðstaða til heilsuræktar og heilbrigðs lífnis sé fjölbreytt og íbúar taki virkan þátt í skipulögðu ípróttu- og frístundastarfi.

Unnið verði að eflingu vitundar um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.

Sveitarfélagið stuðlar að því að útivistarmöguleikar verði sem fjölbreyttastir, t.d. með góðu aðgengi að útivistarsvæðum. Ípróttagreinar sem tengjast útivist, fái aðstöðu eftir því sem tæk eru á.

### 5.4.3 Framfylgd stefnu

Við samþykkt deiliskipulagsáætlana þar sem gert er ráð fyrir íbúðum skal þess gætt að gott aðgengi sé að leiksvæðum og göngustígum.

Á íbúðasvæðum verði komið fyrir vönduðum leiksvæðum sem hvetja fjölskyldur til útiveru.

Sveitarfélagið sér til þess að nægilegt rými sé til uppbyggingar ípróttamannvirkja og utanhússaðstöðu fyrir ípróttir.

## 5.5 Heilsa og öryggi

### 5.5.1 Forsendur

Samkvæmt 1. mgr., I. kafla skipulags- og byggingarlaga, ber að hafa efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir íbúa, heilsu og öryggi að leiðarljósi við gerð skipulags.

Með skipulagi er hægt að hafa margvísleg áhrif á heilsu í víðustu merkingu. Sem dæmi má nefna að hægt er að ýta undir hreyfingu með áherslu á gönguleiðir og auðveldu aðgengi að útivistarsvæðum. Lifandi miðbær og aðrir aðlaðandi samkomustaðir þar sem fólk hittist stuðla að félagslegu heilbrigði. Þannig og á marga aðra vegu, getur gott skipulag stuðlað að líkamlegri og andlegri heilsu og þar með auknið vellíðan íbúa.

Öll heilbrigðisþjónusta á Austurlandi er í höndum Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Fjórðungssjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað og leita íbúar þangað, til

Akureyrar og einnig til Reykjavíkur, eftir þeirri þjónustu sem ekki er til staðar í sveitarfélaginu.

Spár um mannfjöldaþróun og aldurssamsetningu benda til þess að þjónusta við aldraða muni fara vaxandi innan sveitarfélaga, bæði vegna hlutfallslegrar fjölgunar í þeim aldurshópi og breyttra áherslna í málaflokknum.

### Heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðisstofnun Austurlands rekur heilsugæslustöð og 26 rúma sjúkradeild á Egilsstöðum. Einnig eru í sveitarfélaginu, dvalarheimili aldraðra og tannlæknastofa.

Á Héraðsþingi 2005 var m.a. kallað eftir fæðingardeild og uppbyggingu sjúkrahúss og það talið brýnt í ljósi fólksfjölgunar.

### Þjónusta við aldraða

Um 70% plássá á sjúkradeild HSA á Egilsstöðum eru fyrir aldraða auk þess sem stofnunin rekur þar sambýli fyrir aldraða einstaklinga. Sveitarfélagið sér um rekstur dæggradvalar og dagvistunarrýma á Egilsstöðum.

Þörf er á einkarými á sjúkradeild og aðstaða sambýlis og dagvistunarrýma uppfyllir ekki kröfur til slíkrar starfsemi.

Á Héraðsþingi 2005 var bent á skort á hentugu íbúðarhúsnæði fyrir eldri borgara og að bæta þurfi þjónustu við aldraða, m.a. aðbúnað á dvalarheimili.

Sveitarfélagið hefur á undanförunum misserum unnið að úrbótum vegna húsnæðis fyrir félagsstarf aldraðra og er hús fyrir starfseminu í byggingu.

### Aðgengi fatlaðra

Á Héraðsþingi 2005 kom m.a. fram að aðgengi fyrir fatlaða er víða ábótavant, sérstaklega að stofnunum og á ípróttu- og útivistarsvæðum.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### Öryggismál

Fljótsdalshérað heyrir undir Sýslumannsembættið á Seyðisfirði. Embættið rekur lögreglustöð og skrifstofu á Egilsstöðum.

Fljótsdalshérað á aðild að sameiginlegri almannavarnanefnd með Fljótsdalshreppi, Borgarfjarðarhreppi og sýslumannsembættinu. Aðgerðarstjórnstöð almannavarna er staðsett í húsnæði Björgunarsveitarinnar Héraðs og mikil þekking og reynsla er á þessum málum innan sveitarfélagsins.

Fljótsdalshérað er aðili að Brunavörnum á Austurlandi ásamt Djúpvogshreppi, Vopnafjarðarhreppi, Borgarfjarðarhreppi og Fljótsdalshreppi. Brunavarnir á Austurlandi vinna nú að stofnun atvinnu slökkviliðs á Fljótsdalshéraði.

Á Héraði eru starfræktar þrjár Björgunarsveitir sem sameiginlega eru mjög öflugar. Í húsi Björgunarsveitarinnar Héraðs er stjórnstöð Svæðisstjórnar björgunarsveita á Austurlandi.

### 5.5.2 Stefna

Sveitarfélagið stuðli að heilbrigði og öryggi íbúa Fljótsdalshéraðs og gesta, með skipulagi og öðrum ákvörðunum sínum.

Íbúar og gestir njóti góðrar heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins.

Góðar samgöngur tryggi aðgengi að heilbrigðis- og sérfræðisþjónustu allan ársins hring.

Þjónusta við aldraða og félagsþjónusta sveitarfélagsins sé framsækin og fagleg.

Sveitarfélagið vinni eftir forvarnastefnu sem framfylgt er í samstarfi fulltrúa þess, íbúa og lögreglu.

Félagsleg þjónusta á flestum sviðum sé veitt sem nærþjónusta þar sem Fljótsdalshérað leitast við að yfirtaka verkefni frá ríkisvaldinu, enda skipi sveitarfélagið sér í hóp

þeirra samfélaga sem lengst ná í uppbyggingu velferðarþjónustu.

Heilbrigðisþjónusta í sveitarfélaginu stóreflist og bæti þannig búsetuskilyrði og öryggi íbúanna á Austurlandi öllu. Á grundvelli nálægðar við Egilsstaðaflugvöll verði byggð upp bráðamóttaka auk sérhæfðrar endurhæfingardeildar og öldrunarþjónustu.

Samábyrgð einkenni samfélagið þar sem stofnanir sveitarfélagsins, foreldrar, börn, unglingar og fullorðnir leggja sitt af mörkum til að skapa öryggi og traust. Lögð er áhersla á að byggja brýr milli kynslóða.

Sveitarstjórn leitar með ríkisvaldinu fjölbreyttra og nýstárlegra leiða til þess að veita heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu í fremstu röð. Hvort tveggja er mikilvæg stöð í atvinnuuppbyggingu sveitarfélagsins, eflir búsetugæði og er liður í eflingu sveitarfélagsins sem verslunar- og þjónustukjarna Austurlands.

Dagvistun barna sé nægileg og feli í sér nokkurn sveigjanleika til þess að foreldrar þeirra geti tekið þátt í fjölbreyttu atvinnulífi.

### 5.5.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið sér til þess að til sé rými fyrir heilbrigðisstofnun á Egilsstöðum þar sem hægt er að leggja áherslu m.a. á öldrunarþjónustu, bráðþjónustu, endurhæfingu og heilsugæslu.

Sveitarfélagið sér til þess að til sé rými fyrir nýtt hjúkrunarheimili, sjúkra- og öldrunarlækningadeild á Egilsstöðum og gerir það sem í valdi sveitarfélags stendur til að slíkt megi verða.

Sveitarfélagið sér til þess að mengandi starfsemi sé haldið í lágmarki með því að ekki sé veitt framkvæmda- eða byggingarleyfi fyrir neinni þeirri starfsemi sem kann að spilla láði, legi eða lofti í sveitarfélaginu.

Í deiliskipulagsáætlunum fyrir íbúðasvæði og blandaða byggð skal gera grein fyrir útivistarmöguleikum og aðgengi að hjóla- og gönguleiðum.

Sveitarfélagið stuðlar að öryggi íbúa og gesta með því að vinna stöðugt að endurbótum á samgöngum og fjarskiptum.

## 5.6 Stjórnsýsla

### 5.6.1 Forsendur

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð til við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs árið 2004.

Skrifstofur sveitarfélagsins eru staðsettar á tveimur stöðum, annars vegar á Egilsstöðum og hins vegar í Fellabæ. Lögð er áhersla á stöðuga þróun stjórnsýslunnar.

Sérstök nefnd fer með málefni dreifbýlis, þ.e. dreifbýlis- og hálendisnefnd og er héraðsfulltrúi starfsmaður hennar.

Á Héraðsþingi 2005 vildu þátttakendur sjá áframhaldandi þróun stjórnsýslunnar, uppbyggingu rafrænnar stjórnsýslu og aukna áherslu á virka aðkomu íbúanna að þróun samfélagsins. Einnig var kallað eftir flutningi verkefna frá ríkisvaldinu, til sveitarfélagsins.

### 5.6.2 Stefna

Það er stefna Fljótsdalshéraðs að byggja eigin þjónustu upp með framsæknum hætti og tryggja að gæði hennar séu ætíð sambærileg við það besta sem þekktist. Þjónusta sveitarfélagsins á að vera aðgengileg og skilvirk og öðrum þjónustuaðilum í sveitarfélaginu gott fordæmi.

Þjónusta sveitarfélagsins sé þekkt fyrir skilvirkni og framsækni og greiðan aðgang íbúanna að stjórnsýslunni, meðal annars í gegnum upplýsingavef sveitarfélagsins. Sveitarfélagið vinnur að því í samstarfi við fyrirtækin að skapa atvinnulífinu sem hagstæðust skilyrði til kraftmikillar og metnaðarfullrar starfsemi.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Þeir sem stunda eða vilja hefja atvinnurekstur á Fljótsdalshéraði eiga ávallt að fá vandaða og skilvirka þjónustu hjá stjórnarsýslu sveitarfélagsins, t.d. vegna leyfisveitinga. Sveitarfélagið setji sér verklagsreglur um málsmeðferð og svör við erindum sem því berast. Upplýsingar um hvert beri að snúa sér og hvernig málsmeðferð er háttáð séu ávallt aðgengilegar.

Sveitarfélagið á frumkvæði að því að nýta tilefni sem gefast til jákvæðrar umfjöllunar í almennum fjölmiðlum um lífsgæði og atvinnustarfsemi á Fljótsdalshéraði.

Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur með markvissum hætti áhrif á þær ákvarðanir ríkisvaldsins sem skipta sveitarfélagið og atvinnulíf þess mestu máli, t.d. varðandi samgöngur og fjarskipti. Afstaða sveitarstjórnar á jafnan að vera skýr og henni komið á framfæri með skipulegum hætti.

Þegar fyrirsjáanlegar eru meiri háttar ákvarðanir ríkisvaldsins sér sveitarfélagið til þess að fyrir liggja nauðsynlegar úttektir og upplýsingar sem varpa ljósi á hagsmunum sveitarfélagsins og að þessi gögn séu kynnt ríkisvaldinu.

### 5.6.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið vinnur að því að setja skýrar verklagsreglur og þjónustulýsingar varðandi skipulags- og byggingarmál þannig að ákvarðanatöku sé skýr og gegnsæ.

Nýtt stjórnarsýsluhús í miðbæ Egilsstaða verði til að efla og bæta þjónustu við íbúa og aðra sem þurfa að sækja þjónustu til sveitarfélagsins.

Í samstarfi ríkis og sveitarfélaga sér sveitarstjórn til þess að hagsmunum Fljótsdalshéraðs sé komið á framfæri og fylgt eftir.

## 5.7 Atvinnulíf

Hér fyrir neðan koma fram almenn atriði úr atvinnustefnu Fljótsdalshéraðs. Sú stefna var mótuð í samráði við sérstakan

leiðsöguhóp fólks úr atvinnulífi og stjórnarsýslu bæjarins og er til hans vitnað í textanum.

### 5.7.1 Forsendur

Á undanförunum árum hafa orðið miklar og óvenjulegar breytingar á forsendum atvinnulífs á Fljótsdalshéraði og búast má við að næstu 2-3 árin muni atvinnuáhrifin hverfa á ný til ástands sem líkja má við jafnvægi. Það er því erfitt að byggja stefnumótun á því að greina það ástand sem nú ríkir og væntanlega þróun. Á hinn bóginn má færa rök fyrir því að þegar breytingar eru svo hraðar sem raun ber vitni þurfi innviðir allir að vera sem sterkastir og vel fyrir öllum þáttum nýsköpunar og vaxtarskilyrða séð.

Hér fyrir neðan eru tvenns konar atriði dregin fram til að gefa mynd af atvinnulífi á Fljótsdalshéraði, í stað tölulegra upplýsinga. Annars vegar er tæpt á þeirri þróun sem orðið hefur undanfarin ár og hins vegar þau atriði sem afmarka sérstöðu Fljótsdalshéraðs og mynda þannig að hluta grunninn fyrir atvinnustarfsemi í nútíð og framtíð.

#### Þróun undanfarinna ára

Eitt megineinkenni atvinnulífs á Fljótsdalshéraði er að þar er ekki einn höfuðatvinnuvegur ríkjandi, eins og t.d. sjávarútvegur er víða, heldur er fjölbreytni veruleg. Þó má benda á að þjónusta vegur mjög þungt í atvinnulífi sveitarfélagsins. Miklar breytingar sem orðið hafa á atvinnuháttum landsmanna undanfarin ár hafa því komið fram með fjölbreytilegri hætti á Fljótsdalshéraði en víða annars staðar. Við þetta bætast áhrif af virkjanaframkvæmdum. Að mati leiðsöguhóps um atvinnustefnuna einkenna eftirtalin atriði þróun undanfarinna ára.

- Stór fyrirtæki með starfsemi á landsvísu hafa haslað sér völl á Fljótsdalshéraði og að nokkru leyti hefur þessi þróun grafið undan smærri fyrirtækjum, einkum í verslun og þjónustu. Á hinn bóginn hafa þessi stærri fyrirtæki getað veitt umfangsmeiri þjónustu og þannig styrkt þéttbýlið (Egilsstaði og Fellabæ) sem

þjónustukjarna. Umhugsunarvert er að fyrirtæki sem ekki eru með höfuðstöðvar í sveitarfélaginu eru síður líkleg til að gæta svæðisbundinna hagsmuna.

- Aukinn fólksfjöldi hefur styrkt rekstrarforsendur ýmiss konar þjónustu.
- Eins og annars staðar á landinu hefur ferðamönnum fjölgað verulega en þótt gistirými fyrir ferðamenn hafi jafnframt aukist hefur afþreying sem ferðamönnum stendur til boða ekki aukist að sama skapi.
- Með auknum umsvifum í tengslum við virkjana- og stóriðjuframkvæmdir hefur árstíðasveifla í umsvifum atvinnulífs minnkað. Jafnframt hefur eftirspurn eftir vinnuafli aukist, jafnvel svo að erfitt er að manna störf og launakostnaður hækkar. Eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli hefur aukist.
- Aukin eftirspurn eftir vinnuafli og innkoma stærri fyrirtækja hefur dregið úr frumkvæði einstaklinganna til að stofna til eigin fyrirtækja.
- Samkeppni og úrval hefur aukist á mörgum sviðum svo sem í bankþjónustu.
- Almenn er meiri jákvæðni í samfélaginu vegna meiri umsvifa.
- Verð á fasteignum og jörðum hefur hækkað í takt við sambærilega þróun annars staðar á landinu.
- Flugsamgöngur hafa batnað verulega samhliða framkvæmdum á Austurlandi.

#### Sérstaða og samkeppnisforskot

Fljótsdalshérað er um margt sérstakt og eðlilegt að atvinnulíf byggji á þeirri sérstöðu að nokkru leyti. Í þessari atvinnustefnu er ekki gert ráð fyrir því að sveitarfélagið greiði götu einnar atvinnugreinar umfram aðra heldur beini athyglinni að almennum forsendum. Mikilvægt er að jarðvegur sé frjór fyrir alla hefðbundna starfsemi.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Atriðin hér fyrir neðan eru sett fram sem hugmyndir til upplýsingar um þau svið þar sem búast má við að frumkvöðlar finni tækifæri til nýsköpunar og starfandi fyrirtæki auki við starfsemi sem tengist sérstöðunni.

### Umhverfi

- Veðurfarsleg sérstaða
- Lögurinn
- Víðerni á hálendi
- Skógur og afurðir hans
- Aðgengi að Vatnajökulspjóðgarði
- Gróður og gróðrarstöðvar
- Hreindýr og veiðimennska
- Aðgangur að orkuauðlindum

### Samfélag

- Öflug þjónusta almennt og sérþekking á tilteknum sviðum t.d. verktakþjónustu.
- Hefð fyrir fræðum og menntun
- Almennur áhugi á náttúru og útivist
- Áhugi á listum og sköpun
- Fjölbreytni í atvinnustarfsemi og þjónustu
- Framhaldsskólar og uppbygging þekkingarseturs
- Matvælaframleiðsla

### 5.7.2 Stefna

Það er stefna Fljótisdalshéraðs að búa sem best í haginn fyrir almennan atvinnurekstur og þjónustu við íbúa. Fjölbreytt og örvandí samfélag, fagurt umhverfi í byggð og náttúru og vönduð stjórnsýsla geri búsetu og starfsemi á Fljótisdalshéraði eftirsóknarverða og framsækna.

Sveitarstjórn kemur á framfæri upplýsingum um verkefni sem eru í undirbúningi, t.d. í samstarfi ríkis og sveitarfélagsins, til þess að íbúar og fyrirtæki geti gripið tímanlega þau tækifæri sem slíkt leiðir af sér.

Fljótisdalshérað semur við fagaðila um aðstoð við þá sem vilja þróa viðskiptahugmyndir.

Á vef sveitarfélagsins komi skýrt og aðgengilega fram hvaða aðstoð er í boði, bæði innan sveitarfélagsins og utan og hvert frumkvöðlar geta leitað við þróun hugmynda sinna.

Öll fyrirgreiðsla sveitarfélagsins við fyrirtæki sé ávallt veitt samkvæmt vel kynntum og almennum reglum sem settar skulu um hvern neðangreindra þátta, þar sem þess er gætt að einstaklingum og fyrirtækjum sé ekki mismunað.

Þátttaka sveitarfélagsins í atvinnurekstri skal byggð á því að reksturinn hafi verulegt og ótvírætt gildi fyrir sameiginlega hagsmunum íbúa Fljótisdalshéraðs, að markmið þátttökunnar séu skýr t.d. varðandi tímalengd þátttökunnar, þátttakan vari almennt ekki lengur en þrjú ár, verð eignarhlutar við kaup og sölu sé rökstutt og viðurkennt af óvilhöllum aðilum, að áætlað sölufyrirkomulag hlutarins sé skilgreint í upphafi og að gætt sé samkeppnislegra og jafnræðissjónarmiða. Jafnframt sé tryggt að ítarlegar upplýsingar berist til sveitarstjórnar með reglulegu millibili um árangur af þátttökunni, t.d. með tilnefningu fulltrúa í stjórn, þegar það á við.

Fljótisdalshérað leitast við að sprotafyrirtæki geti haslað sér völl í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið getur ívilnað sprotafyrirtækjum sem og þeim aðilum sem hefja nýja þjónustu við íbúa sveitarfélagsins til dæmis með styrkjum. Slík fyrirgreiðsla skal vera tímabundin.

Almennt leitast sveitarfélagið við að fela einkaaðilum, t.d. með útboði, þau verkefni sem til þess eru best fallin. Jafnan sé nýtt það svigrúm sem reglur um opinber innkaup veita, til þess að beina innkaupum til aðila innan sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið getur lagt fé í sjóði eða þróunarstarf, sem úthlutað er í formi styrkja, enda þjóni það hagsmunum íbúa sveitarfélagsins. Slíkar fjárveitingar skulu byggjast á greinargóðum lýsingum á markmiðum og áætlaðri hagnýtingu.

Sveitarfélagið kostar verðlaun og viðurkenningar fyrir skapandi og vistvænt starf í hönnun og vöruþróun sem tengist sérstöðu svæðisins.

Sveitarfélagið standi fyrir almennum umræðu-, kynningar- og hugarflugsfundum þar sem fólk úr ólíkum áttum kemur saman og tekur þátt í umræðum, ber saman bækur og lærir hvert af öðru.

Sveitarfélagið beitir þeim leiðum sem það hefur til ráðstöfunar hverju sinni til þess að vekja athygli á frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja og fagna tilraunum sem gerðar eru hvort sem þær ná að blómstra eða ekki.

### 5.7.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið sér til þess að lóðir til fjölbreytts atvinnurekstrar séu til staðar hverju sinni.

Sveitarfélagið lætur vinna skýrar þjónustulýsingar varðandi nauðsynlegar leyfisveitingar fyrir atvinnurekstri.

Atvinnuálanefnd gerir framkvæmdaáætlun sem tiltekur verkefni og eftirfylgni. Þessi áætlun er endurskoðuð árlega.



## 6 Búseta

### 6.1 Íbúar


#### 6.1.1 Forsendur

Sveitarfélagið þarf að vera viðbúið óvissu varðandi þróun íbúafjölda og atvinnuhátta. Þessari óvissu verður aldrei eytt og skipulagsáætlunin þarf því að vera sveigjanleg varðandi landrými fyrir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Ákjósanlegt er að ein sveigjanleg lausn, t.d. um fyrirkomulag nýrrar byggðar á skipulagstímabilinu, geti á hagkvæman hátt stuðlað að sem mestum lífsgæðum, óháð framvindunni.

Hér verður tæpt lítillega á lýðfræðilegri greiningu íbúafjöldans til þess að auðvelda mörkun stefnu, einkum um landnotkun í þéttbýli og þéttbýliskjörnum og þjónustu sem veita þarf íbúunum. Hafa ber í huga að sveitarfélagið getur að einhverju leyti haft áhrif á framvinduna með því að gera búsetu í sveitarfélaginu aðlaðandi kost.

#### Íbúar með fasta búsetu

Til þess að greina þróun í fjölda íbúa með fasta búsetu þarf að sía frá þá sem búa tímabundið í sveitarfélaginu en þeir hafa verið óvenju margir undanfarin ár. Óhjákvæmilegt er að beita ágiskunum að nokkru leyti og þá gengið út frá fjölda kvenna því mun færri konur en karlar hafa tímabundna búsetu. Neðangreint línurit er byggt á gögnum Hagstofunnar um fjölda kvenna búsettra á Fljótshéraði og sveitarfélögunum sem sameinuðust í Fljótshérað þar á undan. Hvað karlana varðar er gert ráð fyrir því að þeir séu 5% fleiri en konur að jafnaði en tölur fyrri ára benda til þess. Það er þó einkum í dreifbýli sem karlar eru fleiri að jafnaði.



Mynd 6.1 Áætlaður fjöldi íbúa með fasta búsetu á Fljótshéraði


Af þessu má ráða að um 3.500 manns hafi haft fasta búsetu á Fljótshéraði í árslok 2007. Ennfremur má sjá að íbúum hefur fjölgað að meðaltali um rúm 4% á ári undanfarin 5 ár. Þetta er mikil fjölgun og rétt að setja fyrirvara:

- Hugsanlegt er að fjöldi íbúa með tímabundna búsetu sé vanáætlaður.
- Nokkuð öruggt er að fjölgunina má að verulegu leyti rekja til þess hagvaxtartímabils sem einkennt hefur undanfarin 5 ár, bæði á landsvísu og ekki síður á austurlandi sérstaklega.

Á landsvísu fjölga íbúum um 1% að jafnaði á ári. Ólíklegt er að fólksfjölgun undanfarinna 5 ára verði viðvarandi allt skipulagstímabilið en af þessari þróun má draga þann lærdóm að 4% fjölgun sé möguleg í nokkur ár og að skipulag í þéttbýli þurfi að geta komið til móts við þá fjölgun með markvissu framboði lóða. Við óvissu í íbúapróun má bregðast með því að áfangaskipta nýbyggingarsvæðum á sveigjanlegan hátt og hafa áfanga fremur smáa. Mikilvægt er að hver áfangi tengist vel og samlagist þeirri byggð sem fyrir er, þannig að samfella sé í byggðinni þótt hægja kunni á fjölgun.

#### Aldurssamsetning

Aldurssamsetning íbúanna getur haft áhrif á þá byggð og þjónustu sem sveitarfélagið þarf að bjóða. Greining á aldursskiptingu leiðir ekki í ljós veruleg frávik frá aldursskiptingu landsmanna í heild. Eins og búast má við í sveitarfélagi á landsbyggðinni er fólk á háskólaaldri lítillega færri en að meðaltali á landinu öllu.



Mynd 6.2 Aldursdreifing karla og kvenna

Aldursskiptingin gefur ekki tilefni til sérstakra ráðstafana í skipulagi byggðarinnar.

#### Dreifbýli og þéttbýli

Íbúar skiptast þannig milli dreifbýlis og þéttbýlis að um 500 búa í Fellabæ, 2150 á Egilsstöðum og um 850 í dreifbýli.

#### Núverandi húsnæði í Fljótshéraði


Einbýli er nánast eina búsetuformið í dreifbýli en húsagerðir eru fjölbreyttari í þéttbýli á Egilsstöðum og Fellabæ. Á Egilsstöðum eru nánast jafnmargar íbúðir í einbýlis- og fjölbýlishúsum, en íbúðir í rað- og parhúsum eru mun færri. Í





## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ


Fellabæ eru einbýlishús algengust, þá fjölbýli og loks rað- og parhús (sjá mynd 6.3).



Mynd 6.3 Fjöldi íbúða á Fljótshéraði eftir staðsetningu og tegund (Heimild: Fasteignamat ríkisins).


Á mynd 6.4 má sjá að húsakostur í dreifbýli er kominn nokkuð til ára sinna. Mikill hluti af húsum í dreifbýli voru byggð um miðja síðustu öld, en minna hefur verið byggt eftir árið 1980. Í þéttbýlinu við Fljótið snýst dæmið hinsvegar við, húsnæði þar er að miklum hluta byggt eftir árið 1980 og mikið af íbúðarhúsnæði byggt árið 2000.

Nýlegur húsakostur í þéttbýli á Egilsstöðum og Fellabæ bendir til þess að endurnýting íbúðarhúsalóða í miklum mæli á skipulagstímabilinu sé ólíkleg.



Mynd 6.4 Hlutfall íbúða á Fljótshéraði eftir staðsetningu og aldri (Heimild: Fasteignamat ríkisins).

Athyglisvert er að skoða þróun bygginga í Fellabæ og Egilsstöðum eftir húsaáætti. Á mynd 6.5 má sjá að hlutfall íbúða í einbýlishúsum hefur helmingast á tæplega þremur áratugum. Frá árinu 2000 hefur einungis þriðjungur byggðra íbúða verið einbýlishús. Á móti hefur hlutfall íbúða í rað- og parhúsum og í fjölbýlishúsum aukist til muna.



Mynd 6.5 Tegund nýbygginga á Fljótshéraði eftir tímabilum (Heimild: Hagstofa Íslands og Fasteignamat ríkisins).

Líkt og annarsstaðar á landinu hefur fjöldi íbúa á hverja íbúð farið lækkandi á Fljótshéraði á undanförunum árum. Trúlegt er að meðalfjöldi íbúa á hverja íbúð árið 2007 sé nálægt 2,5. Með hækkandi meðalaldri, breyttu fjölskyldumynstri og betra aðgengi að fjármagni er líklegt að fjöldi íbúa á hverja íbúð haldi áfram að lækka á skipulagstímabilinu.

### Hugsanleg húsnæðisþörf

Af framangreindri greiningu má draga eftirfarandi ályktanir um húsnæðisþörf í þéttbýli:

- Sveitarfélagið þarf að geta boðið lóðir fyrir íbúðir í þéttbýlinu við fljótið sem taka á vaxtartíma við 4% fjölgun 2600 íbúa eða um 100 nýjum íbúum. Þeir þurfa um 40 – 50 íbúðir.
- Sveitarfélagið gengur vel undirbúið til móts við óvissa íbúaþróun með því að tiltaka í nýju aðalskipulagi nýbyggingarsvæði í þéttbýli fyrir íbúafjölgun sem nemur

2% að meðaltali á ári, allt skipulagstímabilið til 2028. Það gefur heildaríbúafjölda um 3.900 manns, eða fjölgun um 1.300, þ.e. 50%. Til þess að hýsa þennan fjölda þarf 520 – 650 íbúðir. Nú er allsends óvíst að niðurstaðan verði þessi en með því að ganga út frá þessari forsendu í aðalskipulaginu er góð fyrirhyggja sýnd.

- Við upphaf skipulagstímabilsins má gera ráð fyrir að þegar séu skipulagðar lóðir fyrir um 200 íbúðir. Ný íbúðarsvæði þurfa því að rúma 300-400 íbúðir.

### 6.1.2 Stefna

Þéttbýlisuppráttur sýni hvar koma megi fyrir 400 nýjum íbúðum í þéttbýli á skipulagstímabilinu.

Ný byggingarsvæði á Egilsstöðum og í Fellabæ verði valin með það í huga að tengja betur þessa tvo kjarna.

Nýbyggingarsvæðum þéttbýlisins verði áfangaskipt þannig að sveitarfélagið hafi jafnan í boði byggingarsvæði eða lóðir fyrir 40-50 íbúðir.

Nýbyggingarsvæði séu í samfelldu framhaldi af núverandi byggð þannig að land, samgöngur og veitur séu nýtt sem best.

Uppbygging þjónustu á vegum sveitarfélagsins haldist í hendur við og fléttist saman við uppbyggingu íbúðarhverfa.

### 6.1.3 Framfylgd stefnu

Gert er ráð fyrir því að ný byggð á Egilsstöðum vaxi einkum til norðurs í landi Eyvindarár og í Fellabæ til suðurs. Þar er nægt rými fyrir þann fjölda íbúða sem gera þarf ráð fyrir á skipulagstímabilinu.

Sveitarfélagið sér til þess að lóðir til íbúðauppbyggingar séu til staðar hverju sinni í öllum þéttbýliskjörnum, Egilsstöðum-Fellabæ, Hallormsstað og Eiðum.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Uppbygging þjónustu á vegum sveitarfélagsins, verður látin ganga fyrir á þeim svæðum sem byggjast upp í framhaldi af núverandi byggð.

### 6.2 Byggð

#### 6.2.1 Forsendur

Búsetulandslag í sveitarfélaginu er fjölbreytilegt. Þéttbýlisstaðirnir við fljótið eru meðal örfárra slíkra sem ekki standa við sjó en þar setur Egilsstaðabúíð mikinn svip á byggðina og fléttast nánast saman við hana. Byggðin lagar sig að landi og eru flest hús ekki hærrí en þrjár hæðir. Nokkur fjölbýlishús hafa verið reist á Egilsstöðum sem eru allt að sjö hæða há. Húsagerð í þéttbýlinu er fjölbreytt og endurspeglar íslenska húsagerð á 20 öld. Þéttleiki íbúðabygðarinnar er á bilinu 8-20 íbúðir á ha.

Það er í samræmi við aðra stefnu Fljótsdalshéraðs að stuðla að blöndun þjóðfélagshópa og ein virkasta leiðin til að ná því fram er að hafa íbúðir af ólíkum stærðum og gerðum innan sama hverfis. Slík blöndun gerir hverfin fjölbreytileg og áhugaverð. Ennfremur er mikilvægt að skipulag bjóði upp á margvíslega ferðamáta, ekki síst þá heilsusamlegri eins og t.d. göngu og hjólréiðar.

Hin dreifða byggð í sveitarfélaginu stendur víða hátt yfir sjávarmáli og stendur Möðrudalur hæst allra bæja á Íslandi eða í 469 metrum yfir sjó.

Á Hallormsstað er gömul byggð í skóglendi en það er sjaldgæft hér á landi.

Egilsstaðir hafa á undanförunum áratugum fest sig í sessi sem landshlutamiðstöð verslunar og þjónustu. Fyrir þessu eru margar ástæður, ekki síst landfræðilegar enda liggur hringvegurinn þar um og ásamt tengingum við nálæg byggðalög og þar er flugvöllur. Samhliða hafa aðrir þættir styrkst, t.d. menntun. Þjónusta utan Egilsstaða er aðallega ferðapjónusta og þá mjög dreifð.

Þjónustufyrirtæki eru áberandi við megin leiðir í gegnum þéttbýlið.

Þjónusta sveitarfélagsins og stjórnsýsla er að stærstum hluta á Egilsstöðum. Þar sem Fljótsdalshérað er mjög víðfeðmt eiga margir íbúar sveitarfélagsins langt að sækja þjónustu til Egilsstaða og því brýnt að auðvelda þeim samskipti við stjórnsýslu og aðra þjónustu með nútímalegum hætti sem ekki krefst ferðalaga, eftir því sem kostur er.

Heimsóknir ferðamanna styrkja forsendur þeirrar þjónustu sem íbúar Fljótsdalshéraðs njóta sjálfir, hvort sem þeir koma úr næsta sveitarfélagi í daglegum erindum eða utan úr heimi.

Á Egilsstöðum er hafinn undirbúningur að endurgerð miðbæjarins til þess að gera hann að aðlaðandi vettvangi þjónustu og afþreyingar. Þar verða reistir 33.000 m<sup>2</sup> af nýju húsnæði.

Aðsókn að verslun og þjónustu ræðst hvarvetna í auknum mæli af þeirri upplifun sem hún veitir. Því er mikilvægt að skipulagsvald sveitarfélagsins sé nýtt á uppbyggilegan hátt til þess að tryggja gæði byggðarinnar og öruggt sambýli gangandi og akandi vegfarenda, t.d. með skilmálum í deiliskipulagi og með mótun stefnu um almenningsrými.

Eftir því sem þéttbýlinu við fljótið vex fiskur um hrygg eykst mismunur á verðgildi lands í kjarna annars vegar og jaðarsvæðum hins vegar. Þess vegna er eðlilegt að þeir kraftar verði smám saman sterkari sem ýta út á jaðra þéttbýlisins þeirri starfsemi sem krefst mikils landrýmis (hefur litla veltu á flatarmálsseiningu) og á erfitt með að standa undir kröfum um þau gæði í yfirbragði byggðar sem gerðar eru á miðsvæðum.

Nauðsynlegt er að iðnaður og viðlíka starfsemi geti dafnað á Fljótsdalshéraði en þar sem þéttbýlið er mest verður að gera þá kröfu að slík starfsemi hafi ekki neikvæð áhrif á aðra starfsemi sem byggir á upplifun og gæðum í umhverfinu.

Undanfarin ár hefur eftirspurn eftir frístundalóðum verið vaxandi. Núverandi frístundahverfi teljast þau með 3

frístundahús eða fleiri og eru ekki skilgreind sem heilsárshús, sjá dreifingu nánar í 11. kafla. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannakofar og neyðarskýli.



#### 6.2.2 Stefna

Skipulag landnotkunar og byggingarframkvæmdir grundvallist á því að valda sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, m.a. sé tillit tekið til fjölbreytileika lífríkis. Lögð verði áhersla á umhverfisvænar lausnir í hönnun mannvirkja og að þau falli sem best að svipmóti landslags og náttúru sem fyrir er. Við efnistöku á byggingarsvæðum og frágang þeirra skulu umhverfisleg sjónarmið höfð að leiðarljósi og þess gætt að jarðvegsefni séu nýtt sem næst efnistöku.

Ásýnd byggðar og umhverfis endurspeglir metnað sveitarfélagsins. Markvisst samstarf við íbúa og fyrirtæki miðað að aukinni þekkingu, frumkvæði og ábyrgð gagnvart umhverfinu.

Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs sér til þess að búsetuumhverfi í sveitarfélaginu laði að fólki og fyrirtæki og gæti þess að allar ráðstafanir sem hafa áhrif á það einkennist af metnaði og skýrri langtímasýn. Skipulagsáætlunum og þeirri festu sem þær veita, skal beitt markvisst til þess að tryggja að sameiginleg gæði í náttúru og byggðu umhverfi glattist ekki heldur styrkist enn frekar.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Þess sé gætt að staðsetning grunnþjónustustofnana svo sem skóla, heilsugæslu, íþróttasvæða og dagvöruverslana sé komið fyrir þannig að sem flestir íbúar geti nálgast þær gangandi. Jafnframt eigi hreyfihamlaðir greiða leið að stofnunum sveitarfélagsins og sömuleiðis um götur í þéttbýli.

Í sveitarfélaginu er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og þess jafnframt gætt að einkennandi byggðamynstri verði ekki raskað.

Ásýnd hins byggða umhverfis endurspegli hina grænu ímynd sveitarfélagsins.

Byggð sé blönduð og fjölbreytileg en verði ekki til þess að flokka íbúana eftir félagslegum þáttum.

Þess verði gætt að byggð verði áfram blönduð, fjölbýli og sérbýli verði blandað saman, þannig að íbúar eigi kost á fjölbreyttum búsetukostum.

Við uppbyggingu í sveitarfélaginu sé tekið tillit til lýðheilsu íbúa bæði hvað varðar framkvæmdir, byggingar og opin svæði.

Gert sé ráð fyrir göngu- og hjólaleiðum í þéttbýli og þar sem það er viðeigandi í dreifbýli.

Almenningsrými (garðar, torg, leiksvæði, útivistarsvæði) séu gerð þannig og viðhaldið að þau séu aðlaðandi og aðgengileg.

Lóðir fyrir íbúðir séu ávallt fyrir hendi og þess gætt að þeim fylgi þeir skilmálar sem þarf til að tryggja gæði og fjölbreytni í byggðinni.

Það er stefna Fljótisdalshéraðs að vera miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi og eitt af öflugustu kjarnasvæðum á landinu. Með nýjum miðbæ á Egilsstöðum vill sveitarfélagið leggja sitt af mörkum til að bæta þjónustu og lífsgæði íbúa á Austurlandi öllu.

Fyrirtækjum standi alltaf til boða lóðir fyrir starfsemi sína í samræmi við skipulag og án þess að gæði og yfirbragð byggðarinnar skaðist.

Sveitarfélagið sér til þess að íbúar og gestir geti með auðveldum hætti fengið greinargott yfirlit yfir þá þjónustu og afþreyingu sem er í boði innan þess. Þannig séu þessir þættir dregnir fram þegar búsetugæðum er lýst og gestir finni tilefni til að lengja dvöl sína.

Sveitarfélagið setur skilmála í deiliskipulag sem tryggja að vandað sé til mótunar byggðar, almenningsrýmis og umhverfis á verslunar- og þjónustusvæðum. Skilmálar fyrir athafnasvæði setji strangar takmarkanir um mengun, tryggi vandað yfirbragð og góða umgengni. Sérstaklega sé þess gætt í dreifbýli að slík starfsemi falli vel að náttúrulegu umhverfi.

Athafna- og iðnaðarsvæði verði á jöðrum byggðarinnar og þá þar sem íbúðarbyggð er síst fyrirsjáanleg.

Við hönnun og frágang á þjónustufyrirtækjum sem staðsett eru við megin umferðaræðar í gengum þéttbýlið verði tekið tillit til þess að þau hafa mikil áhrif á ímynd staðarins. Við afgreiðslu deiliskipulags skal skipulags- og byggingarnefnd gera kröfur til þjónustufyrirtækja um að þau falli vel að umhverfi og grænni ímynd sveitarfélagsins.

Ekki skal reisa frístundabyggð á góðu ræktunarlandi né landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu. Gæta skal umhverfissjónarmiða og að sérstæðum náttúru- og menningarminjum við skipulagningu frístundabyggðar.

### 6.2.3 Framfylgd stefnu

Breytt landnotkun í þessu skipulagi frá fyrri skipulagsáætlunum endurspeglar framkvæmd þeirrar stefnu sem hér er sett fram.

Þéttleiki byggðar í nýjum íbúðarhverfum á Egilsstöðum og Fellabæ verði að jafnaði 12-18 íbúðir á hektara, brúttó, en gert ráð fyrir stærri lóðum á Hallormsstað og Eiðum.

Í deiliskipulagsáætlunum skal gera skýra grein fyrir áhrifum uppbyggingar og þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er, á umhverfið.

Í deiliskipulagsskilmálum skal sérstaklega gera grein fyrir hvernig byggð fellur að bæði menningar- og náttúrulegu landslagi.

Við byggingareftirlit skal þess gætt að framkvæmdir valdi sem minnstu riski.

Sveitarfélagið hvetur til góðrar umgengni með því að veita viðurkenningu fyrir fyrirmyndar umgengni og frágang við uppbyggingu.





## 7 Samgöngur

### 7.1 Samgöngur almennt

#### 7.1.1 Forsendur

Samgöngur eru afar mikilvægar í landstóru sveitarfélagi eins og Fljótshéraði. Vegakerfið og flugvöllurinn á Egilsstöðum eru burðarásar samgangna á Fljótshéraði og traustar boðveitur eru þýðingarmiklar forsendur búsetu. Þéttbýlið við Fljótið er landshlutamiðstöð Austurlands og tryggar samgöngur það á landi og í lofti því mikilvægar fyrir Austurland allt.

Liður í því að bæta samgöngur innan fjórðungsins er gerð jarðgangna enda víða um fjallvegi að fara. Austfirðingar sjá fyrir sér "samgöng", þ.e. göng sem tengja saman byggðakjarna á Austfjörðum með tengingu áfram um jarðgöng frá Seyðisfirði yfir á Fljótshérað.

Með fyrirhugaðri endurgerð vegarins um Öxi batnar vegtenging við suðurland. Bundið slitlag vantar enn á hringveginn í Skriðdal.

Ákvarðanir varðandi framkvæmdir samgangna eru að hluta til á hendi ríkisins en í skipulagsáætlunum ber að setja fram stefnu sveitarfélaga um samgöngur og stefnumótun um samgöngur því á hendi sveitarfélaga.

#### 7.1.2 Stefna

Bættar samgöngur, m.a. um veggöng, munu efla Fljótshérað sem landshlutamiðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi.

Sveitarfélagið fylgist með uppbyggingu samgöngu- og fjarskiptakerfa og þeirri þjónustu sem íbúar, ekki síst í dreifbýli, njóta. Greiðar samgöngur og fjarskipti eru grundvallaratriði í nútíma þjóðfélagi og forsenda uppbyggingar og búsetu í dreifbýli.

Sveitarstjórn sér til þess að fram fari greining á þörfum fyrir nýframkvæmdir í samgöngumálum og kemur rökstuddum tillögum á framfæri við samgönguyfirvöld.


Íbúar og fyrirtæki hafi jafnan greiðan aðgang að stafrænum gögnum sem varða staðhætti, landnotkun, vegi, stíga, reiðleiðir og þess háttar. Slík gögn eru mikilvæg forsenda við gerð kynningarefnis, staðhátalýsinga, göngukorta, skipulagsuppráttu og þess háttar.

#### 7.1.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið beitir sér fyrir því að mikilvægar framkvæmdir í vegamálum komist á dagskrá stjórnvalda. Meðal slíkra framkvæmda má nefna jarðgöng til Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar, brú yfir Selfjót við Hreimsstaði og endurnýjaðan veg milli Lagarfoss og Stóra-Steinsvaðs.

Sveitarstjórn Fljótshéraðs mun gangast fyrir því að mótaðar verði áætlanir um ferðamannavegi á hálendinu í samráði við hagsmunaaðila, t.d. Vatnajökulspjóðgarð, með stefnu aðalskipulagsins um verndun og nýtingu að leiðarljósi.

Sveitarstjórn vinnur stöðugt að endurbótum á samgöngum og fjarskiptum í samvinnu við landeigendur og samgönguyfirvöld.




Mynd 7.1 Af myndinni má ráða hve mikilvægar innbyrðis samgöngur á austurlandi eru, ekki síst vegna fjarlægðar frá öðrum þéttbýlisstöðum. Af sömu ástæðu eru flugsamgöngur sérlega mikilvægar.



## 7.2 Bílaumferð

### 7.2.1 Forsendur

Egilsstaðir eru á krossgötum þar sem hringvegurinn og vegir til margra nálægra staða í landsfjórðungnum mætast. Kannanir sýna að auk austfirðinga sækja íbúar á norðausturlandi og suðausturlandi reglulega verslun og þjónustu á Egilsstaði. Þetta kallar ekki aðeins á greiðar leiðir heldur einnig það að gatnakerfi innan Egilsstaða sé hannað með tilliti til öruggar og skilvirkar samþættingar umferðar þeirra sem eru akandi, gangandi og hjólandi. Sá mannfjöldi sem á leið um Egilsstaði, einkum um ferðamannatímann, færir mannlíf og viðskipti en kallar á að vel sé gengið frá umferðarmannvirkjum.



Mynd 7.2 Sumardagsumferð á fjölförnustu þjóðvegum.

### 7.2.2 Stefna

Aðalgötur í þéttbýli skal hanna þannig að verslun og þjónusta njóti umferðarinnar en öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sé tryggt.

Greiðar leiðir séu fyrir íbúa til þátttöku í samfélaginu og til að sækja þjónustu, m.a. með uppbyggingu tengivega og góðri vetrarþjónustu.

### 7.2.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið beitir sér fyrir því að veggöng sem efli tengsl byggða á Austurlandi verði byggð.

Við samþykkt framkvæmdaleyfis fyrir gatnagerð í þéttbýli skal gætt að því að öryggi óvarinnar umferðar sé tryggt jafnhliða bílaumferð.

Sveitarfélagið beitir sér fyrir samstarfi við samgönguyfirvöld um vegaáætlun á hálendinu.

## 7.3 Flugumferð

### 7.3.1 Forsendur

Egilsstaðaflugvöllur þjónar öllu Austurlandi og er innan við klukkustundar akstur til flestra þéttbýlisstaða. Völlurinn er vel í sveit settur hvað varðar staðhætti og veðurfar og flug fellur sjaldan niður. Flugvöllurinn er mikilvægur varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Lengd flugbrautarinnar er núna 2000 metrar en það dagar minni farþegaþotum í millilandaflugi. Til samanburðar má nefna að flugbrautin á Akureyri er jafnlöng, lengsta flugbraut Reykjavíkurlugvallar er 1800 metrar og brautirnar á Keflavíkurlugvelli eru 3000 metrar. Flughlað vallarins er fremur lítið og þar geta því fáar flugvélar staðið í senn. Áhugi er á því lengja flugbrautina til þess að stærri þotur geti nýtt flugvöllinn, t.d. flutningaflugvélar í fiskútflutningi.

Flugtök og landingar í innanlandsflugi árið 2006 voru samtals 5.532, þar af 3.924 í áætlunarflugi. Flugtök og landingar í millilandaflugi árið 2006 voru 236.

Sveitarstjórnir á austurlandi hafa ályktað um nauðsyn þess að lengja flugbraut Egilsstaðaflugvallar til að auka notagildi flugvallarins og styrkja hann sem burðarás í samgöngum fjórðungsins, ekki síst með hliðsjón af tækifærum því samfara í ferðaþjónustu og vöruútflutningi.

Möguleikar á lengingu flugbrautarinnar til norðurs eru takmarkaðir af aðflugshindrunum í landslagi en lenging til suðurs krefst breytinga á veginum milli Egilsstaða og Fellabæjar.

### 7.3.2 Stefna

Egilsstaðaflugvöllur verði öflugur alþjóðaflugvöllur og fólks- og vöruflutningar í millilandaflugi opni enn frekar fyrir alþjóðleg samskipti sem efla ferðaþjónustu svo og aðra þjónustu og verslun á Austurlandi öllu.

### 7.3.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið gerir í áætlunum sínum ráð fyrir lengingu flugbrautar og stækkun athafnasvæðis við flugvöllinn. Þess verður gætt að önnur starfsemi og landnotkun rekist ekki á þarfir flugvallarins, svo sem fyrir öryggissvæði, athafnasvæði og hindranafleti.

Flugbraut Egilsstaðaflugvallar verði lengd.

Flughlað, byggingar og þjónustusvæði tengd flugrekstri verði stækkuð.



## 7.4 Almennings­samgöngur

### 7.4.1 Forsendur

Farþegaflug um Egilsstaðaflugvöll vegur einna þýngst í almennings­samgöngum sveitarfélagsins. Einkafyrirtæki sinna þessu flugi og með auknum umsvifum hefur ferðatíðni aukist þannig að þörfum íbúa er vel sinnt.

Frá Egilsstöðum gengur áætlunarbíll á vegum einkaaðila í tengslum við innanlandsflugið á Egilsstöðum til Seyðisfjarðar, Fjarðarbyggðar og Breiðdalsvíkur.

Strætisvagnar á vegum sveitarfélagsins ganga í tengslum við skólaakstur til Hallormsstaðar, Eiða og Brúaráss.

### 7.4.2 Stefna

Sveitarfélagið stendur fyrir almennings­samgöngum milli helstu þéttbýlisstaða og hagar gjaldtöku þannig að hún hvetji til notkunar almennings­vagna.

Í skipulagsáætlunum skal gert ráð fyrir því að notkun almennings­samgangna verði vinsæll kostur og að vel sé búið um viðkomustaði vagna og aðstöðu fyrir farþega.

### 7.4.3 Framfylgd stefnu

Sveitarfélagið býður upp á gjaldfrjálsar almennings­samgöngur, í tengslum við skólaakstur, sem tengja Egilsstaði, Fellabæ, Eiða, Hallormsstað og Brúarás. Ferðir milli Egilsstaða og Fellabæjar eru á klukkutíma fresti, fimm daga vikunnar.

Deiliskipulag geri ráð fyrir góðri aðstöðu fyrir almennings­vagna þar sem það á við. Þess sé gætt að gönguleiðir séu greiðar að viðkomustöðum almennings­farartækja.

## 7.5 Gönguleiðir, hjólaleiðir, reiðleiðir

### 7.5.1 Forsendur

Á Fljótsdalshéraði eru miklir möguleikar til að njóta útiveru hvort heldur sem er í skógi, við sjó eða á fjöllum. Gönguleiðir eru vítt og breitt um sveitarfélagið. Gefin hafa verið út útivistarkort sem sýna göngu- og reiðleiðir auk texta með stuttum lýsingum á leiðunum.

Helstu gönguleiðir tengjast einstökum þekktum ferðamannastöðum. Aukin ásókn hefur verið í lengri leiðir og jafnvel að tengja þekktu staði saman. Hálendið býður upp á einstaka möguleika til skoðunar á hreindýrum auk sérstæðs landslags við jaðar Vatnajökuls. Á heiðum upp af byggð eru þekktar gamlar þjóðleiðir sem vilji er til að viðhalda. Við aðalgönguleiðirnar má gera ráð fyrir frekari uppbyggingu gönguskála.

Skemmtilegum reiðleiðum hefur fjölgað og liggja nokkrar þeirra úr byggð inn á hálendið. Meðal áhugaverðra möguleika eru hringleið um Fljótsdalsóræfi, hringleið suður með Jökulsá á Fjöllum, frá Möðrudal til byggða yfir Jökuldalsheiði.

Íbúar eru áhugasamir um útiveru og fram hafa komið óskir um nýlagningu og viðhald stíga, m.a. á Héraðsþingi 2005.

Í ljósi áherslna á náttúruvernd, útivist, ferðamennsku og aukna meðvitund um umhverfismál má ætla að lagning hjóla- og göngustíga sem samgöngumáta styrki áherslu Fljótsdalshéraðs á græna ímynd og velferð.

### 7.5.2 Stefna

Sveitarfélagið gengst fyrir lagningu stíga, sem auk nytsemdar fyrir íbúa leiða til fjölbreytilegri tækifæra fyrir gesti til þess að upplifa náttúru og sögu svæðisins.

Samþætta skal útivist og náttúruvernd til þess að sem flestir íbúar og gestir Fljótsdalshéraðs í nútíð og framtíð geti notið náttúrunnar. Sveitarfélagið efli umhverfissvæna ferðamennsku þar sem áhersla er lögð á sérkenni í náttúru og menningu.

Sveitarfélagið stuðlar að því að útivistarmöguleikar verði sem fjölbreyttastir, með góðu aðgengi að útivistarsvæðum, m.a. til íþróttaiðkunar sem tengist útivist.

### 7.5.3 Framfylgd stefnu

Sveitarstjórn sér til þess að í skipulagsáætlunum verði fjallað um stíga sem mikilvægar samgönguleiðir.

Lögð verði áhersla á lagningu göngu- og hjólastíga í þéttbýlinu, meðfram Eyvindará, umhverfis Lögin og út í Eiða. Hjóla- og göngustígar skulu vera hluti af samgöngum á svæðinu þar sem þess er kostur.

Við framkvæmdir verði forgangs­röðun verkefna ákveðin í samráði við landeigendur og hagsmunaaðila, svo sem útivistarfélag og ferðaþjónustuaðila. Fjárveitingar til stígagerðar verði í samræmi við þá sýn að þeir séu ein af mikilvægustu forsendum uppbyggingar í ferðaþjónustu.



## 8 Veitur og orkumál

### 8.1 Veitur almennt

#### 8.1.1 Forsendur

Búseta í jafn stóru og dreifbýlu sveitarfélagi og Fljótshéraði á mikið undir því að veitur séu traustar og vel við haldið. Sama máli gegnir um atvinnurekstur hvort sem um er að ræða framleiðslugreinar eða þjónustu við ferðamenn, þeir sem stunda atvinnu í héraðinu verða að geta reitt sig á öruggar veitur og tækniþjónustu. Fjarlægðir og ýmsir tæknilegir þættir valda því að aðgangur að veitukerfum verður óhákvæmlega nokkuð misjafn.

Í þéttbýli skiptir miklu máli fyrir stofnkostnað veitukerfa hvernig vali á byggingarlandi er háttað og hve þétt byggðin er.

#### 8.1.2 Stefna

Íbúar hafi sem bestan aðgang að öllum helstu grunnkerfum, svo sem vegum og veitum. Grunnkerfi skulu eftir því sem kostur er liggja innan sama helgunarsvæðis.

Við skipulagsákvæðanir skal hugað að afleiðingum þeirra á stofnkostnað veitukerfa og aðgengi almennings, með það í huga að sem flestir geti notið þjónustunnar og kostnaður sé hóflegur.

Hönnun og lagningu veitukerfa skal hagað þannig að afhendingaröryggi sé gott miðað við það sem almennt gerist. Huga skal að óvenjulegum aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. náttúruvá, eftir því sem líkindi gefa tilefni til.

Útlit, viðhald og frágangur veitumannvirkja skal vera vandað og í góðu samræmi við umhverfi sitt. Kerfishluta skal hylja þegar þess er kostur, t.d. með því að grafa pípur og strengi í jörð, ef það verður til þess að náttúrulegt umhverfi spillist síður.

#### 8.1.3 Framfylgd stefnu

Til þess að greiða fyrir lagningu grunnkerfa og aðgengi að þeim, skal litið svo á að ekki sé um breytingu á aðalskipulagi að ræða ef veita er lögð í jörð þar sem annað grunnkerfi er fyrir á yfirborði eða neðanjarðar, t.d. vegur eða lagnir annarrar veitu.

### 8.2 Fjarskipti

#### 8.2.1 Forsendur

Fjarskiptakerfi vega æ þyngra í ákvörðunum fólks um bústað og starfsstöð. Því má álykta að útbreiðsla boðveitna hafi bein áhrif á það hve stór hluti sveitarfélagsins helst í byggð og þá starfsemi sem verður í dreifbýli.

Mjög hröð tækniþróun gerir það að verkum að sífellt opnast nýir möguleikar og að sama skapi erfitt að sjá framtíðina fyrir. Jafnframt eru kerfi sem áður hafa verið aðskilin að færast yfir í eitt flutningskerfi sem flytur hverskyns stafræn gögn, t.d. síma og sjónvarp. Fjarskiptakerfi eru að mestu í höndum einkaaðila sem reka þau á markaðsforsendum og hafa að mestu leyti sjálfðæmi um útbreiðslu þeirra. Vegna þess hve fjarskipti eru mikilvæg fyrir byggð og samfélag í sveitarfélaginu hlýtur stjórnsvið þess þó beita áhrifum sínum til þess að reyna að tryggja sem almennast aðgengi að þessum kerfum.

#### 8.2.2 Stefna

Sveitarfélagið fylgist með uppbyggingu samgöngu- og fjarskiptakerfa og þeirri þjónustu sem íbúar, ekki síst í dreifbýli, njóta. Greiðar samgöngur og fjarskipti eru grundvallaratriði í nútíma þjóðfélagi og forsenda uppbyggingar og búsetu í dreifbýli.

#### 8.2.3 Framfylgd stefnu

Það telst eðlileg landnotkun á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum að þar sé komið fyrir mannvirkjum í þágu

fjarskipta almennings, þó með þeim takmörkunum að slík mannvirki rúmist innan 300 m<sup>2</sup> lóðar og möstur séu innan við 30 metra há. Í deiliskipulagi skal rökstutt að staðsetning og fyrirkomulag slíkra mannvirkja verði ekki til að rýra verulega umhverfisgæði. Sveitarstjórn getur heimilað slíkt mannvirki án deiliskipulags ef einsýnt er að það hafi ekki áhrif á hagsmuni annarra en landeiganda.

### 8.3 Fráveita

#### 8.3.1 Forsendur

Skólp á Egilsstöðum, Fellabæ og Hallormsstað er að mestu leyti hreinsað í fjögurra þrepa hreinsistöðvum og miðast frárennsli þeirra við viðkvæman viðtaka. Gert er ráð fyrir því að skólp sem ennþá fer í rotþrær verði hreinsað með sama hætti í hreinsistöðvum.

Sveitarfélagið innheimtir holræsagjald með fasteignagjöldum. Rekstur fráveitu er á ábyrgð sveitarfélagsins en vinna við fráveitu er að mestu aðkeypt af verktökum sem sinna viðgerðum og hreinsunum á lögnum auk þess að eiga og reka hreinsivirkin sjálf.

Ítarleg úttekt ásamt átaki á undanförunum árum hefur leitt það af sér að ástand rotþróa í dreifbýli er víðast hvar mjög gott og eftirlit með nýframkvæmdum tryggir að frágangur við nýbyggingar sé í samræmi við reglur.

Seyru er komið fyrir í gryfjum og gert ráð fyrir því að hún nýtist til skógræktar. Slíkar gryfjur eru starfsleyfis skyldar en teljast ekki förgunarstaðir og því ekki merktar sérstaklega á uppdrætti aðalskipulags.

#### 8.3.2 Stefna

Fráveitu- og úrgangsmál í sveitarfélaginu byggja á umhverfisvænum lausnum sem skipa því í fremstu röð á þessu sviði.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### 8.3.3 Framfylgd stefnu

Við skipulagningu og uppbyggingu frístundabyggða er krafist sameiginlegrar hreinsunar á skólpi.

Unnið verður áfram að uppsetningu hreinsistöðva í þéttbýli og eftirliti með rotþrómi í dreifbýli.

## 8.4 Hitaveita

### 8.4.1 Forsendur

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf annast rekstur hitaveitu á Egilsstöðum og í Fellabæ. Fundist hefur nægilegt vatn fyrir þá auknu eftirspurn sem fyrir sjáanleg er og því ekki þörf fyrir frekari boranir til orkuöflunar næstu árin. Þótt hitaveitan þjóni nú aðeins þéttbýlinu er áhugi á því að teygja hana út í dreifbýlið. Það er því aðeins mögulegt að tiltekinn lágmarksfjöldi notenda sé við enda stofnæðar til þess að tryggja lágmarksrennsli og þar með lágmarkshita á vatninu.

Með aukinni þróun á lagnaefnum fyrir hitaveitu, t.a.m. með notkun plastefna í rörum og hraðvirkari tækni við að plægja þau niður í jarðveginn breytast smám saman efnahagslegar forsendur útvíkkunar á veitusvæðinu.

Fyrirhugað er að styrkja stofnæð hitaveitu frá Urriðavatni að Egilsstöðum og Fellabæ. Gert er ráð fyrir að lagnaleiðin verði í vegöxl á þjóðvegi 1 frá kyndistöð að gönguleið sem liggur upp með Gálgakletti og að dælustöð við Tjarnarbraut.

### 8.4.2 Stefna

Sveitarfélagið gengst fyrir lagningu hitaveitu svo langt sem stofn- og rekstrarkostnaður leyfir enda standi sala á heitu vatni undir kostnaði og sé samkeppnishæft við aðra orkugjafa.

### 8.4.3 Framfylgd stefnu

Vísað er til starfsáætlana ásamt umhverfis- og öryggisstefnu Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

## 8.5 Rafveita

### 8.5.1 Forsendur

Um Fljótsdalshérað liggja háspennulínur sem eru hluti flutningskerfis raforku en það er Landsnet hf sem annast rekstur þeirra. Línur flutningskerfisins, með spennu 66 kV eða hærrí, eru eftirtaldar:

- Fljótsdalslína 2, frá Fljótsdalsstöð að tengivirkinu Hryggstekk. Línan liggur í jarðstreng frá Fljótsdalslínu að Brattagerði.
- Fljótsdalslínur 3 og 4, frá Fljótsdalsstöð að álverinu í Reyðarfirði.
- Kröflulína 2, frá Kröflu að Fljótsdalsstöð. Ráðgert er að fjarlægja eldri hluta línunnar frá miðri Fljótsdalsheiði að Brattagerði.
- Teigarhornslína 1, frá tengivirkinu Hryggstekk að Teigarhorni í Berufirði.
- Eyvindarárlína 1, frá Eyvindará að tengivirkinu Hryggstekk.
- Lagarfosslína 1, frá Lagarfossstöð að tengivirkinu Eyvindará. Ráðgert er að leggja rúmlega 5 km af línunni í jörð frá afleggjara að Tókastöðum að Eyvindará. Lega nýs jarðstrengs er sýnd á skipulagsupprætti og umhverfismat er sett fram í 10. kafla þessarar greinargerðar.
- Vopnafjarðarlína 1, frá Lagarfossstöð til Vopnafjarðar.
- Eskifjarðarlína 1, frá tengivirkinu Eyvindará að tengivirki í Eskifirði.
- Seyðisfjarðarlína 1, frá tengivirkinu Eyvindará að tengivirki á Seyðisfirði.
- Stuðlalína 1, háspennujarðstrengur frá tengivirkinu Hryggstekk að tengivirki að Stuðlum í Reyðarfirði.

- Ljósleiðarar liggja meðfram Fljótsdalslínu 3 og frá Fljótsdalsstöð yfir Fljótsdalsheiði áleiðis til Kröfluvirkjunar. Gert er ráð fyrir ljósleiðurum með öllum nýjum háspennulínunum.

Lega ofangreindra lína kemur fram á sveitarfélagsupprætti.

Háspennulínunum fylgir helgunarsvæði þar sem óheimilt er að reisa önnur mannvirki, sbr. reglugerð 586/2004.

Dreifikerfi almenningsveitna, á spennu undir 66 kV, er ekki sýnt á uppráttum.



### 8.5.2 Stefna

Sveitarfélagið leitast við að auðvelda aðgengi að raforku þar sem þess er þörf og að afhendingaröryggi sé gott. Við endurnýjun raflína verði leitast við að bjóða þriggja fasa tengingar.

### 8.5.3 Framfylgd stefnu

Áhersla er lögð á gott samstarf við fyrirtæki sem sinna framleiðslu og dreifingu á raforku.





## 8.6 Sorpförgun

### 8.6.1 Forsendur

Sorpstöð Héraðs sér um úrgangsmál á Fljótaldalshéraði undir umsjón umhverfisfulltrúa. Tekið er á móti flestum tegundum úrgangs á gámasvæði Sorpstöðvar Héraðs á Egilsstöðum auk þess sem grenndargámar fyrir fernur, pappa og pappír eru á Egilsstöðum og í Fellabæ. Sorphreinsun fer fram á 10 daga fresti. Hægt er að sækja um græna tunnu sem er losuð á 20 daga fresti auk þess sem hægt er að kaupa viðbótar tunnu á gámasvæði sorpstöðvarinnar.

Íbúar geta einnig skilað inn 50 kg af sorpi í hverjum mánuði á gámasvæðið sér að kostnaðarlausu. Nytjagámur er á gámasvæðinu þar sem fólk getur gefið hluti sem það er hætt að nota til endurnýtingar.

Tjarnarland er framtíðarsvæði urðunar en vegna aukins álags og aukinna krafna er líftími staðarins óljós.

### 8.6.2 Stefna

Fráveitu- og úrgangsmál í sveitarfélaginu byggi á umhverfisvænum lausnum sem skipa því í fremstu röð á þessu sviði. Þjónusta sveitarfélagsins við íbúa og fyrirtæki miði að því að þeim úrgangi sem myndast sé komið í endurnotkun og endurnýtingu um leið og áhersla er lögð á að dregið sé með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins og unnt er.

Það sorp sem ekki er hægt að endurnota eða endurnýta fari til urðunar, og sú meginregla höfð að leiðarljósi að eigandi úrgangsins greiði allan kostnað við meðhöndlun hans.

Meðhöndla skal allan úrgang á viðeigandi hátt og beita við það bestu fánlegu tækni, sérstaklega hvað varðar lífrænan úrgang, landbúnaðarplast, ökutæki og raftækjaúrgang. Minnka skal lífrænan úrgang sem fer í urðun.

Fljótaldalshérað hefur frumkvæði að samvinnu um heildarlausnir sveitarfélaga á Austurlandi.

Vel skal staðið að aðstöðu fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs, svo sem með grenndarstöðvum, móttökustöðvum og urðunarstöðum, til þess að flokkun sorps verði íbúum og fyrirtækjum sjálfsgöð og auðveld.

### 8.6.3 Framfylgd stefnu

Tekið verður í notkun þriggja tunnu sorphirðukerfi sem ætlast er til að allir íbúar nýti til sorpflokkunar. Tunnurnar miðast við flokkun í almennt sorp, endurvinnslu og jarðgerð. Sorpi til jarðgerðar verður safnað í þéttbýli en í dreifbýli verður miðað við heimajarðgerð til þess að minnka sorpflutninga.

Kortleggja skal smáa urðunarstaði sem innihalda riðusmit, asbest, milltisbrand eða annað sem ógnað getur heilsu og umhverfi. Verkinu ljúki fyrir árslok 2010.

Gjaldskrár sveitarfélagsins fyrir móttöku og förgun sorps verði hagað í samræmi við stefnu.

Vísað er til starfsáætlana Sorpstöðvar Héraðs.

## 8.7 Vatnsveita

### 8.7.1 Forsendur

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf sér um rekstur vatnsveitu í þéttbýlinu á Fljótaldalshéraði, auk Hallormsstaðar og Eiða.

Á Egilsstöðum er vatn tekið úr fjórum borholum. Þessar holur eru á Egilsstaðanesi, á milli Eyvindarár og Lagarfjós. Þær uppfylla yfirleitt vatnspörfina en á miklum álagstímum og í þurrkatíð hefur þurft að tengjast Fellavatnsbóli sem er staðsett austan flugbrautar, norðan við borholurnar. Vatnið telst gott en vatnsbólið hefur verið talið á óheppilegum stað vegna mengunarhættu, sem er töluverð þar sem olúgeymar, búfænaður og áburðarnotkun er í nágrenni vatnsbólsins.

Vatn til iðnaðarnota og til að slökkva eld er tekið úr borholu við Urriðavatn, fyrir iðnaðar- og athafnasvæði næst vatninu.

Fyrirhugað er að nýta núverandi vatnsból sem varavatnsból. Tveir staðir hafa verið rannsakaðir með það fyrir augum að nýta sem nýtt vatnsból þéttbýlisins. Annars vegar eru það Haugahólar í Skriðdal, sem er mjög gjöfult svæði en það er 30-40 km í burtu. Nauðsynlegt er að taka svæðið frá sem framtíðarvatnsból.

Búið er að festa kaup á landi við Köldukvísl á Eyvindarárdal. Þar er gert ráð fyrir að verði megin neysluvatnsból fyrir þéttbýli á Egilsstöðum og Fellum. Stefnt er að því að taka það í notkun haustið 2009. Gera þarf ráð fyrir að vatnsbólin á Egilsstaðanesi verði til vara til að auka rekstraröryggi fyrst um sinn en fara þarf yfir þörfina á nýtingu þeirra þegar búið er að virkja og meta framtíðararkost vatnsbólanna á Eyvindarárdal. Taka þarf tillit til vatnsöflunarmöguleika við þurðarstaði í Eyvindarárdal.

Á Hallormsstað er vatn fengið úr safnrunni við Staðará og leitt þaðan í miðlunargeymi. Lindir í Bjargseisbotnum verða því varavatnsból í framtíðinni. Veitan fullnægir neysluvatnspörfinni á svæðinu og er vatnið gott að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Vökvunarvatn fyrir gróðrarstöð er tekið með stíflu í Kerlingará.

Á Eiðum er vatn fengið úr þremur borholum skammt austan við Þjóðveg. Vatnið er talið ættað úr Austfjarðafjallgarðinum þannig að erfitt getur verið að skilgreina verndarsvæði vatnsbólsins. Vatnið er talið gott að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Í dreifbýlinu er vatnsöflun víða torveld vegna þess hve þéttur jarðvegurinn er og vatnsskortur getur takmarkað starfsemi, t.d. ferðaþjónustu.

### 8.7.2 Stefna

Sveitarfélagið leitast við að sjá íbúum í þéttbýli fyrir góðu og heilnæmu drykkjarvatni.

Sveitarfélagið sér til þess að þeir sem afla drykkjarvatns í dreifbýli hafi aðgang að góðri ráðgjöf og sérþekkingu.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### 8.7.3 Framfylgd stefnu

Vísað er til starfsáætlana og gæðastjórnunar Hitaveitu Egilsstaða og Fella sem annast vatnsveitu fyrir sveitarfélagið.

Allt neysluvatn verði ávallt gæðavottað.

## 8.8 Vinnsla og notkun orku

### 8.8.1 Forsendur

Hitaveita Egilsstaða og Fella sér íbúum í þéttbýli fyrir varmaorku með dreifingu á heitu vatni úr fjórum borholum. Uppsett varmaafli nemur nú um 23 MW varmaafis en með litlum tilkostnaði er hægt að auka varmaaflið í 32 MW.

Tvö raforkuveru eru innan sveitarfélagsins, Grímsárvirkjun (2,4 MW) og Lagarfossvirkjun (28 MW) auk aðveitumannvirkja Kárahnjúkavirkjunar. Uppsett afl framangreindra tveggja raforkuvera er rúmlega það sem nemur hlutfalli íbúafjölda í heildarafli raforkuvera á Íslandi.

Vaxandi áhugi er á ýmiss konar orkuvinnslu í smáum stíl, ekki síst litlum vatnsvirkjunum enda ör tækniþróun á þessu sviði. Ætla má að víða í sveitarfélaginu leynist tækifæri til þess að koma við smávirkjunum. Sjö bændavirkjanir eru nú þegar til staðar.

### 8.8.2 Stefna

Auðlindanotkun sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja miði að því að draga sem mest úr notkun jarðefnaeldsneytis um leið og áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa.

Sveitarfélagið vill greiða götu þeirra sem vilja virkja orku í smáum stíl enda verði í skilmálum deiliskipulags gerð skýr krafa um vandaðan frágang og minnstu möguleg umhverfisáhrif, þótt ekki sé um tilkynningarskylda framkvæmd að ræða.

### 8.8.3 Framfylgd stefnu

Það telst eðlileg landnotkun á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum að þar sé komið fyrir mannvirkjum til framleiðslu á raforku í smáum stíl enda nái slík mannvirki ekki því umfangi að framkvæmdin sé tilkynningarskyld. Í deiliskipulagi skal rökstutt að staðsetning og fyrirkomulag slíkra mannvirkja verði ekki til að rýra verulega umhverfisgæði. Sveitarstjórn getur heimilað slíkt mannvirki án deiliskipulags ef einsýnt er að það hafi ekki áhrif á hagsmuni annarra en landeiganda.



## 9 Landnotkun

Í þessum kafla eru einstök svæði tilgreind og auðkennd ásamt þeim skipulagsákvæðum sem kunna að eiga við hvert þeirra sérstaklega umfram þá stefnu sem fram kemur í fyrri köflum og kann að eiga við svæðin á mismunandi hátt eftir aðstæðum.

Þar sem landnotkun er blönduð er sami reitur færður í hvern þeirra flokka sem blöndunin samanstendur af og gerð grein fyrir skilmálum hvernar notkunar eftir því sem við á.

Auðkenni í töflum koma fram á uppdráttum. Öll svæðaafmörkun á skipulagsuppdráttum er skematísk, þ.e. lýsir afmörkun landnotkunarreitna í meginráttum. Nákvæm mörk landnotkunarreitna skulu skilgreind í deiliskipulagi eða gögnum vegna leyfisveitinga.

### 9.1 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrífnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

B1 Þegar skipulögð íbúðarbyggð á Egilsstöðum  
Ekki er gert fyrir verulegum breytingum – þó er heimilt að leyfa nýbyggingar, viðbyggingar og stækkanir þannig að það falli að landi og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er, enda sé uppbygging vel kynnt í deiliskipulagsferli eða með grenndarkynningu eftir því sem við á.

B2 Þegar skipulögð íbúðarbyggð í Fellabæ  
Ekki er gert fyrir verulegum breytingum – þó er heimilt að leyfa nýbyggingar, viðbyggingar og stækkanir þannig að það falli að landi og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er, enda sé uppbygging vel kynnt í deiliskipulagsferli eða með grenndarkynningu eftir því sem við á.

B3 Suðursvæði á Egilsstöðum (um 21 ha)  
Svæðið er smækkað verulega frá fyrra skipulagi þar sem áhersla hefur verið lögð á þróun byggðar til norðurs og þéttingu. Gert er ráð fyrir um 185 nýjum íbúðum á þessu svæði samanber gildandi deiliskipulag.

B4 Selbrekka (11,4 ha)  
Hverfið er í byggingu skv. gildandi deiliskipulagi og alls er gert ráð fyrir 130-150 íbúðum.

B5 Votihvammur (7,5 ha)  
Svæðið er byggt að hluta skv. gildandi deiliskipulagi. Þar sem alls er gert ráð fyrir 110-112 íbúðum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í samræmi við deiliskipulagið.

B6 Íbúðarbyggð á Hallormsstað  
Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á Hallormsstað í samræmi við gildandi deiliskipulag. Gæta skal þess að húsagerðir, lita- og efnisval falli vel að umhverfinu á staðnum.

B7 Íbúðarbyggð á Eiðum  
Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á landi sveitarfélagsins í samræmi við gildandi deiliskipulag. Öll framtíðar uppbygging íbúðarhúsnæðis á Eiðum skal taka mið af landslagi og yfirbragði staðarins en nánari skilmálar verða settir í deiliskipulagi.

B8 Fossgerði  
Gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum.

B9 Einbýlishúsaþbyggð vestan í Hömrum, Egilsstöðum (um 4,0 ha)  
Gert er ráð fyrir sérbýlishúsaþbyggð sem falli vel að sérstæðu landslagi, alls er gert ráð fyrir um 10 - 15 íbúðum á svæðinu.

B10 Norður Kollur  
Tvær íbúðarhúsalóðir á landi Egilsstaða II.

B11 Þrándarstaðir  
Þrándarstaðir. Tvö svæði alls 14,4 ha, skilgreind sem blönduð landnotkun, íbúðarsvæði og opið svæði til sérstakra nota. Þar er heimilt að reisa alls 22 íbúðarhús skv. gildandi deiliskipulagi.

B12 Íbúðarlóð á landi Egilsstaða II  
Eitt íbúðarhús á íbúðarlóðinni og ekki gert ráð fyrir fleirum.

B13 Unalækur  
Alls 72 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 33 lóðum fyrir blandaða íbúðarbyggð sbr. gildandi deiliskipulag.

B14 Randaberg  
Eitt íbúðarhús og ekki gert ráð fyrir fleirum.

B15 Uppsalar  
32 íbúðarhúsalóðir og 15 lóðir fyrir frístundahús á alls 13 ha svæði sbr. gildandi deiliskipulag.



## 9.2 Miðsvæði

- M1 Miðbæjarkjarni á Egilsstöðum
- Heimilar eru nýbyggingar, viðbyggingar og stækkanir þannig að það falli að landi, yfirbragði byggðar sem fyrir er og hlutverki svæðisins sem miðkjarna.
- Leitast verði við að þétta byggðina þar sem tækifæri er til og að beina nýrri verslun og þjónustu á miðsvæði.
- Ásýnd byggðarinnar verði aðlaðandi og frágangur gatna og torgsvæða sé vandaður, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni sem vísa til einkenna byggðarinnar.


## 9.3 Blönduð svæði

Á blönduðum svæðum er gert ráð fyrir íbúðabyggð og tilheyrandi nærþjónustu ásamt fjölþættri atvinnustarfsemi sem samræmist íbúðabyggð. Á blönduðum svæðum er ekki heimilt að leyfa starfsemi sem á heima á athafnasvæðum eða iðnaðarsvæðum.

Gert er ráð fyrir að þéttleiki verði 12-18 íbúðir á hektara, brúttó. Gera skal ráð fyrir leiksvæðum og góðum göngutenginum íbúðabyggðarinnar við skóla og aðrar þjónustustofnanir. Almenn er ekki gert ráð fyrir hærri byggingum en sem nemur 3 hæðum. Nánari skilmálar verði settir í deiliskipulagi um yfirbragð byggðar og aðlögun að landslagi.

- L1 Eyvindará  
Gert er ráð fyrir því að hér sé megin vaxtarsvæði byggðar á Egilsstöðum.
- L2 Tjarnarbraut, frá Nielsenreit að Selási  
Húsaröð vestan Tjarnarbrautar er tilgreind sem blönduð byggð í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á svæðinu.
- L3 Vesturjaðar Selskógar
- L4 Suðursvæði  
Gert er ráð fyrir lágrestri byggð, allt að tveimur hæðum.
- L5 Blönduð byggð í Fellabæ

Skýringarmyndin hér fyrir neðan sýnir tvö svæði með ljósfjólubláum lit, sunnan þéttbýlisins og í landi Eyvindarár, þar sem sveitarfélagið gerir ráð fyrir blandaðri byggð, að skipulagstímabili loknu. Þessi skýringarmynd er til upplýsingar en er ekki hluti af staðfestri skipulagsáætlun.





## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### 9.4 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á neðangreindum svæðum fyrir þjónustustofnanir er ekki gert ráð fyrir breytingum nema það sé sérstaklega tekið fram.

T1	Heilbrigðisstofnun og kirkja Gert er ráð fyrir nýbyggingum og viðbyggingum í góðu samræmi við byggingar sem fyrir eru. Reiturinn verði að fullu nýttur fyrir byggingar en þær verði að jafnaði ekki hærri en 3 hæðir og taki mið af landslagi.
T2	Menntaskólinn á Egilsstöðum Gert er ráð fyrir nýbyggingum og viðbyggingum í góðu samræmi við byggingar sem fyrir eru. Reiturinn verði að fullu nýttur fyrir byggingar en þær verði ekki hærri en 3 hæðir.
T3	Grunnskóli, leikskóli og íþróttahús Gert er ráð fyrir tónlistarskóla á þessum reit og stækkun íþróttahúss.
T4	Vonarland Gert er ráð fyrir nýbyggingum og viðbyggingum í góðu samræmi við byggingar sem fyrir eru. Reiturinn verði að fullu nýttur fyrir byggingar en þær verði ekki hærri en 3 hæðir. Verslun og þjónusta verði einnig leyfð á þessum reit.
T5	Safnahús – Egilsstöðum
T6	Leikskóli Fyrir liggur deiliskipulag leikskólabyggingar á tveimur hæðum.
T7	Þjónusta á suðursvæði Hér verði þjónustustofnanir fyrir íbúa á suðursvæði, t.d. leikskóli. Einnig er gert ráð fyrir verslun og þjónustu. Byggingar falli vel að umhverfinu og verði ekki hærri en 2 hæðir. Svæðið verði mjög aðgengilegt gangandi og hjólandi vegfarendum.

T8	Athafna- og þjónustusvæði við flugvöll Á svæðinu verði einkum flugtengd starfsemi. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um útlit, frágang og umgengni á svæðinu.
T9	Leikskóli Fellabæ
T10	Fellaskóli
T11	Þjónustusvæði í Fellabæ Gert er ráð fyrir almennri verslun og þjónustu á þessum reit auk þjónustustofnana.
T12	Eiðar – Grunnskóli og leikskóli
T13	Eiðar - Kirkjumíðstöð austurlands
T14	Eiðar – Alþýðuskóli og kirkja
T15	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað
T16	Geirsstaðakirkja í Hróarstungu Tilgátukirkja á vegum Minjasafns Austurlands
T17	Brúarás - skólasvæði
T18	Galtastaðir fram Safn á vegum Þjóðminjasafns Íslands
T19	Trúarstofnanir í dreifbýli: Ás, Vallanes, Sleðbrjótur, Hofteigur, Eiríksstaðir, Kirkjubær, Þingmúli, Möðrudalur og Hjaltastaður Á þessum stöðum eru grafreitir. Engar verulegar breytingar eru fyrirhugaðar.
T20	Félagsheimili í dreifbýli: Iðavellir, Tungubúð, Arnhólsstaðir og Hjaltalundur.



<b>9.5 Verslunar og þjónustusvæði</b>			
V1	Skógarlönd - Valaskjálfr Ekki er gert ráð fyrir breytingum á reitnum.	V9	Þjónustumiðstöð og tjaldstæði við Hallormsstað
V2	Gistihús að Egilsstöðum Ekki er gert ráð fyrir breytingum á reitnum.	V10	Randaberg Gisting og veitingasala.
V3	Svæði við Flugvöll (13,2 ha) Gert er ráð fyrir verslun og þjónustu sem tengist nálægð við Flugvöll og Þjóðveg, t.d. bílaleigur. Reiturinn er einnig tilgreindur sem athafnasvæði. Gert er ráð fyrir að verslun og þjónusta komi í stað landbúnaðarnota þegar þörf þykir. Í deiliskipulagi verði settar strangar kröfur um ásýnd svæðisins sem hluta af ásýnd bæjarins alls.	V11	Verslun og þjónusta við Fagradalsbraut Heimilar eru nýbyggingar, viðbyggingar og stækkanir þannig að það falli að landi, yfirbragði byggðar og styrki þá byggð sem fyrir er. Allur frágangur á umhverfi skal vandaður. Á svæðinu verði fyrst og fremst ýmis þjónusta og verslun sem þjónar byggð í næsta nágrenni. Annarri verslun verði beint á miðsvæði.
V4	Nielsenreitur Ekki er gert ráð fyrir breytingum á reitnum.	V12	Verslun og þjónusta við Miðás Reiturinn er einnig tilgreindur sem athafnasvæði en með ströngum kröfum um yfirbragð, sjá A2. Heimilar eru nýbyggingar, viðbyggingar og stækkanir þannig að það falli að landi, yfirbragði byggðar og styrki þá byggð sem fyrir er. Allur frágangur á umhverfi skal vandaður. Á svæðinu verði fyrst og fremst ýmis þjónusta og verslun sem þjónar byggð í næsta nágrenni. Annarri verslun verði beint á miðsvæði.
V5	Þjónusta á suðursvæði (1,4 ha) Hér verði verslun og þjónusta fyrir íbúa á suðursvæði auk þjónustustofnana á borð við leikskóla. Byggingar falli vel að umhverfinu og verði ekki hærrí en 2 hæðir. Svæðið verði mjög aðgengilegt gangandi og hjólandi vegfarendum.	V13	Svartiskógur Gisting, tjaldstæði og veitingasala.
V6	Vonarland Gert er ráð fyrir nýbyggingum og viðbyggingum í góðu samræmi við byggingar sem fyrir eru. Reiturinn verði að fullu nýttur fyrir byggingar en þær verði ekki hærrí en 2 hæðir. Á reitnum er einnig gert ráð fyrir þjónustustofnunum. Verslun og þjónusta valdi ekki ónæði eða hættulegri bílaumferð í nálægum íbúðahverfum.	V14	Hallormsstaður Verslun og þjónusta einkum ætluð ferðamönnum, svo sem gisting og veitingasala.
V7	Reynivellir / Tjarnarbraut Verslun og þjónusta á tveimur lóðum.	V15	Vínland Gisting og veitingasala.
V8	Þjónustusvæði í Fellabæ (2,3 ha) Gert er ráð fyrir þjónustustofnunum auk almennrar verslunar og þjónustu.	V16	Aðalból Gisting, tjaldstæði og veitingasala.
		V17	Klaustursel Dýragarður, verslun o.fl.
		V18	Húsey Farfuglaheimili
		V19	Veidihúsið Hálsakot
		V20	Gisting, tjaldsvæði og veitingasala á Stóra-Sandfelli
		V21	Möðrudalur Gisting, tjaldstæði og veitingasala
		V22	Sænautasel Veitingasala og minjasafn fyrir ferðafólk á sumrin
		V23	Skjöldólfsstaðir Gisting, tjaldstæði og veitingasala
		V24	Grundartún, Fellabæ Reiturinn er einkum ætlaður fyrir verslanir og nærþjónustu. Hann er einnig skilgreindur sem athafnasvæði.
		V25	Miðhús Gisting og sala á varningi.
		V26	Eyvindará II Ferðaþjónusta með gistingu í smáhúsum
		V27	Laugavellir Möguleg sala á gistingu í fjallaskála með lágmarksumfangi.
		V28	Kárahjúkastífla Upplýsinga og þjónustumiðstöð við vesturenda stíflunnar.
		V29	Sigurðarskáli Skála- og tjaldgisting fyrir ferðafólk ásamt lítills háttar sölu á nauðsynjum.
		V30	Snæfellsskáli Skála- og tjaldgisting fyrir ferðafólk ásamt lítills háttar sölu á nauðsynjum.
		V31	Ekra Gisting, tjaldstæði og veitingasala



### 9.6 Athafnasvæði

Athafnasvæði til framtíðar færast að mestu yfir í norðanverðan Fellabæ.

A1	Miðás - suður Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um útlit, frágang og umgengni á svæðinu. Mannvirki á svæðinu séu ekki hærri en 3 hæðir eða 10 metrar.
A2	Miðás - norður Landnotkun breytist úr blöndu iðnaðar- og athafnasvæðis í blöndu athafna- og miðsvæðis. Með því er lögð aukin áhersla á snyrtilega starfsemi sem sómir sér vel svo nærri hjarta bæjarins. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um útlit, frágang og umgengni á svæðinu. Mannvirki á svæðinu séu ekki hærri en 3 hæðir eða 10 metrar.
A3	Mjólkurstöðin Gert er ráð fyrir að landnotkun á þessum reit verði að mestu óbreytt.
A4	Athafnasvæði norðan Smiðjusels í Fellabæ Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og allur frágangur á umhverfi vandaður. Jaðar svæðisins við þjóðveginn verði girtur þéttum, hávöxnum gróðri.
A5	Athafnasvæði í Eyvindarárlandi Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og allur frágangur á umhverfi vandaður. Jaðar svæðisins við þjóðveginn verði girtur þéttum, hávöxnum gróðri.

A6	Athafna- og þjónustusvæði við flugvöll. Athafnasvæði við flugvöllinn blandast svæði fyrir þjónustustofnanir næst flugvallarmannvirkjunum sjálfum og verslunar og þjónustusvæði nær þjóðvegnum. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um útlit, frágang og umgengni.
A7	Selssvæði í Fellabæ Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og allur frágangur á umhverfi vandaður. Jaðar svæðisins við þjóðveginn verði girtur þéttum, hávöxnum gróðri.
A8	Athafnasvæði sunnan Hringveggar í Fellabæ Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og allur frágangur á umhverfi vandaður. Jaðar svæðisins við þjóðveginn verði girtur þéttum, hávöxnum gróðri.
A9	Athafnasvæði á Hallormsstað Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og í góðu samræmi við yfirbragð staðarins. Allur frágangur á umhverfi sé vandaður.
A10	Langbylgjuendurvarpsstöð á Eiðum
A11	Skógrækt ríkisins Hallormsstað Svæðið er eingöngu ætlað fyrir starfsemi sem tengist skógrækt, svo sem gróðurhús, vélageymslur og þess háttar.

### 9.7 Iðnaðarsvæði

Gert er ráð fyrir iðnaðarsvæðum til framtíðar við suðurenda Urriðavatns.

I1	Spennivirki RARIK við Eyvindará
I2	Hryggstekkur, spennivirki
I3	Lagarfossvirkjun
I4	Grímsárvirkjun
I5	Rangárvirkjun
I6	Selhöfði Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og allur frágangur á umhverfi vandaður. Jaðar svæðisins við þjóðveginn verði girtur þéttum, hávöxnum gróðri.
I7	Skólphreinsivirki Áhersla er lögð á að yfirbragð skólphreinsivirkja falli vel að umhverfinu.
I8	Þrándarstaðir, trésmíðaverkstæði
I9	Tunghagi, plastverksmiðja
I10	Teigasel
I11	Dælustöð HEF
I12	Hrólfstaðir, loðdýrabú
I13	Selssvæði í Fellabæ Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og allur frágangur á umhverfi vandaður. Jaðar svæðisins við þjóðveginn verði girtur þéttum, hávöxnum gróðri.
I14	Kyndistöð á Hallormsstað
I15	Gámasvæði á Egilsstöðum Á svæðinu er móttökustöð fyrir sorp til endurvinnslu.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### 9.8 Svæði fyrir frístundabyggð

Svæði, þar sem eru eða áformað er að hafa þrjú frístundahús eða fleiri, skulu tilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að hafa eitt eða tvö frístundahús á hverju lögbýli án sérstakrar tilgreiningar í aðalskipulagi.

Í eftirfarandi töflum eru listar yfir svæði eða jarðir þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð. Við gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð skal þess sérstaklega gætt að ekki sé gengið á mikilvæg náttúrufrýrbæri, votlendi né gott ræktarland og að frístundabyggðin falli vel að landslagi.

Við samþykkt deiliskipulags fyrir frístundabyggð skal hafa Náttúrumæraskrá Fljótshéraðs (2008) sem unnin hefur verið í tengslum við aðalskipulagsgerðina til hliðsjónar. Þá skal, áður en deiliskipulag er samþykkt gæta þess að þar sé tekið tillit til sé tekið til stefnu Fljótshéraðs um viðhald landbúnaðarlands, vatnsvernd, ásýnd lands og lágmarks áhrifum á umhverfi (sbr. kafla 3.4.1. og 3.6.1.).

Á svæðum fyrir frístundabyggð skal koma upp sameiginlegu fráveitukerfi.

Svæði sem þegar eru deiliskipulögð eru auðkennd með (D) aftan við heiti.

Tafla 1: Svæði þar sem heimilt er að byggja allt að 10 frístundahús á samfelldu 10 ha svæði að hámarki. Nánari skilmálar eru settir í deiliskipulagi.

F1	Arnórsstaðir
F2	Birnufell
F3	Blöndubakki
F4	Dagverðargerði
F5	Ekkjufell
F6	Ekra

F7	Eyjófsstaðir, Völlum
F8	Finnsstaðir 1
F9	Finnstaðasel
F10	Fljótsbakki 2
F11	Flúðir
F12	Grund
F13	Hafrafell
F14	Haugar
F15	Hákonarstaðir 1og 3
F16	Hjarðargrund
F17	Hrafnabjörg I og III
F18	Hreimsstaðir
F19	Hrófsstaðir
F20	Kaldá
F21	Ketilsstaðir, Völlum
F22	Klaustursel
F23	Kóreksstaðir
F24	Lindarhóll
F25	Litla Steinsvað
F26	Meðalnes
F27	Miðhús
F28	Prestakershöfði
F29	Reynihagi
F30	Setberg
F31	Skipalækur
F32	Skógargerði
F33	Staffell
F34	Stangarás

F35	Stóravík
F36	Strönd
F37	Torfastaðir
F38	Urriðavatn
F39	Urriðavatn 2
F40	Vaðbrekka
F41	Víðilækur

Tafla 2: Svæði þar sem heimilt er að reisa 11 eða fleiri frístundahús samkvæmt nánari skilmálum í deiliskipulagi.

F50	Beinargerði (D)
F51	Eiðar, svæði BSRB
F52	Einarsstaðir, svæði ASA
F53	Eyjófsstaðaskógur, Skógræktarfélag Austurlands (D)
F54	Hallgeirsstaðir, Tunguás (D)
F55	Hjallaskógur
F56	Unalækur (D)
F57	Uppsaliir
F58	Úlfsstaðir (D)
F59	Vínland
F60	Hleinagarður





Tafla 3: Fjallaskálar, gangnamannakofar og neyðarskýli

Ekki er gert ráð fyrir frekari framkvæmdum á þessum svæðum öðrum en þeim sem fela í sér viðhald og minni háttar endurbætur á þeim mannvirkjum sem fyrir eru.

F71	Kofi við Sandvatn
F72	Melstaður, gangnamannakofi Fellamanna
F73	Kofi við Hnjúksvatn
F74	Kofi við Þríhyrningsvatn
F75	Kofi í Arnardal
F76	Kofi í Fjallaskarði
F77	Landvarðarskáli í Hvannalindum
F78	Kofi í Grágæsadal
F79	Kofi Jökklarannsóknafélagsins
F80	Kofi á Smjörvatnsheiði
F81	Snæfellsskáli
F82	Bjarnarhýði
F83	Sauðárkofi

**9.9 Opín svæði til sérstakra nota**

O1	Græn svæði á Egilsstöðum
O2	Lómatjarnarreitur, Egilsstöðum
O3	Tjaldsvæði, Egilsstöðum
O4	Íþróttasvæði á Egilsstöðum
O5	Hamrar
O6	Græn svæði í Fellabæ
O7	Fljótsbakki í Fellabæ norðan brúar
O8	Íþróttasvæði í Fellabæ
O9	Votlendi í Fellabæ
O10	Ekkjufell, Golfvöllur
O11	Selskógur
O12	Grafreitir í þéttbýli Egilsstöðum, Fellabæ, við Egilsstaðabýlið, á Hallormsstað og að Eiðum.
O13	Útivistarsvæði við Eyvindará
O14	Eyjófsstaðaskógur Svæðið er ætlað til útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast almennri útiveru og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Minni háttar mannvirki og starfsaðstaða vegna skógræktar er heimil.

O15	Höfði Svæðið er ætlað til útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast almennri útiveru og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Minni háttar mannvirki og starfsaðstaða vegna skógræktar er heimil.
O16	Skotæfingasvæði við Þuridarstaði Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um útlit, frágang, mengunarvarnir og umgengni á svæðinu. Svæðið skal þannig úr garði gert að engin hætta sé búin fólki og mannvirkjum. Vegna nálægrar raflínu ber að tryggja öruggt aðgengi að línunni vegna framkvæmda og viðhalds samkvæmt nánara samkomulagi við Landsnet. Skotgeirar á svæðinu ná yfir allt að 10 ha svæði og hús á 0,5 ha svæði.
O17	Finnsstaðir, golfvöllur
O18	Tjaldsvæði við Atlavík og Þurshöfðavík Á svæðinu er trjásafn.
O19	Hallormsstaðarskógur frá Gilsá í suðri að Mjóanesi í norðri. Til svæðisins teljast einnig jarðirnar Buðlungavellir og Hafursá auk hluta af Mjóanesi. Svæðið er ætlað til útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast almennri útiveru og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Minni háttar mannvirki og starfsaðstaða vegna skógræktar er heimil.



O20	Grænt svæði á Hallormsstað Útivistarsvæði innan þéttbýlis þar sem gert er ráð fyrir leik og útiþróttum með minniháttar aðstöðu en án bygginga.
O21	Íþróttasvæði á Eiðum Æfingasvæði fyrir íþróttir. Ekki er gert ráð fyrir byggingum á svæðinu.
O22	Eiðaskógur og Gröf Svæðið er ætlað til útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast almennri útiveru og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Gert er ráð fyrir listastarfsemi á Eiðum og í Eiðaskógi og minni háttar mannvirkjum sem henni tengjast. Minni háttar mannvirki og starfsaðstaða vegna skógræktar er heimil.
O23	Miðhúsaskógur Svæðið er ætlað til útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast almennri útiveru og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Minni háttar mannvirki og starfsaðstaða vegna skógræktar er heimil.
O24	Egilsstaðaháls (Prestshöfði) (58,1 ha) Svæðið er ætlað til útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast almennri útiveru og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.
O25	Fossgerði – svæði fyrir hestamenn Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast hestamennsku.

O26	Þrándarstaðir Leiksvæði ætlað íbúum á nálægum íbúðasvæðum.
O27	Stekkhólmi (Íðavellir) Gert er ráð fyrir reiðhöll og aðstöðu fyrir hestamenn
O28	Vínland Útivistarsvæði í tengslum við frístundabyggð, sbr. gildandi deiliskipulag.
O29	Unalækur Útivistarsvæði með íþróttaaðstöðu í tengslum við byggð á svæðinu, sbr. gildandi deiliskipulag.
O30	Fólkvangur við Urriðavatn Gestaaðstaða og útivistarsvæði.
O31	Skipalækur Tjaldsvæði

### 9.10 Efnistökusvæði

Efnistaka er heimil á neðangreindum stöðum, sem sýndir eru á skipulagsuppráttum að fengnu framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn getur einnig veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr sjó, innan netalaga og í botni vatnsfalla á stöðum sem nafngreindir eru í greinargerð skipulagsins en án merkingar á skipulagsupprátt, að höfðu samráði við eigendur aðliggjandi landareigna.

Ekki er krafist deiliskipulags fyrir efnistökusvæði en með umsókn um framkvæmdaleyfi skulu fylgja ítarleg gögn um stærð og staðsetningu efnistökusvæðisins, fyrirkomulag efnisvinnslu og frágang að vinnslu lokinni. Stærð svæðanna er ekki tiltekin í aðalskipulagi en tiltaka ber í framkvæmdaleyfisumsókn það umfang efnistöku sem fyrirsjáanlegt er a.m.k. til næstu tveggja ára. Að þeim tíma liðnum, þarf að endurnýja framkvæmdaleyfi sé efnisvinnslu haldið áfram.

Umsóknir um efnistökusvæði í árfarvegum, í sjó og í botni vatnsfalla skulu ávallt kynntar forsvarsaðilum aðliggjandi jarða en einnig forsvarsmönnum veiðifélaga, Umhverfisstofnun, lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu, Landgræðslu ríkisins og öðrum þeim sem sveitarstjórn telur að eigi hagsmuna að gæta.

Á efnistökusvæðum innan verndarsvæða ber að gæta sérstakrar varúðar og gera ítarlega grein fyrir því í framkvæmdaleyfisumsókn hvernig aðgát verður viðhöfð með hliðsjón af verndargildi og sérstöðu viðkomandi svæðis.

Minni háttar efnistaka landeiganda/ábúanda til eigin nota er heimil á bújörðum án sérstaks framkvæmdaleyfis enda gangi slík efnistaka ekki gegn stefnu skipulagsins eða yfirvalda um náttúruvernd.

Nafngreindir staðir fyrir efnistöku úr sjó, innan netalaga eða í botni vatnsfalla:

*Botn Lagarfjóts, í landi Egilsstaða 1, á svæði sunnan vegstæðis þjóðveggar 1 og norðan við Egilsstaðakletta.*



E1	Arnórsstaðamúli	E28	Hallgeirsstaðir	E56	Miðhúsasel
E2	Arnórsstaðahvammur	E29	Hallgeirsstaðir (Surtsstaðir)	E57	Múlaá (Axará)
E3	Bjallkolludalur	E30	Haugaá	E58	Múla við Víðilæk
E4	Blöndubakki	E31	Hákonarstaðir II	E59	Mýnes
E5	Bót í Börðum	E32	Hleinargarður	E60	Neðan Buðlungavalla
E6	Botnar við Lönguhlíð	E33	Hnitbjörg	E61	Ormarsstaðaá
E7	Breiðumörk	E34	Hólshjáleiga	E62	Ormarsstaðaá
E8	Búðaá utan við Eiríksstaði	E35	Hrafnkelsdalur	E63	Rangá
E9	Eiríksvatn	E36	Hreimsstaðir	E64	Rangá
E10	Ekra í Fellum	E37	Hvammsmelar	E65	Refsmýri
E11	Eyjófsstaðir á Völlum	E38	Hvanná II	E66	Sauðhagi
E12	Eyrarteigsá	E39	Hyrnudalur	E67	Selhöfði
E13	Eyvindará	E40	Í Hellisheiði	E68	Skarðshryggur
E14	Eyvindarárdalur	E41	Jóka	E69	Skeggjastaðir II
E15	Fossvellir	E42	Jökulsá á Brú	E70	Skriðufell
E16	Framland í Möðrudal	E43	Jökulsáreyrar Árbakki	E71	Smáragrund
E17	Gestreiðarstaðakvísl, náma 11	E44	Kaldá	E72	Straumur
E18	Gilsá	E45	Kaldáreyrar	E73	Sveigar, náma 6
E19	Gilsá, niður með Gilsá að innanverðu	E46	Ketilsstaðir (Bakkagerði?)	E74	Svínafell
E20	Gilsárþakki	E47	Kirkjubær	E75	Teigasel
E21	Gilsáreyri	E48	Kirkjubær	E76	Tjarnarland
E22	Gilsáreyri	E49	Krakalækur	E77	Tókastaðir
E23	Gilsárteigur	E50	Lagarfljót við Hól, náma A	E78	Utan Lagarfoss
E24	Grímsá	E51	Launá	E79	Utan við Eiríksstaði
E25	Grímsá	E52	Laxá	E80	Utan við Gilsárbrú
E26	Grímsá utan Sauðhaga	E53	Lindará	E81	Utan við Grund
E27	Hallgeirsstaðir	E54	Litli Bakki	E82	Utan við Hleinargarði
		E55	Litli-Bakki 1	E83	Utan við Hrærekslæk



## AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

E84	Utan Þverár
E85	Úlfsstaðir
E86	Vallanes/Draugalág
E87	Vatnsdalsá
E88	Við Brekkubæjarveg (Mjóavatnsbotn)
E89	Við Ekru
E90	Við Geitdalsá
E91	Við Hellisá
E92	Við Hrærekslæk
E93	Við Jóku
E94	Við Mælishól
E95	Við Rjúkanda
E96	Við Straum
E97	Við Svínalæk
E98	Við Vað
E99	Víná í Skriðdal
E100	Vínáreyri
E101	Þórisá í Skriðdal
E102	Þórsnes
E103	Þrándarstaðir
E104	Þrándarstaðir-Mýnes
E105	Öxará
E106	Öxarárneseyrar

### 9.11 Sorpförgunarsvæði

P1	Tjarnarland (15 ha) Urðunarstaður fyrir óflokkanlegt og óendurnýtanlegt sorp.
----	--

### 9.12 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði Fljótsdalshéraðs er skilgreint sem allt land undir 300 metra hæð yfir sjó, nema inn til dala þar sem mörkin ná hærra eftir því sem búskaparhefð gefur tilefni til. Ræktað land á Möðrudal telst einnig landbúnaðarland. Mörk landbúnaðarsvæðis samkvæmt þessari skilgreiningu eru sýnd gróflega á sveitarfélagsupprætti.

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íveruhús á hverju lögbýli án þess að breyta þurfi aðalskipulagi eða gera sérstakt deiliskipulag. Heimilt er að gera ráð fyrir mannvirkjum og framkvæmdum sem tengjast landbúnaðarnotum, þar með talið skógrækt og ferðaþjónustu bænda enda falli slíkt vel að stefnu aðalskipulagsins um varðveislu landbúnaðarlands og yfirbragð byggðar. Tvö frístundahús eða færri eru heimil á hverju lögbýli án þess að það teljist svæði fyrir frístundabyggð.

Nýbyggingar skulu vera í tengslum og samhengi við þá byggð sem fyrir er á býli. Forðast skal að stofna til aukinnar vegagerðar og fella skal allar nýbyggingar vel að landslagi.

Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuvinnslu, að því marki sem nánar er kveðið á um í köflum þar að lútandi hér að framan, teljast innan eðlilegrar landnotkunar á landbúnaðarsvæðum.

Minni háttar efnistaka landeiganda/ábúanda til eigin nota er heimil á bújörðum enda gangi slík efnistaka ekki gegn stefnu skipulagsins eða yfirvalda um náttúruvernd.

### 9.13 Hafnarsvæði

R1	Gert er ráð fyrir höfn í Skipavík sunnan Fellabæjar. Höfnin þjónar skemmtibátum og siglingum með ferðamenn á Lagarflijóti. Í deiliskipulagi skal tryggt að höfnin sé aðlaðandi umgjörð fyrir starfsemi og útivist í tengslum við siglingar og gefi þannig nálægum svæðum á landi aukið gildi. Verði olíumannvirki á svæðinu eða annað sem kann að valda hættu á umhverfisspjöllum, ber að gæta sérstakrar varúðar og gera grein fyrir varúðarráðstöfunum í framkvæmdaleyfisumsókn, þar sem um hluta svæðis á náttúruvinnslu er að ræða.
----	---



**9.14 Óbyggð svæði**

Óbyggð svæði eru almennt þau svæði sem ekki eru landbúnaðarsvæði eða falla undir annan landnotkunarflokk.

Innan óbyggðra svæða Fljótsdalshéraðs eru göngustígar, slóðar og reiðleiðir sem koma fram á þemaupprætti. Gera skal deiliskipulag fyrir nýjar framkvæmdir af þessu tagi.

Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuvinnslu, að því marki sem nánar er kveðið á um í köflum þar að lútandi hér að framan, teljast innan eðlilegrar landnotkunar á óbyggðum svæðum.

Landbúnaðarnytjar, svo sem beit og veiðar skulu haldast svo sem verið hefur. Sveitarstjórn getur þó, ef þörf krefur, sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.

Umferð vélknúinna ökutækja um vegarslóðir sem þegar eru fyrir hendi skal heimil að sumarlagi, enda sé viðkomandi slóð greinileg. Óheimilt er að ryðja nýjar slóðir fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Akstur á snævi er heimill, en ef þörf krefur getur sveitarstjórn ákveðið að takmarka eða banna akstur vélknúinna ökutækja á tilteknum svæðum árið um kring.

Heimilt er að reisa girðingar, fjárréttir og göngubrýr, og merkja göngu- og reiðstíga um svæðið. Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og jarðrasks og kostur er.

Fornleifaskráning skal liggja fyrir áður en ráðist er í byggingarleyfisskyldar eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir, sbr. skipulagsreglugerð 400 / 1998 og þjóðminjalög 107/2001.

**9.15 Náttúruverndarsvæði**

Í töflum hér fyrir neðan eru tilvísunarnúmer í náttúruminjaskrá tilgreind aftan við heiti svæðanna.

Eftirtalin svæði eru friðlýst skv. lögum um náttúruvernd:

- N1 Hvannalindir í Krepputungu, einstæð gróðurvin og vistkerfi í um 640 m hæð, með merkum friðlýstum þjóðminjum. Friðlýst sem friðland. Stærð um 4.300 ha.
- N2 Kringilsárrani, mikilvægt beitiland hreindýra á sérstæðri gróinni landspildu með greinilegum jökulminjum. Friðlýst sem friðland, friðun aflétt að hluta árið 2003. Stærð um 8.500 ha.

Eftirtalin svæði eru á Náttúruminjaskrá:

- N3 Votlendi og sandar í Hjaltastaðapinghá og Hjaltastaðaásar. (Nms 605)
- N4 Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil. (Nms 611)
- N5 Stuðlafoss. (Nms 612)
- N6 Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputungu. (Nms 613)
- N7 Fagridalur og Grágæsadalur. (Nms 614)
- N8 Snæfell, Vesturöræfi og Hafravammagljúfur. (Nms 615)
- N9 Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógar. (Nms 619)
- N10 Eylendið í Jökulsárhlíð. (Nms 639)
- N11 Sleðbrjótsmelar. (Nms 640)
- N12 Jökulsárgil. (Nms 641)
- N13 Gilja- og Hauksstaðahólar. (Nms 642)
- N14 Mælishólar á Jökuldal. (Nms 643)
- N15 Fell. (Nms 646)

N16 Finnsstaðanes og Egilsstaðanes. (Nms 647)

N17 Húsey. (Nms 648)

N18 Gláma og nágrenni. (Nms 649)

N19 Ranaskógur og Gilsárgil. (Nms 618)

N20 Fagradalsfjöll og Kollumúli. (Nms 604)

N21 Stóruð og Hrafnabjörg. (Nms 606)

Þjóðgarðar

N22 Vatnajökulspjóðgarður

Tillögur Fljótsdalshéraðs um friðlýsingu er að finna í kafla 4.2.3. Taka ber tillit til friðlýsingaráforma við leyfisveitingar á þeim svæðum.



**9.16 Þjóðminjaverndarsvæði**

Aðalskráningu hefur ekki verið lokið fyrir allt sveitarfélagið en fornleifaskrár eru til fyrir hluta þess. Þá verður unnin skráning á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn. Til að deiliskipulag eða framkvæmdaleyfi öðlist samþykkt verður fornleifaskráningu að vera lokið. Í lista hér fyrir neðan eru því aðeins tíundaðar þær fornleifar sem friðlýstar eru sérstaklega með þinglýsingu og því skylt að merkja inn á skipulagskort:

S1	Vað. Rústir á bæjarhól framan við íbúðarhúsið.
S2	Þingmúli. Fornar þingbúðatóftir, sem eru víða um túnið.
S3	Hallormsstaður. a. Rúst fornþingjarins Atlavíkur; hún er í fagurri brekku mót útsuðri og snýr undan brekkunni. b. Leifar fornþingis; þar sem nú heitir Geitagerði; það er innar með fljótinu en Atlavík; er hjer tunggirðing forn, meir en dagsláttu að stærð, og í henni fornleg bæjarrúst.
S4	Mjóanes. a. Skálatóft mikil og forn, svo sem 50 föðmum fyrir vestan bæinn. b. Túngarður forn og fleiri forn garðlög; m.a. eitt frá túngarðinum ofan að Fljóti.
S5	Eyvindará. a. Upphækkun eða rústabunga þar sem bærinn stóð áður, dálítið neðar en hann er nú, utanvert við götuna, er liggur niður frá bænum. b. Helgahaugur Droplaugarsonar, suðvestur frá bænum, um 13 metra fyrir innan túngarðinn, sem nú er, suður af fjárhústóft, sem stendur á háum hól í túninu, niður frá bænum.
S6	Eiðar. I) Tvær hringmyndaðar tóftir, fyrir utan túnjaðar. II) Smiðjuhóll, nú kallaður Þórarinshóll, við skólahúsið á Eiðum.

S7	Hleinargarður. Fornar bæjarrústir og leifar af túngarði við Selskletta, fast við gamla þjóðveginn, um 500 m innan við Hleinargarð
S8	Hrjótur. Allar fornar tóftir og girðingar á kletthjalla norðaustan í Sjónarás, milli Hurðarbaksár og Hrjótarvatns, þar sem ætla má að verið hafi Lambanessþingstaður í fornöld.
S9	Ekkjufell. Fornar tóftir í Freysnesi, á 5 stöðum sem eru skamt hver frá öðrum.
S10	Ormarsstaðir. Ormarshaugur, svo nefndur, skamt frá eyðibýlinu Hlíðarseli.
S11	Dagverðargerði. Aflöng tóft fornleg í túninu 33 m löng 5 m breið og hefur verið skilin eftir þegar sléttað var í kringum hana.
S12	Vífilsstaðir. a. Leifar fornþingis er Krakagerði heitir, út frá Vífilsstöðum, nokkuð inn frá Krakalæk, í sundi bak við neðsta ás upp frá Lagarfljóti. b. Allar búðatóftir og girðingar á hinum forna Krakalækjarþingstað.
S13	Hrafnabjörg. Forn tóft í túninu fyrir utan bæinn, kölluð „hof“.
S14	Aðalból. I) a. Forn tóft, sem er góðan kipp utar en Faxahamar, á fögrum bala milli djúpra jarðfalla, um 80 föðmum frá Hlíðinni. b. Fornar haugsleifar, 70-80 föðmum fyrir utan bæinn. c. "Útibúr Hrafnkels", forntóft ein, sem svo er kölluð, í túninu fyrir ofan bæinn. d. Forn bæjarveggur, er sjest að húsabaki, rjett fyrir ofan efsta hús bæjarins. e. Rústir hins forna eyðibýlis Sámsstaða, í Glúmsstaðadal, norðaustan við ána. II) Tættur, skammt utan við svokallaða Faxamýri í Hrafnskeldal og góðan spöl innan við Faxagil. III) a. Tóftir fornþingisins Laugarhúsa, á fögrum velli gegnt Aðalbóli. b. Rústir Tobbhóls, (o: Þorbjarnarhóls), á sama svæði.

S15	Brattagerði. Bæjarrúst forn við Hölná, upp með henni að utanverðu, skamt frá veginum, vestan undir háum mel.
S16	Brú. Allar gamlar mannvistarleifar í Hvannalindum í Krepputungu, kofarústir og fjárrétt, sem taldar eru frá byggð útilegumanna.
S17	Eiríksstaðir. "Fjárkaðasteinn", stór jarðfastur steinn á Hólhorni fremra, holti utan við bæinn, með höggvinni áletrun: F. SKADIN M/1868 D. 15-19/0. PP.
S18	Hofteigur. Hoftóft og fleiri fornar tóftir við Teigará í Goðanesi.
S19	Möðrudalur. Fornþingarrústir, ónafnkendar, er fundist hafa eigi allskamt norður frá bænum.
S20	Skjöldólfsstaðir. Forn haugur í hólma í Stórhólmatvati.
S21	Hringlaga gerði í landi Arnhólsstaða í Skriðdal
Friðuð hús skv. Þjóðminjalögum nr. 88/1989:	
S22	Eiðakirkja, Hjaltastaðakirkja, Þingmúlakirkja, Áskirkja, Eiríksstaðakirkja, Hofteigskirkja og Kirkjubæjarkirkja.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### 9.17 Hverfisvernd

Eftirfarandi svæði eru hverfisvernduð vegna sérstaks menningarsögulegs gildis þeirra fyrir Fljótsdalshérað. Við framkvæmdir á þessum svæðum er gert ráð fyrir sérstökum umgengnisreglum sem nánar skulu skilgreindar í deiliskipulagi. Leitast skal við að rask vegna mannvirkjagerðar sem heimiluð kann að vera nálægt þessum svæðum verði í lágmarki.

H1	Stapavík, í landi Unaóss: Leifar gamalla löndunarmannvirkja.
H2	Kjarvalshvammur: Sumarhús og bátsnaust Jóhannesar S Kjarval. Timburhús ásamt geymslu og kamri reist árið 1948 og bátaskýli reist um 1960, friðuð skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Hverfisvernd nær til framangreindra húsa og næsta umhverfis.
H3	Eyvindarárbú: Steinsteypt steinbogabú, byggð á 3. áratug 20. aldar.
H4	Gistihúsið á Egilsstöðum. Var á sínum tíma langstærsta íbúðarhús á Héraði. Byggt 1905 og síðar. Á sér langa sögu sem gistihús. Setur mikinn svip á umhverfi sitt.
H5	Fljótshúsið í Egilsstaðavík: Vöruhús, byggð á 3. áratug 20. aldar. Kemur við sögu vöruflutninga á Lagarfljóti, bæði í lofti og á legi. Einstaklega formfagurt hús á mjög sérstæðum stað.
H6	Hallormsstaður, Handverks- og hússtjórnarskólinn: Byggður 1929, teiknaður af Jóhanni Franklín Kristjánssyni. Hverfisverndin tekur til ásýndar skólahússins og næsta nágrennis.
H7	Hallormsstaður. Gamli bærinn ásamt túnum. Vernduð er ásýnd hússins og túnanna umhverfis.
H8	Arnkelsgerði: Smalakofi í landi Arnkelsgerðis

H9	Svæðið við gamla brúarstæðið á Jökulsá á Dal. Hrikalegt, þröngt árgljúfur, víða myndarlegir skessukatlar. Svæðið er númer 641 á Náttúruminjaskrá.
H10	Leifar af "svifferju" á Lagarfljóti við Straum. Hverfisverndin tekur til mannvirkja beggja vegna fljótsins og næsta nágrennis þeirra.

### 9.18 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.

Tvö ný vatnstökusvæði eru tilgreind í Eyvindarárdal, annars vegar við Þuridarstaði og hins vegar við Köldukvísl. Afmörkuð hafa verið grannsvæði og fjarsvæði fyrir ný vatnsból á þessum stöðum.

Fjarsvæði vatnsverndar fyrir Hallormsstað er afmarkað en grannsvæði er utan þéttbýlismarka og er ógreinilegt á uppdrætti.

Á Eiðum er afmarkað grannsvæði en ekki er talið raunhæft að afmarka fjarsvæði.

Vatnsból í dreifbýli eru ekki tilgreind sérstaklega en í deiliskipulagi ber að taka tillit til vatnsbóla, óháð landamerkjum.

Að öðru leyti er vísað til kafla um vatnsveitu hér framar í greinargerðinni of reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

G1	Brunnsvæði vatnsbóla í notkun við upphaf skipulagstímabilsins.
G2	Grannsvæði vatnsbóla í notkun við upphaf skipulagstímabilsins.
G3	Grannsvæði fyrirhugaðra vatnsbóla
G4	Fjarsvæði núverandi og fyrirhugaðra vatnsbóla

Um vatn og strandsjó að öðru leyti er gildir að stefnt skuli að því að allt vatn fjarri byggð uppfylli flokk A en vatn í byggð uppfylli flokk B skv. reglugerð nr. 796/1999 með breytingum í reglugerð nr. 533/2001 og reglugerð nr. 913/2003.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### 9.19 Samgöngur

Á skipulagsuppdráttum eru sýndar eftirtaldar meginbreytingar á vegakerfi sveitarfélagsins:

- Ný brú yfir Lagarfjót með nýrri legu þjóðvegur suður fyrir flugbraut.
- Göng til Seyðisfjarðar ásamt vegtengingu.
- Göng til Vopnafjarðar ásamt vegtengingu.
- Nýr vegur um Melshorn, norðan núverandi þéttbýlis á Egilsstöðum.
- Stofnvegur um Öxi.
- Brú yfir Selfjót við Hreimsstaði.
- Nýr vegur frá Lagarfossi að Stóra-Steinsvaði.
- Á fyrra skipulagi Fellahrepps var gert ráð fyrir því að þjóðvegur 1, Hingvegur, lægi sunnan Fellabæjar.

Gerður er almennur fyrirvari á uppdráttum um að endanleg lega nýrra vega, tenginga og gangamunna verði ákveðin á hönnunarstigi.

Óheimilt er að ryðja nýja vegarslóða án framkvæmdaleyfis. Forsendur slíkrar leyfisveitingar eru þær að í umsókn sé sýnt fram á nauðsyn slóðans fyrir atvinnustarfsemi eða aðgengi almennings að áhugaverðum stöðum, samráð sé haft við hagsmunaaðila, viðkvæmu landi, gróðri og búsvæðum sé hlíft og frágangur sé vandaður. Í umsókn þarf jafnframt að gefa greinargóða lýsingu á legu slóðans og þeim breytingum á ásjón lands sem lagning hans kann að valda. Ábúendum jarða er þó heimild að leggja minni háttar vegarslóða innan jarða sinna til landbúnaðarnota án sérstaks framkvæmdaleyfis enda sé viðkvæmu landi, gróðri og búsvæðum hlíft.

### 9.20 Vötn, ár og sjór

Ekki eru fyrirhugaðar verulegar breytingar á vatnsfleti vatna, fallvatna eða sjávar, né heldur breytingar á farvegum vatnsfalla eða landfyllingar.

### 9.21 Svæði undir náttúruvá

Náttúruvá er ekki talin veruleg utan óbyggðra svæða.





## 10 Umhverfisskýrsla

### 10.1 Inngangur

Hér er sett fram umhverfismat aðalskipulags Fljótsdalshéraðs í samræmi við kröfur laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006.

Lögbundin efnisatriði í umhverfismati aðalskipulags:	Vísun í efniskafla aðalskipulagsins:
Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið aðalskipulagsins.	Sjá kafla 1.3, 1.5 og stefnu í köflum 3-8.
Yfirlit yfir tengsl aðalskipulagsins við aðra áætlanagerð.	Sjá kafla 1.3, 1.4 og heimildaskrá.
Lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang aðalskipulagsins.	Sjá grein 10.2 og forsenduumfjöllun í köflum 4-8.
Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar aðalskipulagsins.	Sjá kafla 10.4.
Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 10.2.
Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða aðalskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	Sjá kafla 10.3.
Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða aðalskipulagið.	Sjá kafla 10.2.
Umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda og annarra umhverfissjónarmiða við gerð aðalskipulagsins.	Sjá kafla 10.3.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 10.3.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við aðalskipulagið.	Sjá kafla 10.4.
Upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 10.5.
Yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir.	Sjá kafla 10.4.
Lýsing á því hvernig matið fór fram.	Sjá kafla 10.6.
Upplýsingar um hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 10.5.
Samantekt.	Sjá kafla 10.7.



## 10.2 Umhverfispættir og umhverfisverndarmarkmið

Eftir nokkra skoðun mismunandi nálgana að umhverfismatinu m.t.t. skilgreiningar umhverfispáttu og umhverfisviðmiða (umhverfisverndarmarkmiða), varð niðurstaðan sú að meta umhverfisáhrif aðalskipulagsins gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísi um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.“

Í töflunni sem birtist hér á næstu bls. sést hvernig umhverfisverndarmarkmið sem sett eru fram í „Velferð til framtíðar“ skiptast í fjóra höfuðflokka: „Heilnæmt og öruggt umhverfi“, „Verndun náttúru Íslands“, „Sjálfbær nýting auðlinda“ og „Hnatræn viðfangsefni“. Þessir fjórir flokkar og undirflokkar þeirra eru þeir umhverfispættir sem unnið er með í umhverfismati aðalskipulagsins.

	Undirflokkur	Umhverfisviðmið / umhverfisverndarmarkmið
Heilnæmt og öruggt umhverfi	Heilnæmt andrúmsloft	Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er. Dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en í dag.
	Hreint og heilnæmt ferskvatn	Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, sem er ómengað af efnun og örverum, til neyslu og annarra nytja. Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga. Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
	Örugg matvæli	Neytendur geti ávallt treyst því að á boðstólum séu eingöngu matvæli sem eru örugg til neyslu. Merkingar á matvælum veiti fullnægjandi upplýsingar um innihald vörunnar. Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og öruggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi.
	Umhverfi án hættulegra efna	Notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi. Neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um hvernig beri að nota vöru og um hugsanlega áhættu sem stafað getur af efnun í vörunni. Dregið verði úr notkun sæfi- og varnarefna. Losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.
	Útivist í sátt við náttúruna	Réttur almennings að frjálsu aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndar-sjónarmiða. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum verði mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.
	Varnir gegn náttúruvá	Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá. Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá.
Verndun náttúru Íslands	Vernd lífríkis Íslands	Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eftir eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt.
	Vernd sérstæðra jarðmyndana	Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu. Gengið verði frá skipulegu yfirliti yfir jarðmyndanir á Íslandi sem verði grunnur að markvissri verndun þeirra.



	Vernd víðerna	Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.
Sjálfbær nýting auðlinda	Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins	Nýting fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins verði ávallt sjálfbær og byggji á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum. Veiði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórnun þar sem beitt verði varúðarsjónarm. til að ná fram hámarksafrakstri stofna til langs tíma. Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglna og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið. Aðferðir og stjórnun nýtingar á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölþættu samspili í lífríki sjávar og miði að því að lágmarka neikvæð áhrif nýtingar á aðra lífríkisþætti.
	Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða	Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegri vitneskju. Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu. Unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum, í samr. við markmið landnýt. og náttúruverndar á hverju sv. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi. Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.
	Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa	Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir. Skipulag raforku- og hitaveitumála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildarhagkvæmni þess verði sem best tryggð. Stuðlað verði að aukinni orkunýtni.
	Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs	Dregið verði úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Tryggja þarf að spilliefni berist ekki út í umhverfið. Náð verði tölulegum markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs, s.s. umbúðaúrgangs, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja. Við verðmyndun vöru verði gert ráð fyrir förgunarkostnaði.
Hnattæran viðfangsefni	Hreint haf	Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda. Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma. Ísland verði áfram leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og aðgerðum gegn mengun hafsins.
	Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum	Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hættulega röskun á veðrakerfum jarðarinnar af mannavöldum m.þ.a. draga úr útstreymi og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. Íslenskri sérþekkingu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verði miðlað til þróunarríkjanna.
	Vernd ósonlagsins	Ísland verði áfram í hópi þeirra ríkja heims sem fremst eru í takmörkunum á notkun og losun ósoneyðandi efna. Stefnt verði að því að notkun ósoneyðandi efna verði hætt á Íslandi árið 2010.
	Vernd líffræðilegrar fjölbreytni	Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra. Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.



### 10.3 Umhverfismat stefnu í meginmálaflokkum

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat stefnu aðalskipulagsins í meginmálaflokkum. Samantekt úr matinu er að finna í 8. kafla þessa viðauka hér fyrir neðan.

Umhverfismatið er sett fram þannig að í töflunum hér á eftir er stefna aðalskipulagsins í hverjum málaflokki vegin á móti þeim umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“. Gefin er einkunn og textaskýring, sbr. eftirfarandi:

- + Stefna aðalskipulagsins styður eða er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“.
- 0 Stefna aðalskipulagsins hefur óveruleg eða engin áhrif á þá þætti sem fjallað er um í stefnu „Velferðar til framtíðar“.
- ? Óvissa er um hvort stefna aðalskipulagsins styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“. Getur m.a. verið háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður síðar útfærð í deiliskipulagi eða einstökum framkvæmdum.
- Stefna aðalskipulagsins gengur gegn eða er í ósamræmi við þá stefnu sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“.



**Stefna um nýtingu og verndun, kafli 4**

	<i>Velferð til framtíðar:</i> Heilnæmt og öruggt umhverfi	<i>Velferð til framtíðar:</i> Verndun náttúru Íslands	<i>Velferð til framtíðar:</i> Sjálfbær nýting auðlinda	<i>Velferð til framtíðar:</i> Hnattræn viðfangsefni
<b>Nýting landgæða</b>	<b>+</b> Með áherslu á landbúnað er leitast við að minnka flutninga á matvælum og auka hlutdeild heilnæmrrar fæðu í mataræði.	<b>+</b> Stefna kveður á um að standa skuli vörð um fjölbreytni svæðisins hvað varðar lífríki og landslag. Umfangsmikil skráning á einkennum náttúru og landslags hefur farið fram og umfangsmikil nýrækt er tilkynningaskyld. Efnistökusvæðum verður fækkað.	<b>+</b> Kveðið er á um varðveislu landbúnaðarlands og að leita skuli umsagnar fagaðila þegar land er tekið úr landbúnaðarnotum. Efnistökusvæðum verður fækkað.	<b>+</b> Með matvælaframleiðslu í heimabyggð minnka flutningar á matvælum og þar með kolefnislosun. Áhersla er lögð á verndun votlendis og skóga.
<b>Náttúruvernd</b>	<b>+</b> Fljótsdalshérað leggur áherslu á að vera öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum.	<b>+</b> Gera skal verndaráætlanir fyrir þau svæði sem stefna hefur verið sett um að vernda. Náttúrumæraskrá verði gestum og íbúum aðgengileg. Lagt er til að vernduðum svæðum fjölgi sem sum hafa sérstöðu á landsvísu.	<b>+</b> Áhersla er lögð á verndun votlendis og skóga. Stefna um náttúruvernd er í heild í góðu samræmi við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu landgæða.	<b>+</b> Stofnanir sveitarfélagsins skulu starfa samkvæmt umhverfisstefnu þar sem leitað er leiða til að draga úr umhverfisáhrifum svo sem losun gróðurhúsalofttegunda og sorpurðun. Lagt er til að vernduðum svæðum fjölgi sem sum hafa sérstöðu á landsvísu.
<b>Náttúruskoðun og ferðamennska</b>	<b>+</b> Skýr stefna kemur fram um að efla ferðapjónustu, til þess að íbúar og gestir geti notið heilnæmrrar útiveru og náttúruskoðunar.	<b>+</b> Lögð er áhersla á útvist í sátt við náttúruna í stefnu um náttúruskoðun og ferðamennsku, t.d. að meta skuli land og landgæði með tillit til þess hve mikla umferð og útvist þau þola. Mannvirki Vatnajökulsþjóðgarðs verði á jaðri hans.	<b>+</b> Lögð er áhersla á útvist í sátt við náttúruna í stefnu um náttúruskoðun og ferðamennsku, t.d. að meta skuli land og landgæði með tillit til þess hve mikla umferð og útvist þau þola. Mannvirki Vatnajökulsþjóðgarðs verði á jaðri hans.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>Menningarminjar / menningarlandslag</b>	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.



**Stefna um samfélag, kafli 5**

Mjög óbein tengsl eru milli stefnu um samfélag og þeirra meginþátta sem tekið er á í "Velferð til framtíðar". Hér eru áhrif þeirrar stefnu því ekki skoðuð frekar.

**Stefna um búsetu, kafli 6**

	<i>Velferð til framtíðar:</i> Heilnæmt og öruggt umhverfi	<i>Velferð til framtíðar:</i> Verndun náttúru Íslands	<i>Velferð til framtíðar:</i> Sjálfbær nýting auðlinda	<i>Velferð til framtíðar:</i> Hnattræn viðfangsefni
<b>6.1 Íbúar</b>	<b>+</b> Með stefnu um að Egilsstaðir og Fellabær tengist betur verður byggðin betur fallin til gönguferða og hjólræiða og dragi þannig úr loftmengun.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>6.2 Byggð</b>	<b>+</b> Staðsetning grunnþjónustustofnana verði sem næst íbúum svo íbúar geti nálgast þær gangandi.	<b>+</b> Kveðið er á um að ný byggingasvæði verði þéttari en verið hefur og þannig minna af grónu eða náttúrulegu landi tekið undir byggð. Skipulag landnotkunar og framkvæmdir valdi sem minnstum umhverfisáhrifum.	<b>+</b> Lögð er áhersla á umhverfisvænar lausnir í hönnun mannvirkja.	<b>+</b> Kveðið er á um að ný byggingasvæði verði þéttari en verið hefur og þannig dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

**Stefna um samgöngur, kafli 7**

	<i>Velferð til framtíðar:</i> Heilnæmt og öruggt umhverfi	<i>Velferð til framtíðar:</i> Verndun náttúru Íslands	<i>Velferð til framtíðar:</i> Sjálfbær nýting auðlinda	<i>Velferð til framtíðar:</i> Hnattræn viðfangsefni
<b>7.1 Samgöngur almennt</b>	<b>?</b> Áhersla á bættar samgöngur kann að hafa aukna mengun í för með sér og aukna flutninga. Á hinn bóginn er auðveldara að veita neyðarþjónustu og bregðast við náttúruvá og bæta aðgengi að náttúru til útivistar.	<b>?</b> Bættar samgöngur og aðgengi að náttúrunni auka hættu á að náttúra spillist af manna völdum. Á hinn bóginn kann aukin vitneskja og upplifun almennings að vekja áhuga á verndun.	<b>+</b> Stefna kveður á um minni notkun jarðefnaeldsneytis.	<b>-</b> Áhersla á bættar samgöngur kann að hafa aukna mengun í för með sér og aukna flutninga.



<p><b>7.2 Bílaumferð</b></p>	<p><b>+</b> Kveðið er á um að við gatnahönnun skuli öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda tryggt. Þótt greiðari bílasamgöngur geti aukið mengun er ekki síður lögð áhersla á það í skipulaginu að auðvelda umferð gangandi og hjólandi almennt.</p>	<p><b>+</b> Kveðið er á um að ný byggingasvæði verði þéttari en verið hefur og þannig minna af grónu eða náttúrulegu landi tekið undir byggð.</p>	<p><b>?</b> Áhersla á bættar samgöngur kann að hafa aukna mengun í för með sér og aukna flutninga.</p>	<p><b>?</b> Áhersla á bættar samgöngur kann að hafa aukna mengun í för með sér og aukna flutninga.</p>
<p><b>7.3 Flugumferð</b></p>	<p><b>?</b> Aukið öryggi í flugumferð en hugsanlega aukin flugumferð.</p>	<p><b>?</b> Ekki verður séð að stækkun flugvallar gangi verulega á ósnerta náttúru eða skaði lífríki eða jarðmyndanir. Umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar verða metin sérstaklega.</p>	<p><b>?</b> Hugsanlega aukin flugumferð og þar með aukin notkun jarðefnaeldsneytis.</p>	<p><b>?</b> Hugsanlega aukin flugumferð og þar með aukin losun gróðurhúsalofttegunda.</p>
<p><b>7.4 Almenningsamgöngur</b></p>	<p><b>+</b> Sveitarstjórn hvetur til notkunar almenningsamgangna sem dregur úr bílaumferð og mengun.</p>	<p><b>0</b> Á ekki við.</p>	<p><b>+</b> Notkun almenningsamgangna dregur úr notkun jarðefnaeldsneytis.</p>	<p><b>+</b> Notkun almenningsamgangna dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.</p>
<p><b>7.5 Gönguleiðir, hjólaleiðir, reiðleiðir</b></p>	<p><b>+</b> Áhersla á lagningu stíga bætir skilyrði til heilnæmrar útiveru.</p>	<p><b>?</b> Þótt stígar auki umferð um óbyggð svæði er ljóst að við það eykst jafnframt áhugi á verndun þeirra.</p>	<p><b>+</b> Ganga og hjólreiðar koma að hluta í stað umferðar einkabíla og draga þannig úr notkun jarðefnaeldsneytis.</p>	<p><b>+</b> Ganga og hjólreiðar koma að hluta í stað umferðar einkabíla og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda.</p>



**Stefna um veitur og orkumál, kafli 8**

	<i>Velferð til framtíðar:</i> Heilnæmt og öruggt umhverfi	<i>Velferð til framtíðar:</i> Verndun náttúru Íslands	<i>Velferð til framtíðar:</i> Sjálfbær nýting auðlinda	<i>Velferð til framtíðar:</i> Hnattræn viðfangsefni
<b>8.1 Veitur almennt</b>	<b>+</b> Áhersla er á gott aðgengi að grunnkerfum, þ.m.t. vatni.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>8.2 Fjarskipti</b>	<b>+</b> Aukin fjarskipti bæta viðbrögð við náttúruvá.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>8.3 Fráveita</b>	<b>+</b> Í stefnu kemur fram metnaður til að hafa fráveitumál í fremstu röð.	<b>+</b> Kveðið er á um að umhverfsvænum lausnum skuli beitt í fráveitu.	<b>+</b> Kveðið er á um að umhverfsvænum lausnum skuli beitt í fráveitu.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>8.4 Hitaveita</b>	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>8.5 Rafveita</b>	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>8.6 Sorpförgun</b>	<b>+</b> Kveðið er á um að Fljótsdalshérað skuli vera í fremstu röð á sviði úrgangsmála og nota bestu fánlega tækni.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>+</b> Stefnt er að minni losun úrgangs.	<b>0</b> Á ekki við.
<b>8.7 Vatnsveita</b>	<b>+</b> Stefnt er að því að sjá íbúum í þéttbýli fyrir heilnæmu drykkjarvatni og íbúum í dreifbýli aðgengi að ráðgjöf og sérþekkingu.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.	<b>0</b> Á ekki við.





<p><b>8.8 Vinnsla og notkun orku</b></p>	<p><b>0</b> Á ekki við.</p>	<p><b>?</b> Stefnt er að því að smávirkjunum fjölgi og þannig verði nýttar betur endurnýjanlegar orkulindir landsins. Á hinn bóginn kunna virkjanir, smáar og stórar, að ganga á náttúruleg gæði og fjölbreytni lífríkis.</p>	<p><b>+</b> Stefnt er að því að notkun jarðafnaeldsneytis minnki.</p>	<p><b>+</b> Minni notkun jarðafnaeldsneytis dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.</p>
--	---------------------------------	---	---	--

**10.4 Umhverfismat aðalskipulagsins m.t.t. annarra kosta**

Við mótun aðalskipulagsins voru umhverfisáhrif mismunandi kosta vegin og metin. Sumar þeirra framkvæmda sem hér eru nefndar eru matsskyldar og umhverfisáhrifum þeirra og mögulegra kosta verða því gerð góð skil í tengslum við undirbúning framkvæmda.

**Lenging flugbrautar** og tengdar framkvæmdir, þ.e. **ný brú** yfir Fljótið og **breytt lega Hringvegjar**. Af flugtæknilegum ástæðum var ljóst að meginhluti lengingar yrði að felast í lengingu til suðurs þar sem landslag myndar hindranir í framhaldi af norðurenda brautarinnar. Ennfremur var ljóst að því lengri sem brautin yrði, þyrfti róttækari breytingar á legu þjóðvegjarins. Skoðaðar voru útfærslur sem samsettar voru úr eftirfarandi tilbrigðum:

- Lenging flugbrautar í allt að 3000 m þar sem þjóðvegurinn lægi í stökk undir suðurenda brautarinnar.
- Lenging sem rúmar veginn á yfirborði sunnan brautarendans án landfyllingar. (Valkostur)
- Brúarútfærslur þar sem annar hvor eða báðir brúarsporðar nýrrar brúar færast um u.þ.b. 100 metra til suðvesturs frá núverandi brú.

Sú niðurstaða sem kynnt er í skipulagstillögunni varð fyrir valinu vegna tæknilegra hindrana og mikils kostnaðar við gerð undirganga undir flugbrautina og þess álits sveitarstjórnar að

farsælast væri að núverandi lega Hringvegjar í Fellabæ væri óbreytt enda tæki útfærsla Hringvegjar innan þéttbýlisins mið af nálægð byggðarinnar.

Valkosturinn felur í sér stysta mögulega leið milli þéttbýlisins hvorum megin fljótsins að því gefnu að undirgöng væru illfrankvæmanleg. Það að brúarsporður nýrrar brúar að norðvestanverðu er nánast á sama stað og gömlu brúarinnar kann að valda óhagræði á framkvæmdatíma.

Landbúnaðarland fer óhjákvæmilega undir lengingu flugbrautar og nýjan veg en góðar flugsamgöngur eru taldar öryggisatriði fyrir samfélagið á Fljótsdalshéraði auk austurlands alls og m.t.t. varaflugvallarhlutverks Egilsstaðaflugvallar í miklu stærra samhengi. Þess vegna er réttlætjanlegt að fórna landbúnaðarlandi á þessum stað í ljósi heildarhagsmuna. Með því að halda núverandi legu Hringvegjar í Fellabær er hjá því komist að brjóta land undir þjóðveginn.

Núllkostur myndi felast í því að lengja ekki flugbrautina og hafa veglínu og brú að mestu á sama stað. Ótvírætt hefði sá kostur minnst umhverfisáhrif í för með sér en vegna þess hve lítil þau áhrif eru miðað við gangsemi af lengingu flugbrautar hlýtur þessi kostur að víkja.

Endanleg veglína nýrra vega verður ákveðin á hönnunarstigi.

**Þróun þéttbýlis.** Skipulagstillagan felur í sér breytingu frá fyrra skipulagi í þá veru að ný íbúðarsvæði eru einkum fyrirhuguð norðan núverandi þéttbýlis á Egilsstöðum í byggð

sem er blandaðri og nokkuð þéttari en sú sem fyrir er. Þessi ráðstöfun er ákveðin ekki síst með hliðsjón af umhverfisáhrifum þar sem leiðir stytast og meiri samfella myndast í þéttbýlinu. Um aðra valkosti er tæplega að ræða varðandi framtíðarþróun íbúðarbyggðar.

Iðnaðar- og athafnasvæðum er valinn staður þar sem ólíklegt er að íbúðarbyggð verði á næstu áratugum en jafnframt þar sem aðgengi er gott við þjóðvegi. Með skipulagsákvæðum er reynt að sjá til þess að yfirbragð slíkra svæða sé gott. Með þessu staðarvali er tryggt að truflandi áhrif á íbúðarbyggð séu sem minnst. Ekki verður séð að ný athafna- og iðnaðarsvæði gangi á land sem ástæða er til að vernda vegna náttúrulegrar sérstöðu, landbúnaðarnota eða menningarminja.

Núllkostur felst í því að halda skipulagi óbreyttu, þar sem kveðið er á um nýja íbúðarbyggð á suðursvæði. Sá kostur teygir á þéttbýlinu og eykur fjarlægðir auk þess sem athafnasvæði umlykjast af íbúðarbyggð. Af þessum sökum er núllkosturinn ekki fýsilegur.

**Þjóðvegur til Seyðisfjarðar.** Í skipulagstillögunni er sýnd ný lega þjóðvegur til Seyðisfjarðar, annars vegar svonefnd Melshornsleið í landi Eyvindarár og hins vegar í göngum undir Fjarðarheiði. Tilkoma Melshornsleiðar fjölgar meginleiðum innan þéttbýlisins og gegnum það og dreifir þannig umferðaralagi. Þrír kostir þóttu koma til greina þegar lega Melshornsleiðar gegnum fyrirhugaða blandaða byggð norðan Eyvindarár var skoðuð:



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

- Leið norðan við fyrirhugaða blandaða byggð í landi Eyvindarár myndi leiða umferð framhjá byggðinni og lengja akstursvegalegd. Ætla má að með tímanum færast byggðin að veglínunni og þannig verði vegurinn á endanum innan byggðar. Vegur sem þannig lægi myndi því hugsanlega hvetja til enn dreifðari byggðar.
- Leið gegnum nýja blandaða byggð byggist á þeirri forsendu að hægja megi verulega á þeirri umferð sem fyrirsjáanleg er næstu áratugi á þessari leið og tryggja öryggi allra vegfarenda með réttri hönnun götunnar. Gatan yrði þá mikilvægt rými í byggðinni sem gæfi aðgang að þjónustu og öðrum nálægum götum. Með því að gera ráð fyrir Melshornsleið sem götu innan byggðar er ljóst að framkvæmdin félli saman við eðlilega gatnagerð og ylli því engum umhverfisáhrifum aukalega.
- Sú leið sem valin er, meðfram árbakka, milli útivistarsvæðis og blandaðrar byggðar veldur aðskilnaði milli byggðarinnar og árbakkans. Aðgengi sem gatan gefur nýtist aðeins á aðra hönd. Á hinn bóginn veldur umferðin minna ónæði í byggðinni og hætta sem af umferðinni stafar kann að verða minni. (Valkostur)

Hvað varðar jarðgöng er sú staðsetning gangamunna sem sýnd er í skipulagstillögunni ekki að fullu ákveðin en hún byggir á samstarfi sveitarfélaga á austurlandi um framtíðarsýn í vegamálum. Ljóst er að endanleg staðsetning ræðst af upplýsingum sem fram koma við undirbúning og hönnun en ólíklegt er að til greina komi staðsetning sem er verulega frábrugðin þeirri sem sýnd er í tillögunni.

Núllkostur felst í því að sleppa nýjum framkvæmdum á þessari leið utan þéttbýlisins. Ljóst er að umhverfisáhrif jarðganga eru mjög lítil miðað við það gildi sem göngin hafa fyrir samfélagið. Af þessum sökum telst núllkosturinn ekki fýsilegur.

**Lagarfosslína 1.** Með aukinni raforkuframléiðslu í Lagarfossvirkjun, úr 7,5 MW í 26 MW, er þörf á meiri

flutningsgetu raflínu frá virkjuninni að spennivirki við Eyvindará. Skipulagið gerir ráð fyrir því að nýr 5,4 km háspennustrengur verði lagður í jörð í stað 4,9 km loftlínu sem er fyrir frá virkjuninni að tengivirkinu. Til álita koma tveir kostir.

- Styrking núverandi loftlínu (núllkostur). Gera má ráð fyrir því að möstur verði endurnýjuð og að vegna aukinnar flutningsgetu verði þau a.m.k. jafnábherandi í landslaginu en líklega meira áberandi. Ekki er búist við öðrum áhrifum af þessum kosti.
- Nýr jarðstrengur (valkostur). Norðurendi strengsins verður í Mýneslandi, þaðan með heimreiðinni að Tókastöðum og niður að Borgarfjarðarvegi, nr. 94. Þaðan liggur strengurinn meðfram veginum, austan við, gegnum heimreiðir að Þrændarstöðum, Fossgarði og Uppsölum. Frá Uppsölum stefnir hann yfir tún og þurrar mýrar að spennivirki við Eyvindará. Með því að leggja streng í stað línu eru sjónræn áhrif ótvírætt minni. Jarðrask vegna lagningar strengsins er óverulegt og án varanlegra ummerkja. Ekki er talið nauðsynlegt að leggja slóða enda lega strengsins að mestu meðfram vegi. Ganga verður frá skráningu fornminja á framkvæmdasvæði áður en framkvæmdir hefjast.

### 10.5 Mótvægisáðgerðir og vöktun

Ekki er talin þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum eða vöktun vegna ákvæða skipulagsins.

### 10.6 Vinnsla umhverfismatsins

Við vinnslu aðalskipulagsins hefur komið glögglega fram að sveitarstjórnarmenn, embættismenn og almennir borgarar eru mjög meðvitaðir um umhverfisáhrif og mikilvægi þess að varðveita náttúru sveitarfélagsins jafnframt uppbyggingu í atvinnumálum og innviðum samfélagsins. Öll umræða um framtíðarþróun, bæði innan stýrihóps um aðalskipulagið og á opnum fundum, hefur því sjálfkrafa tekið tillit til umhverfisins.

Við kynningu á skipulagsáætluninni voru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við umhverfismatið.

### 10.7 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Ætla má að eftirtaldar framkvæmdir, sem þessi skipulagstillaga gerir ráð fyrir, verði matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000:

- Lenging flugbrautar, nýr þjóðvegur fyrir flugbrautarenda og brú yfir Lagarfjót.
- Nýr Seyðisfjarðarvegur, um Melshorn í landi Eyvindarár og göng undir Fjarðarheiði.
- Veggöng til Vopnafjarðar.

### 10.8 Samantekt

Sjálfbær þróun er grunntóninn í stefnu Fljótshéraðs og þar af leiðandi þeirri áætlun sem hér kemur fram um þróun sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu.

Áhersla er lögð á það að standa vörð um fjölbreytileika í náttúrufari og lífríki sveitarfélagsins, auk landbúnaðar en allt þetta er undirstaða öflugs samfélags og atvinnullífs.

Fyrirhugaðar framkvæmdir, einkum þær sem taldar eru upp í kafla 10.7 hér fyrir ofan, eru ótvírætt mikilvægar fyrir vöxt og viðgang samfélagsins en jafnframt hófstílltar í útfærslu og umfangi.

Með umhverfismati skipulagsáætlunarinnar er sýnt fram á að tekið hefur verið tillit til stefnu stjórnvalda um velferð til framtíðar og sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

### 10.9 Greinargerð með afgreiðslu áætlunar

Aðalskipulag Fljótshéraðs var unnið þannig að stefna sveitarfélagsins væri virt við skipulagsákvæðanir í öllum þeim málaflokkum sem aðalskipulag nær til. Stefna sveitarfélagsins byggir á fjórum stöðum og ein þeirra er *umhverfi*. Um það segir m.a.: „*Það er stefna Fljótshéraðs að vera öðrum*



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

*fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum. ... Það er stefna Fljótsdalshéraðs að standa vörð um fjölbreytni svæðisins hvað varðar lífríki og landslag.“*

Þessu er nánar fylgt eftir með sex áherslupunktum þar sem segir m.a.: „*Skipulag landnotkunar og byggingarframkvæmdir grundvallast á því að valda sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, m.a. er tillit tekið til fjölbreytileika lífríkis. Lögð er áhersla á umhverfisvænar lausnir í hönnun mannvirkja og að þau falli sem best að svipmóti landslags og náttúru sem fyrir er. Við efnistöku á byggingarsvæðum og frágang þeirra eru umhverfisleg sjónarmið höfð að leiðarljósi og þess gætt að jarðvegsefni séu nýtt sem næst efnistökuastað. ... Auðlindanotkun sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja miðar að því að draga sem mest úr notkun jarðefnaeldsneytis um leið og áhersla er lögð á endurnýjanlega orkujafa. Innkaupastefna sveitarfélagsins byggir á notkun umhverfisvottaðra vara og framleiðslu á heimabyggð.“* (Sjá bls. 11-12 hér að framan).

Allar landnotkunarákvæðanir í sveitarfélaginu verða að vera í samræmi við þessa stefnu og kemur það fram í köflum um einstaka landnotkunarflokka, í undirköflum sem kallast stefna og framfylgd stefnu.

Í umhverfismatinu eru ákvarðanir sveitarfélagsins síðan bornar saman við stefnu yfirvalda á landsvísi sem sett hefur verið fram í ritinu „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“ sjá kafla 10.2 í greinargerð.

Stefna í meginmálaflokkum skipulagsáætlunarinnar var síðan metin sérstaklega með tilliti til þeirra umhverfisverndarmarkmiða sem sett eru fram í stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Sjá kafla 10.3.

Dæmi um umdeilda ákvörðun þar sem umhverfissjónarmið voru látin ráða för í samræmi við umhverfismat áætlunarinnar má nefna þá ákvörðun að gera ráð fyrir blandaðri byggð norðan Eyvindarár í stað íbúðabyggðar á s.k. suðursvæði. Nokkrar athugasemdir voru gerðar við þetta á

athugasemdartíma (sjá viðaukann Umsagnir og athugasemdir).

Með þessari ákvörðun sem tekin er í skipulagsáætluninni, er reynt að tengja þéttbýliskjarnana meira saman og stytta vegalengdir innan þéttbýlisins, sem er í samræmi við umhverfismarkmið um heilnæmt og öruggt umhverfi. Með þessari ákvörðun skapast auknir möguleikar fyrir óvarða umferð auk þess sem grunnkerfi þéttbýlisins eru betur nýtt.

Dæmi um einstaka ákvörðun sem óskað var eftir að felld yrði inni í aðalskipulagið en var hafnað á grundvelli umhverfissjónarmiða var tillaga um nýtt efnistökusvæði norðan Seyðisfjarðarveggar og austan Borgarfjarðarveggar. Umhverfisáhrif af þeirri tillögu sem lögð var fram voru talin óásættanleg miðað við stefnu sveitarfélagsins sem fyrr er lýst og umhverfisviðmið stjórnvalda um verndun náttúru Íslands.

Ekki bárust neinar athugasemdir við umhverfismatið eða umhverfisskýrslu áætlunarinnar á auglýsingatíma.

Ekki er talin þörf fyrir sérstaka vöktun vegna umhverfisáhrifa aðalskipulagsáætlunarinnar. Nokkrar framkvæmdir sem varða samgöngur í sveitarfélaginu og taldar eru upp í kafla 10.7, má ætla að verði matsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000. Hugsanlega verður þörf á vöktun umhverfis í tengslum við framkvæmd þeirra og mun mat á umhverfisáhrifum þá leiða slíkt í ljós.



## Viðauki 1: Heimildaskrá

Aðalskipulag Austur-Héraðs, 2007-2017, m.s.br.

Aðalskipulag Fellahrepps, 2000-2012, m.s.br.

Aðalskipulag Fljótshéraðs 2002-2014

Alta 2005: *Héraðsþing - Fljótshérað til framtíðar. Greinargerð um íbúáþing.*

Alþingi 2004: *Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008.*

Alþingi: *Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.*

Bjarni Reynarsson 2007: *Egilsstaðir landhlutamistöð.*

Dóra Hjálmaradóttir og Fjóla G. Sigtryggadóttir, 2006. *Kárahjúkavirkjun. Mat á áhættu vegna mannvirkja. Endurskoðun.* Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen ehf. S. 51.

Egilsstaðabær 1997: *Egilsstaðabók – frá býli til bæjar.* Ritstjóri: Björn Vigfússon

*Fljótshéraðslínur 3 og 4, Sérstakt svæðisskipulag. Staðfest 2001.*

Fornleifanefnd 1990: *Skrá um friðlýstar fornleifar. 1. útgáfa.*

Fornleifavernd ríkisins: *Svæðisskrár og aðalskrár (upplýsingar um Fljótshérað 2008).*

*Gildandi deiliskipulagsáætlanir á Fljótshéraði 2008.*

Grétar Þór Eypórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson 2001. *Áhrif samgöngubóta á byggðáþróun.* Bygðastofnun og Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Helgi Hallgrímsson 2008: *Náttúrumæskrá og náttúrulýsing Fljótshéraðs.*

Hjörleifur Guttormsson 1987: *Árbók Ferðafélags Íslands, Norð-Austurland hálendi og eyðibygðir.*

Hjörleifur Guttormsson 2008: *Árbók Ferðafélags Íslands Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði.*

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: *Skrár yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970.*

Hörður Kristinnsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007: *Vöktun vástaplantna 2002 – 2006. s. 92.*

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2006: *Vaxtarsamningur Austurlands.*

Iðnaðaráðuneytið 2008: *Skýrsla starfshóps um smávirkanir.*

Inga Sóley Kristjónadóttir, 2008: *Fornleifaskráning í sambandi við aðalskipulagsgerð. Greinargerð (óútgefin).*

Jón Þorvaldur Heiðarsson 2005: *Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008. Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 1. Bygðarannsóknarstofnun Íslands.*

*Kárahjúkavirkjun, Sérstakt svæðisskipulag, 2001, br.2002*

Kjartan Ólafsson 2006: *Áfangaskýrsla I – Stöðulýsing og upphaf framkvæmda á Austurlandi. Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi – Útdráttur. Bygðarannsóknarstofnun Íslands.*

Kristín Ágústadóttir og Magnús Björnsson, 2004: *Staðardagskrá 21. Stöðumat á Austur Héraði.*

*Miðhálandi Íslands, svæðisskipulag. Staðfest 1999*

Náttúruverndarráð 1996: *Náttúruvinnjaskrá. 7. útgáfa með síðari breytingum.*

Nefnd um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs 2006: *Lokaskýrsla.*

Nýsir 2006: *Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði.*

Philip Vogler (ritstj.) 1998: *Fornir fjallvegir á Austurlandi.* Áhugahópur um vörður og fjallvegi á Austurlandi.

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2007: *Félags- og efnahagsleg áhrif Héraðsskóga.*

*Samgönguáætlun 2007-2018.*

Skúli Björn Gunnarsson, 2006: *Vatnajökulsþjóðgarður, austursvæði. Samantekt vegna undirbúnings að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.*

SSA 2007: *Svona gerum við. Leiðir að fjölmenningslegu samfélagi á Austurlandi.*

*Stefna Fljótshéraðs, 2007.*

*Svæðisskipulag Héraðssvæðis, 1998-2010, m.s.br.*

Umhverfisráðuneytið, 2006. *Skýrsla ráðgjafarnefndar umhverfisráðuneytisins um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Umhverfisráðuneytið 2005: *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.*

Umhverfisstofnun 2003: *Náttúruverndaráætlun 2004–2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.*

Umhverfisstofnun 2003: *Náttúruverndaráætlun 2004–2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.*

Umís 2006: *Austurland. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020.*

*Vefir um málefni Austfjarða.*

Vegagerðin 2008: *Námskrá.*

Vegagerðin: *Umferð á þjóðvegum 2006.*

Þekkingarþing 2007: *Framsöguerindi og umræður.s*



## Viðauki 2: Umsagnir og athugasemdir

Um samráð við almenning og hagsmunaaðila er fjallað í kafla 1.2., sjá bls.2 en hér er gerð nánari grein fyrir samráði við hagsmunaaðila á meðan á vinnunni stóð og sérstaklega fjallað um umsagnir stofnana, sveitarfélaga og samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandisins. Aftar í viðauka er síðan gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust við auglýsta skipulagstillögu og svörum sveitarfélagsins við þeim athugasemdum.

### Aðalskipulagstillaga á vinnslustigi

Vinnan við gerð aðalskipulags Fljótssdalshéraðs hófst í apríl 2007, og í maí 2007 fengu eftirtaldar 28 stofnanir og sveitarfélög sent bréf, þar þeim var kynnt að hafin væri vinna við gerð aðalskipulags fyrir Fljótssdalshérað þar sem þeim var bent á að hægt væri að koma ábendingum og upplýsingum til ráðgjafa:

- Borgarfjarðarhreppur Hreppsstofu, 720 Borgarfirði
- Breiðdalshreppur Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík
- Búnaðarsamband Austurlands, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
- Byggðastofnun Ártorg 1 550 Sauðárkrókur
- Djúpavogshreppur Bakka 1, 765 Djúpivogur
- Fjarðabyggð Hafnargötu 2,730 Fjarðabyggð
- Fljótssdalshreppur Végarði, 701 Egilsstaðir
- Flugstoðir, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
- Fornleifavernd ríkisins Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands Búðareyri 7, 730 Fjarðabyggð
- Heilbrigðisstofnun Austurlands Austurvegi 20, 730 Reyðarfjörður

Héraðs-og Austurlandsskógar, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir

Húsafríðunarnefnd ríkisins Suðurgötu 39,101 Reykjavík

Kirkjugarðaráð Laugavegi 31, 150 Reykjavík

Landbúnaðarráðuneytið Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík

Landsnet Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík

Náttúrustofa Austurlands Mýrargötu 10, 740 Neskaupstað

Norðurþing Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík

RARIK, Þverklettum 2-4, 700 Egilsstaðir

Seyðisfjarðarkaupstaður Hafnargötu 44, 710 Seyðisfjörður

Skipulagsstofnun Laugavegi 166, 105 Reykjavík

Skólaskrifstofa Austurlands, Búðareyri 4, 730 Reyðarfjörður

Skútustaðahreppur Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn

Sveitarfélagið Hornafjörður Hafnarbraut 27, 780 Höfn, Hornafirði

Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Vegagerðin, svæðismiðstöð, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri

Vopnafjarðarhreppur Hamrahlíð 15 ,690 Vopnafjörður

Þróunarfélag Austurlands, Miðvangi 2, 700 Egilsstaðir

Engar ábendingar eða upplýsingar aðrar en tilnefningar um tengiliði, bárust í kjölfar þess bréfs.

**Í desember 2007** var öllum landeigendum á Fljótssdalshéraði sendur spurningalisti í tengslum við aðalskipulagsvinnuna. Kallað var eftir upplýsingum frá landeigendum um það hver þeirra framtíðaráform væru varðandi landnotkun. Yfir 60 landeigendur svöruðu spurningalistanum og ríflega 20 óskuðu eftir breytingu á landnotkun sem stýrihópur um aðalskipulagið mat síðan hvernig eða hvort væri hægt að taka tillit til.

Eftirtaldar 28 stofnanir og sveitarfélög fengu drög að skipulagstillögunni og matslýsingu vegna umhverfismats til umsagnar **í júlí 2008** (skv. sp. bæjarstjórnar 23. júlí 2008) og þeim gefinn frestur til 28. ágúst til að koma með athugasemdir:

- Borgarfjarðarhreppur Hreppsstofu, 720 Borgarfirði
- Breiðdalshreppur Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík
- Byggðastofnun Ártorg 1 550 Sauðárkrókur
- Djúpavogshreppur Bakka 1, 765 Djúpivogur
- Fjarðabyggð Hafnargötu 2,730 Fjarðabyggð
- Fljótssdalshreppur Végarði, 701 Egilsstaðir
- Flugmálastjórn Íslands Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík
- Fornleifavernd ríkisins Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands Búðareyri 7, 730 Fjarðabyggð
- Heilbrigðisstofnun Austurlands Austurvegi 20, 730 Reyðarfjörður
- Húsafríðunarnefnd ríkisins Suðurgötu 39,101 Reykjavík
- Kirkjugarðaráð Laugavegi 31, 150 Reykjavík
- Landbúnaðarráðuneytið Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík
- Landbúnaðarstofnun Embætti veiðimálastjóra Austurvegi 64, 800 Selfoss
- Landsnet Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík
- Náttúrustofa Austurlands Mýrargötu 10, 740 Neskaupstað
- Norðurþing Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík
- RARIK Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík
- Seyðisfjarðarkaupstaður Hafnargötu 44, 710 Seyðisfjörður



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Skipulagsstofnun Laugavegi 166, 105 Reykjavík (sbr. sérstakt bréf 31.júlí).

Skógrækt ríkisins Miðvangi 2-4700 Egilsstaðir

Skólaskrifstofa Austurlands Búðareyri 4, 730 Reyðarfjörður

Skútustaðahreppur Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn

Sveitarfélagið Hornafjörður Hafnarbraut 27, 780 Höfn, Hornafirði

Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Veðurstofa Íslands Bústaðarvegi 9, 150 Reykjavík

Vegagerðin Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Vopnafjarðarhreppur Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður

Athugasemdir og ábendingar bárust frá: *Fornleifavernd ríkisins; Gunnari Jónssyni, Egilsstöðum; Landsneti og Vegagerðinni.*

Athugasemdir og ábendingar voru teknar til greina við áframhaldandi vinnu tillögunnar en rétt er að geta sérstaklega um svar Fornleifaverndar ríkisins þar sem ljóst var að ekki myndi nást að vinna aðalskráningu af jafn umfangsmiklu sveitarfélagi og Fljótsdalshérað er, fyrir lok ársins 2008.

Í svari frá **Fornleifastofnun dags. 20.ágúst 2008**, segir m.a.:

*„... Set hér með í viðhengi bréf sem við sendum 2007 þar sem lágmarkskröfur um fornleifaskráningu vegna aðalskipulags koma fram auk lista yfir þá skráningu sem þegar hefur verið gerð, þið eruð eflaust með það en ágætt að fara yfir þetta og athuga hvort eitthvað vanti. Eins er ágætt að hafa í huga að mikilvægt er að taka fornleifar með þegar kemur að vinnu við mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunar. Það vill gleymast, þó mikil áhersla sé lögð á önnur umhverfisatriði svo sem náttúru osfrv. Það sem kannski ætti helst að hafa í huga eru minjaheildir, þeas ekki líta á fornleifar sem einstaka*

*punkta/rústir heldur líta á heildarmyndina, erum við með varðveitt heildarlandslag sem til dæmis skógrækt eða aðrar framkvæmdir getur eyðilagt.... með því að skera í sundur samhengi milli einstakra fornleifa. Minjavörður Austurlands Inga Sóley Kristjónudóttur er hins vegar hæfust til að fara yfir skipulagið með tilliti til fornleifa/meningaminja vegna þekkingar sinnar á svæðinu. Hún er hins vegar í sumarfrí til 4. september og getur því ekki skilað umsögn fyrir 28. ágúst.“*

Sveitarstjórn og ráðgjafar voru í sambandi við Minjavörð Austurlands og Fornleifavernd allt frá upphafi skipulagsvinnunnar og **21. febrúar 2008** barst póstur og ódags. bréf frá Minjaverði: „Fornleifaskráning í sambandi við aðalskipulagsgerð“. Þar er tekið fram að eingöngu var lokið við aðalskráningu fornleifa í Hjaltastaðáþinghá, Fellahreppi og Egilsstaðabæ en svæðisskráningu lokið í hinum sveitarfélögunum.

Þar sem sveitarfélagið er óvenju landmikið og ljóst að ekki tekst að ljúka aðalskráningu fyrir lok aðalskipulagsgerða er í bréfinu gerð eftirfarandi tillaga að fornleifaskráningu:

2008: Áætluð framkvæmdasvæði og Eiðáþinghá

2009: Vallahreppur og Skriðdalshreppur

2010: Tunguhreppur og Jökulsárhlíð

2011: Jökuldalur

Ljóst er að framkvæmdasvæði ber að skrá áður en aðalskipulag er lagt fram en í sveitarfélaginu eru ekki fyrirhugaðar framkvæmdir á næstu árum nema í kringum þegar byggð svæði þar sem fornleifaskráning hefur þegar farið fram.

Sveitarfélagið tekur fram í greinargerð með aðalskipulaginu að aðalskráningu hafi ekki verið lokið fyrir allt sveitarfélagið en fornleifaskrár séu til fyrir hluta þess. Þá verði unnin skráning á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum samkvæmt áætlun sem samþykkt hafi verið af sveitarstjórn. Til að

deiliskipulag eða framkvæmdaleyfi öðlist samþykkt verður fornleifaskráningu að vera lokið.

Fornleifastofnun gerði ekki athugasemd við þetta fyrirkomulag á auglýsingatíma tillögunnar

Með bréfi dags. **31. júlí 2008** óskaði sveitarstjórn eftir samáði við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við umhverfismat tillögu að Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Erindinu fylgdi matslýsing dags. 7. júlí 2007 og drög að greinargerð dags. í júlí 2008.

Erindinu var svarað með bréfi dags. 22. ágúst 2008, og hafði skipulagsstofnun yfirfarið framlögð gögn og gerði ekki athugasemdir við umfang og áherslur í umhverfismati skipulagstillögunnar en benti á eftirfarandi atriði til skoðunar; að skoða tengsl aðalskipulagstillögunnar við skipulag í aðliggjandi sveitarfélögum og að í umhverfisskýrslu þurfi að vera skýrt hvaða viðmið og umhverfisverndarmarkmið var stuðst við í umhverfismatinu og jafnframt þarf að koma fram hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra við gerð áætlunarinnar.

Dagana **9.-11. október 2008** var haldin sýning á drögum að aðalskipulagstillögu, uppdráttum og greinargerð, í Valaskjálfi á Egilsstöðum og þann 11. október var haldinn kynningafundur á sama stað um tillöguna og þá stefnu í henni felst, auk þess var tillagan aðgengileg á vef sveitarfélagsins. Í kjölfar þessarar kynningar var íbúum og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að skila inn athugasemdum og ábendingum til skipulagsfulltrúa í viku þar á eftir. Alls sendu níu aðilar inn athugasemdir og fjallaði stýrihópur um aðalskipulagsgerðina um þær í kjölfarið.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann **19. nóvember. 2008** að auglýsa tillögu að aðalskipulagi og þann 28. nóvember 2008, sendu ráðgjafar fyrir hönd Fljótsdalshéraðs tillögu að aðalskipulagi til Skipulagsstofnunar til athugunar skv. 2. mgr. 17.gr. skipulags- og byggingarlaga.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Skipulagsstofnun gaf umsögn með bréfi dags. 19. desember 2008.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umsögninni og viðbrögðum við henni sem einnig voru send Skipulagsstofnun í bréfi í **janúar 2009**:

### Samráð og kynning

Skipulagsstofnun bendir á að ekki komi fram í tillögunni til hvaða umsagnaraðila hafi verið leitað við kynningu tillögunnar í júlí sl. og verður úr því bætt í endanlegri tillögu til auglýsingar. Þá verður Skipulagsstofnun sömuleiðis send afrit af þeim umsögnum sem þá bárust sbr. Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags.

Sömuleiðis verður Fiskistofu bætt á lista þeirra stofnana sem sérstaklega er bent á að kynna sér tillöguna á auglýsingartíma hennar.

Aðliggjandi sveitarfélögum var kynnt skipulagstillagan sérstaklega með bréfum dags 31. júlí 2008 en ekkert þeirra gerði athugasemdir við drögin. Í kafla 1.4 í greinargerð er bætt setningu um að tillagan sé í samræmi við skipulag aðliggjandi sveitarfélaga.

Alta ehf hefur, f.h. Fljótsdalshéraðs, sent gögn skipulagstillögunnar til samvinnunefndar miðhálandis.

Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við að efnistöð í 9. kafla séu ekki nægilega skýr og of almenn í þeim tilvikum sem vikið er frá ákvæðum skipulagsreglugerðar. Fljótsdalshérað mun yfirfara 9. kafla með hliðsjóna af þessari ábendingu en eins og áður er getið vill sveitarfélagið halda hæfilegum sveigjanleika innan ákveðins ramma, sem studdur er af skýrri stefnu.

Helstu örnefnum verður bætt inn í skipulagsupprætti.

### Þéttleiki og einkenni byggðar

Fljótsdalshérað sér ekki ástæðu til þess að tilgreina í aðalskipulagi þéttleika byggðar á landnotkunarreitum öðrum en þeim sem ætlaðir eru fyrir blandaða byggð, svo sem iðnaðar- og athafnasvæðum. Þarna er nauðsynlegt að hafa sveigjanleika til að mæta kröfum mjög margvíslegrar starfsemi, jafnvel af ófyrirséðu tagi og verður ekki séð að af þessu hljótist skaðlegur vafi um landnotkun eða hætta á hagsmunaaárekstrum þar sem deiliskipulag hlýtur að tiltaka þéttleika og yfirbragð mun nánar og þá með hliðsjón af þeirri starfsemi sem áhugi er á að koma fyrir á þessum reitum í framtíðinni. Í skipulagsskilmálum aðalskipulagstillögunnar er kveðið á um eðli og yfirbragð byggðar í almennum orðum.

Í framhaldi af ábendingum Skipulagsstofnunar hafa skipulagsákvæði nokkurra landnotkunarreita verið aukin lítillega til þess að bæta innra samræmi og lagfærðir hnókrar sem stofnunin benti á.

### Framfylgd stefnu

Í nýrri útgáfu greinargerðar hefur vafa verið eytt um það að þar sem getið er um "umfangsmikla nýrækt" í kafla 4.1.3 er einnig átt við skógrækt. Þá er í kafla 4.3.3. tekið fram í framhaldi af athugasemd Skipulagsstofnunar að heildarskipulag tiltekinn svæða skuli vera með þeim hætti sem svæðið gefi tilefni til að mati skipulagsnefndar og þá helst deiliskipulag. Þá er einnig tekið fram að verndar- og nýtingaráætlanir skuli gera um svæði þegar og ef þau hljóta friðlýsingu og þá í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir ríkisvaldsins.

### Athugasemdir við einstaka málaflokka – landnotkunarflokk

#### Íbúðarsvæði

Umrædd tvö svæði eru tekin sérstaklega fyrir sem íbúðarsvæði þó svo um sé að ræða einungis eina lóð og er það frávik frá hinni almennu reglu sem gildir á lögbýlum á landbúnaðarsvæðum, enda er hér ekki um

slíkt að ræða. Hér eru hins vegar um að ræða land í útjaðri þéttbýlisins þar sem ekki er talin ástæða til að gera ráð fyrir þéttbýlisuppbýggingu á skipulagstímabilinu, en sveitarstjórn vill engu að síður ekki koma í veg fyrir að landeigendur geti nýtt sér svæðið til íbúðarhúsbýgginga.

### Íbúðarsvæði

Skipulagsstofnun bendir á að upplýsingar um að stefnt sé að fjölgun smávirkjana sem vísað er til í venlatöflu eigi sér ekki stoð í kafla um aðrar virkjanir. Fljótsdalshérað bendir hins vegar á að þessa stefnu er að finna í kafla 8.8.

### Svæði fyrir frístundabyggð

Skipulagsstofnun telur að flokkun frístundabyggðar í þrjá flokka sé of einföld og að hennar mati þurfi að lágmarki að gera greinarmun á núverandi svæðum og fyrirhuguðum/nýjum svæðum. Í nýrri útgáfu greinargerðar eru auðkennd þau svæði sem þegar hafa verið deiliskipulögð og svæðum fyrir frístundabyggð gefið hlaupandi númer til þess að auðveldara sé að tengja svæði sem nefnd eru í greinargerð við auðkenni á upprætti. Á hinn bóginn telur Fljótsdalshérað ekki ástæðu til að hverfa frá þeirri einföldu stefnu sem þriggreiningin byggir á. Þannig er t.d. í greinargerð skipulagstillögunnar gefin heimild til að byggja allt að 10 frístundahús á samfelldu 10 ha svæði að hámarki á öllum þeim stöðum sem áður voru tilgreindir sem F1. Þetta er skýrt og einfalt og lýsir vilja sveitarfélagsins.

Fljótsdalshérað telur óþarft að gera grein fyrir tengslum svæðanna við samgöngur, þjónustu og opin svæði en telur eðlilegt að um slík atriði sé fjallað í deiliskipulagi. Að sama skapi telur Fljótsdalshérað óþarft að tilgreina í aðalskipulagi hámarksstærð svæða þar sem fleiri en 10 frístundahús eru leyfð. Eðlilegt er að stærð ráðist af staðhættum og samspili þeirra við innra skipulag sem eðlilegast er að ákveðið sé við gerð deiliskipulags.



Bætt er inn skipulagsákvæðum varðandi fjallaskála, sæluhús og gangnamannakofa.

Svæði til síðari nota eftir skipulagstímabilið

Í aðalskipulaginu er almennt mótuð stefna um þróun byggðar og notkun lands til 20 ára og leitast við að setja fram skynsamlega áætlun varðandi landþörf einstakra landnotkunarflokka. Þannig má teljast heppilegt að taka frá landsvæði til blandaðrar byggðar sem nemur meira en 20 ára þörf sveitarfélagsins, en það væri hins vegar óraunhæft að merkja allt það landsvæði eins og gert væri ráð fyrir að það yrði byggt á næstu 20 árum. Það sýnir hins vegar fyrirhyggju og dregur úr óvissu um notkun umrædds svæðis ef það er sýnt sem svæði sem ganga megi að til uppbyggingar að skipulagstímabili loknu. Til þess að koma til móts við athugasemd Skipulagsstofnunar án þess að fella niður fyrrgreindar upplýsingar verða umrædd svæði sýnd á skýringarmynd í greinargerð en fjarlægð af skipulagsuppráttum.

Efnistökusvæði

Skipulagsstofnun gerir athugasemd við kafla um efnistöku og tekur fram að gera skuli grein fyrir öllum svæðum á landi, í ám eða sjó innan netalaga þar sem efnistaka er fyrirhuguð og að fram þurfi að koma stærð efnistökusvæðis eða magn efnis til þess að ljóst sé hvort efnistakan falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Fljótsdalshérað vill í þessu sambandi taka fram að tillagan gerir grein fyrir öllum stöðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð enda er t.d. engin efnistaka undir vatni stunduð eða fyrirhuguð. Fljótsdalshérað telur að með skýrum ákvæðum, bæði í aðalskipulagstillögunni og í viðkomandi lögum og reglugerðum um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku og tengdri málsmeðferð, sé nægilega fast um hnútana búíð. Því er þó bætt við til frekari áréttingar að framkvæmdaleyfisumsókn skuli gera grein fyrir efnistöku a.m.k. til næstu tveggja ára. Af því má ráða hvort þörf er á mati á umhverfisáhrifum.

Bætt er inn setningu varðandi efnistöku á stöðum innan verndarsvæða þar sem krafist er sérstakrar varúðar og að í framkvæmdaleyfisumsókn sé gerð ítarleg grein fyrir því hvernig aðgát verður viðhöfð með hliðsjón af verndargildi og sérstöðu viðkomandi svæðis.

Efnistökusvæði munu fá hlaupandi númer til þess að bæta samsörun milli greinargerðar og uppráttu.

Veitur

Fljótsdalshérað tekur undir ábendingu um að fjarskiptastöðvar á athafnasvæðum kunni að falla undir almenna heimild til þess að hafa fjarskiptastöðvar að tiltekinni hámarksstærð á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum. Með hliðsjón af þessu hafa athafnasvæði fyrir allar fjarskiptastöðvar nema langbylgjustöðina á Eiðum verið felld niður.

Landbúnaðarsvæði

Texti um íbúðarhúsabyggingar á lögbylum hefur verið lagfærður. Heimilt er að reisa allt að þrjú íveruhús á hverju lögbyli án breytinga á aðalskipulagi en í samræmi við deiliskipulag. Ekki er tekið sérstaklega fram að íbúðarhúsin þurfi að tengjast landbúnaðarstarfsemi, en í texta er tekið fram að nýbyggingar skuli vera í tengslum og samhengi við þá byggð sem fyrir er á býlinu.

Náttúruvernd

Skipulagsstofnun gagnrýnir að ekki skuli tekið fram hvaða reglur gilda um landnotkun á svæðum sem eru friðlýst eða á náttúruminjaskrá, s.s. um umgengni eða mannvirkjagerð. Fljótsdalshérað telur ekki ástæðu til að kveða nánar á um þessi atriði en þegar er gert, allitarlega, í lögum og reglugerðum um náttúruvernd.

Umhverfisskýrsla

Skipulagsstofnun telur að stefna sveitarfélagsins í málaflokkum eins og efnistöku og iðnaðarsvæðum sé ekki nægilega skýr til þess að meta hvort hún hafi veruleg eða

óveruleg áhrif á umhverfið og hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð. Fljótsdalshérað telur á hinn bóginn að fjölmörg stefnuákvæði í skipulagstillögunni sem eiga beint eða óbeint við um þessa málaflokka, gefi skýra mynd af metnaði og virðingu fyrir umhverfinu sem sveitarfélagið viðhefur í stjórnsýslu sinni.

-----

**Auglýst aðalskipulagstillaga**

Tillaga að aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 var auglýst 4. mars 2009 og rann athugasemdafrestur út 16. apríl 2009. Tillagan var aðgengileg á skrifstofu skipulagsfulltrúa, hjá Skipulagsstofnun og á vef sveitarfélagsins.

Áður en tillagan var formlega auglýst, en eftir að Skipulagsstofnun fékk hana til athugunar, bárust athugasemdir frá eftirtöldum þremur aðilum, sem byggðust á drögum tillögunnar sem kynnt voru áður.

Skógrækt ríkisins, dags. 18. desember 2008:

Þar óskaði Skógrækt ríkisins eftir því að aðalskipulagstillagan tæki mið af deiliskipulagstillögu fyrir Hallormsstað sem verið hefur í vinnslu. Þar sem ekki tókst að tryggja nægilegt samræmi milli skipulagstillagnanna eru líkur á því að breytingar sem gera þyrfti teldust umfangsmeiri en ásættanlegt er að komi fram við lokaafgreiðslu aðalskipulagstillögunnar. Af þessum sökum var lagt til nauðsynleg breyting á nýju aðalskipulagi verði auglýst samtímis deiliskipulaginu. Þessi málsmeðferð muni ekki valda verulegum töfum. Jafnframt verður betur tryggt að fulls samræmis sé gætt.

Umhverfisstofnun 11.febrúar 2009, sem svar við áður útsendri kynningu í júlí 2007 en athugasemdin varðar mikilvægi úttektar á svæðum sem falla undir 37. grein laga um náttúruvernd og hættu á mengun á hafnasvæði innan svæðis á náttúruminjaskrá. Brugðist var við þessari ábendingu eins





## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

og fram kemur hér á eftir í svari við hliðstæðri ábendingu Umhverfisstofnunar dags. 28.apríl, 2009.

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands sendi Skipulagsstofnun umsögn um aðalskipulagstillöguna með bréfi dags. 19. febrúar 2009, með afriti á Fljótsdalshérað og skipulagsráðgjafa. Hér á eftir eru helstu atriði úr umsögn samvinnunefndar og viðbrögð við þeim:

Vísað er í texta um samgöngur þar sem segir að mótaðar verði hugmyndir um ferðamannavegi á hálandinu og gerð áætlun um framkvæmdir. Gerð er athugasemd við það að ekki komi fram hvar þessar hugmyndir verði mótaðar eða um hvaða vegi og leiðir er að ræða.

*Svar: Þetta verður skýrt nánar í greinargerð.*

Bent er á að í Svæðisskipulagi Miðhálandis sé gert ráð fyrir Kárahnjúkavegi og Brúardalsleið í flokki aðalfjallvega en það komi ekki fram í skipulagstillögunni.

*Svar: Þetta verður lagfært.*

Bent er á að í skipulagstillögunni sé ekki að finna umfjöllun um helstu reiðleiðir eða gönguleiðir á hálandi í samræmi við stefnumörkun Svæðisskipulags Miðhálandis.

*Svar: Úr þessu verður bætt.*

Gerð er athugasemd við það að ekki sé gerð grein fyrir veituleiðum og aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar í skipulagstillögunni.

*Svar: Úr þessu verður bætt.*

Bent er á að umfjöllun vanti um verslunar- og þjónustusvæði við Laugavelli og Sigurðarskála auk þjónustumiðstöðvar við vesturenda Kárahnjúkastíflu. Þá sé verslunarsvæði í Sænautaseli ekki í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálandis. Ennfremur er bent á að í Svæðisskipulagi Miðhálandis sé gert ráð fyrir fjölbreyttri ferðaþjónustu í Kverkfjöllum.

*Svar:*

*Þjónustumiðstöð við vesturenda Kárahnjúkastíflu, skálasvæði í Kverkfjöllum, Laugavelli og Sigurðarskáli verða tilgreindir sem verslunar- og þjónustusvæði. Þótt Sænautasel sé ekki tilgreint á uppdraetti Svæðisskipulags Miðhálandis er vísað til þess sem slíks í texta greinargerðar enda hefur ferðafólki verið þjónað þar um árabil. Í aðalskipulagstillögunni verður því áfram tilgreint verslunar- og þjónustusvæði í Sænautaseli en Samvinnunefnd um Miðhálandi Íslands bent á að lagfæra þetta atriði hjá sér.*

Vakin er athygli á því að ekki er gert ráð fyrir neinni ferðaþjónustu í Hvannalindum.

*Svar:*

*Hvannalindir verða tilgreindar sem svæði fyrir fjallaskála en ekki opið svæði til sérstakra nota. Þar er nú lítil landvarðarskáli og áskilið verður að frekari byggingar verði ekki leyfðar*

Vakin er athygli á því að ekki er hefur verið tekið sérstaklega á vatnsbólum í dreifbýli. En Svæðisskipulag miðhálandis 2015 sýnir einn flokk vatnsverndarsvæða, sem eru gjöful lindarsvæði og næst nágrenni þeirra.

*Svar:*

*Vatnsból í dreifbýli eru ekki fræði inn á aðalskipulagsuppdrauttinn, en ber að sýna þau á deiliskipulagi. Lindarsvæði á hálandinu eru ekki sýnd á aðalskipulagsuppdraetti.*

-----

Við formlega auglýsingu aðalskipulagstillögunnar var eftirtöldum 32 stofnunum skrifað sérstaklega og athygli þeirra vakin á að tækifæri væri nú á að gera athugasemdir ef einhverjar væri, við tillöguna eða fylgigögn hennar.

Borgarfjarðarhreppur, Hreppsstofu, 720 Borgarfirði

Breiðdalshreppur, Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík

Byggðastofnun, Ártorg 1 550 Sauðárkrók

Djúpavogshreppur, Bakka 1, 765 Djúpvogur

Fiskistofa, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði

Fjarðabyggð, Hafnargötu 2,730 Fjarðabyggð

Fljótsdalshreppur, Végarði, 701 Egilsstaðir

Flugmálastjórn Íslands, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Búðareyri 7, 730 Fjarðabyggð

Heilbrigðisstofnun Austurlands, Austurvegi 20, 730 Reyðarfjörður

Húsafriðunarnefnd ríkisins, Suðurgötu 39,101 Reykjavík

Kirkjugarðaráð, Laugavegi 31, 150 Reykjavík

Landbúnaðarráðuneytið, Sölvhólsstötu 7, 150 Reykjavík

Landbúnaðarstofnun, Embætti veiðimálastjóra Austurvegi 64, 800 Selfoss

Landsnet, Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík

Náttúrustofa Austurlands, Mýrargötu 10, 740 Neskaupstað

Norðurþing, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík

RARIK, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44, 710 Seyðisfjörður

Siglingastofnun, Vesturvör 2, 200 Kópavogi

Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík

Skógrækt ríkisins, Miðvangi 2-4700 Egilsstaðir

Skólaskrifstofa Austurlands, Búðareyri 4, 730 Reyðarfjörður

Skútustaðahreppur, Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn

Sveitarfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27, 780 Höfn, Hornafirði

Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Veðurstofa Íslands, Bústaðarvegi 9, 150 Reykjavík

Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður

Alls bárust athugasemdir frá 6 stofnunum á auglýsingatíma (sjá umfjöllun um þær hér á eftir).

### Athugasemdir við auglýsta tillögu

Eftirtaldir athugasemdir komu fram á auglýsingatíma og voru teknar til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu og þau svör sem hér fylgja samþykkt á fundi bæjarstjórnar Fljótshéraðs þann 20. maí 2009.

#### Jón H. Sigbjörnsson

Nýtt efnistökusvæði norðan Seyðisfjarðarveggar (VST 2007-1230-006)

Svar:

*Tillögu um nýtt efnistökusvæði norðan Seyðisfjarðarveggar og austan Borgarfjarðarveggar er hafnað vegna þeirra umhverfisáhrifa sem efnistakan hefur í för með sér.*

#### Jón H. Sigbjörnsson

Efnistökusvæði á bökkum Eyvindarár (VST 2007-1230-007)

Svar:

*Fallist er á að efnistökusvæði verði merkt á aðalskipulagsupprætti á þeim stað sem tilgreindur er í athugasemdinni. Jafnframt er vakin athygli á stefnu sveitarfélagsins um efnistökusvæði og að framkvæmdaleyfi er háð samþykki Skipulags- og mannvirkjanefndar á grundvelli ítarlegrar lýsingar á umfangi efnistökkunnar.*

#### Strympa – Skipulagsráðgjöf

Óskað er eftir að frístundasvæði, 42,5 ha að stærð, verði skilgreint í landi Eyvindarár.

Svar:

*Fallist er á að svæði fyrir frístundabyggð sem vísað er til í athugasemdinni verði fellt inn í aðalskipulagstillöguna. (Athugið breytt svar sveitarstjórnar dags. 24.júní 2009, sjá hér neðar).*

#### Þjörn Ingvárunn

Varðar lóð fyrir frístundahús í landi Vaðs í Skriðdal.

Svar:

*Ekki er nauðsynlegt að færa sérstaklega inn á aðalskipulagstillöguna frístundahús ef þau eru tvö eða færri og heildarfrjöldi íveruhúsa á jörðinni þrjú eða færri.*

#### Landsnet

Varðar Kröflulínu 3, Fljótshéraðslínu 4 og ljósleiðara.

Svar:

*Athugasemdirnar eru teknar til greina í samræmi við gögn sem bárust með athugasemdinni.*

#### Sigmundur Halldórsson

Tjaldstæði í landi Ekru

Svar:

*Fallist er á að tjaldstæði sé tilgreint í aðalskipulaginu í landi Ekru, í samræmi við gögn í athugasemdinni.*

#### Þorvaldur P. Hjarðar

Athugasemd er gerð við tilgreinda hæð Kverkfjalla, flokkun eldstöðvarinnar Snæfells og texta um verndun Brúaröræfa. Þá er gerð athugasemd við legu Þjóðveggar 1 í Fellabæ og nýrrar Lagarfjótshrár.

Svar:

*Staðháttupplýsingar verða skoðaðar. Málsgrein þar sem getið er um verndun Brúaröræfa á bls. 14 í greinargerð er ónákvæm og verður felld niður. Hluti Brúaröræfa, Fagridalur og Grágæsadalur, er tilgreindur sem svæði á náttúruminjaskrá í kafla 9.15. Ljóst er að aðstæður þar sem ný brú mun taka land í Fellabæ eru krefjandi og kunna að útheimta verulega lækkan á umferðarhraða. Með þeirri legu sem tillagan tilgreinir helst beinni tenging milli þéttbýliskjarnanna tveggja hvorum megin við fljótið. Á móti kostnaði sem kann að skapast vegna þrengsla sparast kaup á landi fyrir nýjan veg.*

#### Sigmundur Halldórsson

Óskað er eftir breytingu á afmörkun Glámusvæðis og vísað í uppdrátt sem fylgir athugasemdinni.

Svar:

*Fallist er á að gerð verði breyting á afmörkun Glámusvæðisins og nágrenni, þannig að afmörkun svæðisins verði austan Lagarfossveggar og austan fyrirhugaðs veggar á milli Lagarfoss og Stóra- Steinsvaðs og taki ekki yfir ræktað land. Að öðru leyti verður farið eftir skilgreiningu Helga Hallgrímssonar í Náttúrumæraskrá Fljótshéraðs.*



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### Sigurbjörn Snæþórsson og Helga Guðmundsdóttir

Reiðleið um land Gilsárteigs verði felld niður.

Svar:

Fallist er á að þessi staðsetning reiðleiðar verði fjarlægð af skipulagsuppdráttum tillögunnar, en ný staðsetning verði í samráði við landeigendur.

### Fljótshreppur

Gerð er athugasemd við að kofi við Sauðá sé ekki inn á tillögu um aðalskipulag Fljótshéraðs.

Svar: Fallist er á að kofi við Sauðá verði merktur sem fjallaskáli á aðalskipulaginu.

### Jón Þór Þorvarðarson

Gerð er athugasemd við að kofi við Sauðá sé ekki inn á tillögu um aðalskipulag Fljótshéraðs.

Svar: Fallist er á að kofi við Sauðá verði merktur sem fjallaskáli á aðalskipulaginu.

### Jörundur Ragnarsson

Jörundur telur að íbúum hafi ekki verið gefin nægileg tækifæri til að kynna sér þær miklu breytingar sem í tillögunni felast.

Svar:

Eins og fram kemur í greinargerð, kafla 1.2, var haft víðtækt samráð við íbúa við mótun tillögunnar t.d. með fimm íbúafundum í ársbyrjun 2008 og drög kynnt í október 2008.

Gerð er athugasemd við það að horfið sé frá skipulagi byggðar á suðursvæði og að tilgreint sé svæði fyrir verslun- og þjónustu og þjónustustofnanir syðst í byggðinni sem tillagan kveður á um.

Svar:

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir töluverðri viðbótabyggð á suðursvæðinu þótt ekki sé gengið eins langt og í gildandi

skipulagi. Með því að færa nýja íbúðarbyggð norður fyrir Eyvindará er leitast við að stytta fjarlægðir innan þéttbýlisins á Egilsstöðum og Fellabæ í stað þess að teygja þéttbýlið til suðurs. Eftir sem áður er gert ráð fyrir þjónustu á suðursvæði. Byggð norðan Eyvindarár er álíka langt frá miðbænum og sú byggð sem horfið er frá á suðursvæði.

Gerð er athugasemd við staðsetningu jarðgangamunna Seyðisfjarðarganga og tilgreinda legu framlengingar á Seyðisfjarðarvegi, yfir Eyvindará.

Svar: Í skipulaginu er líklegasta niðurstaða sýnd en hnykket verður á fyrirvara um staðsetningu. Meirihluti sveitarstjórnar telur að þjónusta á til þess skipulögðum svæðum eigi að njóta góðs af umferð sem fer með hæfilegum hraða um þéttbýlið, á forsendum þess. Það þýðir þó ekki að útilokað sé að fleiri en ein leið liggji gegnum þéttbýlið á Egilsstöðum.

### Vignir Elvar Vignisson

Vignir spyr hvernig tryggja eigi öryggi gangandi vegfarenda við endurnýjaðan þjóðveg um Fellabæ og hvor kostnaður við færslu lagna hefur verið kannaður.

Svar:

Öryggi ræðst af hönnun vegarins og ætla má að umferðarhraði sé þar ráðandi þáttur. Kostnaður við færslu lagna hefur ekki verið metinn.

Vignir hefur áhyggjur af klakastíflum sem kunni að myndast við nýja brú yfir Lagarfljót og spyr hvort tekið hafi verið nægilegt tillit til þess.

Svar:

Brúin og vegfyllingar að henni hefur ekki verið hönnuð en gera má ráð fyrir því að þessir þætti verði hafðir í huga þegar að því kemur.

Spurt er hvor greindar hafi verið þarfir fyrir lóðir.

Svar: Erfitt er fyrir sveitarstjórnir að sjá nákvæmlega fyrir eftirspurn eftir lóðum 20 ár fram í tímann og þess vegna eru

skipulögð rífleg svæði af hverju tagi, þannig að fyrirtæki og einstaklingar geti fundið sér stað við hæfi.

Spurt er hvort snyrtileg þjónustuuppbygging hafi verið slegin af í Fellabæ og ákveðið að þar verði grófur iðnaður.

Svar:

Engar slíkar ákvarðanir hafa verið teknar en gefið svigrúm fyrir atvinnustarfsemi af mismunandi tagi. Áhersla er lögð á það að grófarei atvinnustarfsemi sé fjær íbúðarbyggð enda eru athafna- og iðnaðarsvæði einkum norðan byggðarinnar í Fellabæ.

Óskað er eftir því að ferðafólk geti staldrað við og gengið í námunda við fljótið enda mikilvægt að styðja við ferðaþjónustu.

Svar:

Ábendingarnar eru góðar en eiga betur við um gerð deiliskipulags. Aðalskipulagstillagan takmarkar ekki þau atriði sem óskað er eftir.

### HAUST, Helga Hreinsdóttir

Óskað er eftir því að merkt verði inn skólphreinsistöð á Eiðum.

Svar: Það verður gert.

Óskað er eftir því að fram komi hvenær kortlagningu urðunarstaða verði lokið.

Svar: Þessu verður bætt inn í greinargerðina.

Bent er á að vatnsverndarsvæði vanti fyrir Hallormsstað.

Svar: Þetta verður lagfært.

Bent er á að í tillögunni er ekki fjallað um flokkun vatna.

Svar: Ekki eru tók á því að svo stöddu en ábendingin er þörf.

Bent er á ósamræmi í tilgreiningu tjaldstæða og að ekki sé gert ráð fyrir þjónustumiðstöð við vesturbakka Háslóns.

Svar: Þetta verður lagfært.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

Aðalsteinn Þórhallsson

Vitnað er í kafla 9.1 í greinargerð tillögunnar og því mótmælt að atvinnustarfsemi sé leyfð á íbúðarsvæðum.

Svar:

Tilvitnunin sem Aðalsteinn gerir efnislega athugasemd við er orðrétt samhljóða grein 4.2.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Fljótsdalshérað hagar skipulagi sínu í samræmi við lög og reglugerðir.

Athugasemd er gerð við ný svæði fyrir blandaða byggð norðan Eyvindarár sem koma í stað íbúðarbyggðar á suðursvæði.

Svar:

Skipulagið gerir ráð fyrir frekari uppbyggingu á suðursvæði, í samræmi við gildandi deiliskipulag, þótt það sé í minni mæli en í gildandi aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir lóðum fyrir þjónustu á suðursvæði. Í skipulaginu er stefnt að því að stytta vegalengdir innan þéttbýlisins á Egilsstöðum og Fellabæ og því rökrétt að staðsetja nýja byggð í Eyvindarárlandi. Að auki má nefna að land norðan Eyvindarár er í eigu sveitarfélagsins.

Því er mótmælt að gengið sé á útivistarsvæði í Selskógi með blandaðri byggð sem auðkennd er L3 í tillögunni.

Svar:

Nýtt svæði fyrir blandaða byggð í jaðri Selskógar, tengir saman byggð í Selbrekku og Einbúabla og er þannig í beinu framhaldi af þeirri byggð sem fyrir er, sem er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Við afmörkun svæðisins er þess gætt að ganga ekki um of á útivistarsvæði sem eftir sem áður þjónar vel þörfum íbúa svæðisins. Að auki má benda á að tilgreint er stærra útivistarsvæði, O23, sem opið svæði til sérstakra nota, í framhaldi af Selskógi, handan Eyvindarár.

Lagt er til að austur-vestur braut verði bætt við flugvöllinn á Egilsstöðum.

Svar:

Þótt hugmyndir um þverbraut séu góðra gjalda verðar hafa engar rannsóknir farið fram sem unnt er að byggja á við mótun aðalskipulags. Í Skýrslu Háskólans á Bifröst um þarfir og framtíðartækifæri fyrir flugvöllinn koma ekki fram ábendingar um þörf fyrir þverbrautir hjá þeim aðilum sem leitað var til og því hæpið að álykta að þörf fyrir þverbrautir sé knýjandi. Gera má ráð fyrir að áform um nýja flugbraut krefjist ítarlegrar flugtæknilegrar skoðunar. Það er því ekki gert í þessari tillögu. Það útilokar hins vegar ekki frekari athugun á þessum möguleika.

Óskað er eftir því að höfn sé í nágrenni miðbæjar, tjaldsvæðis og sýnileg ferðamönnum í bænum.

Svar:

Samkvæmt tillögunni er höfnin í nánnum tengslum við þéttbýli og tjaldsvæði í Fellabæ og er vel sýnileg, ekki síst frá Egilsstöðum þar sem hún blasir við handan fljótsins.

Óbreyttri legu hringvegarins í Fellabæ er andmælt og varað við vandræðum sem muni skapast á framkvæmdatíma ef ný brú tekur land á sama stað og sú gamla.

Svar:

Við mótun tillögunnar var haft samráð við Vegagerðina en ljóst er að við hönnun götunnar þarf að leita leiða til að tryggja öryggi við þær aðstæður sem þarna eru. Mikilvægt er að gatan þjóni þéttbýlinu og hönnun hennar miðist við þarfir þess. Kostnaðarsamt er að taka nýtt land undir þjóðveg.

### B-listinn Fljótsdalshéraði

Lagt er til að horfið verði frá nýrri byggð norðan Eyvindarár (L1), verslunar- og þjónustusvæði við flugvöll (V3) og vegi um Melshorn. Í rökstuðningi er vakin athygli á því að fyrrgreind áform í skipulagstillögunni muni takmarka vaxtarmöguleika flugvallarsvæðisins, t.d. vegna vöruflutninga, kennslu- og sjúkraflegs. Þá sé gengið á landbúnaðarland með áformum um verslunar- og þjónustusvæði.

Svar:

Í tillögunni er gert ráð fyrir lengingu flugbrautarinnar á Egilsstaðaflugvelli til þess að stærrí og þyngri flugvélar geti notað hana. Þó eru ekki talið nægilega líklegt að um verulega plássfreka flutningastarfsemi verði að ræða til þess að láta slíkan möguleika hafa áhrif á þróun íbúðarbyggðar. Samkvæmt tillögunni er töluvert svigrúm til uppbyggingar við flugvöllinn og ef það er aukið hlýtur það að vera á kostnað landbúnaðarlands.

Lagt er til að höfn verði staðsett í Kollsvík sunnan Egilsstaðakolls á austurbakka Lagarfjóts. Í rökstuðningi er tiltekið að staðurinn sem er ætlaður fyrir höfn í skipulagstillögunni sé opinn fyrir norðanátt og þar muni þurfa að kosta miklu til dýpkunar. Ennfremur sé tengsl við miðbæ Egilsstaða betri í Kollsvík.

Svar:

Fyrir liggur það álit í frumathugun Siglingastofnunar að höfn í Skipavík sé álíka dýr og höfn í Egilsstaðavík. Í Skipavík er höfnin í góðum tengslum við þéttbýlið í Fellabæ og blasir við frá miðbænum á Egilsstöðum.

Lagt er til að skipulag suðursvæðis verði óbreytt frá gildandi aðalskipulagi Austur-Héraðs.

Svar:

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir töluverðri viðbótabyggð á suðursvæðinu þótt ekki sé gengið eins langt og í gildandi skipulagi. Með því að færa nýja íbúðarbyggð norður fyrir Eyvindará er leitast við að stytta fjarlægðir innan þéttbýlisins á Egilsstöðum og Fellabæ í stað þess að teygja þéttbýlið til suðurs. Eftir sem áður er gert ráð fyrir þjónustu á suðursvæði. Byggð norðan Eyvindarár er álíka langt frá miðbænum og sú byggð sem horfið er frá á suðursvæði.

Lagt er til að veglína þjóðvegur 1 gegnum Fellabæ verði sú sama og er á gildandi aðalskipulagi Fellahrepps en landtaka brúar á austurbakka verði færð lítilega til suðurs. Í



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

rökstuðningi er vísað til þess að núverandi vegur þrengi að íprótta- og skólasvæði og þar geti skapast hætta. Ennfremur geti skapast hætta á blindhæð við vesturenda brúar og uppkaup húsa hafi miðast við að vegurinn yrði fluttur.

*Svar:*

*Við mótnuð tillögunnar var haft samráð við Vegagerðina en ljóst er að við hönnun götunnar þarf að leita leiða til að tryggja öryggi við þær aðstæður sem þarna eru. Mikilvægt er að gatan þjóni þéttbýlinu og hönnun hennar miðist við þarfir þess. Kostnaðarsamt er að taka nýtt land undir þjóðveg.*

Anna Sigríður Karlsdóttir

Athugasemdin er efnislega samhljóða þeirri sem svarað er hér næst á undan, um legu þjóðvegar 1 gegnum Fellabæ.

*Sama svar.*

Einar Ben Þorsteinsson

Gerð er athugasemd við það að megin vaxtarsvæði byggðar skuli fært frá suðursvæði, norður fyrir eina af sterkustu straumám Fljótsdalshéraðs og að suðursvæði skuli smækkað. Í rökstuðningi er þess getið að breytingin muni hafa neikvæð áhrif á verðgildi þeirra eigna sem þegar hefur verið fjárfest í á grundvelli gildandi skipulags. Íbúafjöldi verði ónógur til að standa undir nauðsynlegri þjónustu og lagt hafi verið í verulegan kostnað við stofnlagnir veitna. Ennfremur er bent á slyshættu sem fylgir nábyli við Evindará.

*Svar:*

*Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir töluverðri viðbótabyggð á suðursvæðinu þótt ekki sé gengið eins langt og í gildandi skipulagi. Með því að færa nýja íbúðarbyggð norður fyrir Eyvindará er leitast við að stytta fjarlægðir innan þéttbýlisins á Egilsstöðum og Fellabæ í stað þess að teygja þéttbýlið til suðurs. Eftir sem áður er gert ráð fyrir þjónustu á suðursvæði. Byggð norðan Eyvindará er álíka langt frá miðbænum og sú byggð sem horfið er frá á suðursvæði. Margir þéttbýlisstaðir á Íslandi hafa byggst við stór vatnsföll*

*og búseta þar telst fela í sér áhættu innan ásættanlegra marka. Nú þegar hefur töluverð byggð risið á bökkum Eyvindará.*

Jóhann F. Þórhallsson

Bent er á að Sauðárkofa vant inn í skipulagstillögunu og farið fram á að honum verði bætt inn enda hafi þar verið gangnamannaskáli mjög lengi.

*Svar: Fallist er á að kofi við Sauða verði merktur sem fjallaskáli á aðalskipulaginu.*

Skúli Björn Gunnarsson

Gerð er athugasemd við það að Sauðárkofi skuli felldur af skipulagi og í rökstuðningi vísað í langa hefð, mikilvægi hans sem áfanga- og gististaðar ferðafólks, náttúruskoðara og vísindamanna á Vesturöræfum, auk hlutverks hans í Vatnajökulsþjóðgarði.

*Svar: Fallist er á að kofi við Sauða verði merktur sem fjallaskáli á aðalskipulaginu.*

Lagt er til að skipulagið geri ráð fyrir neyðarskýli við Brúarjökul m.a. vegna aukinnar umferðar sem gera má ráð fyrir inn á jökulinn.

*Svar:*

*Tillögunni er hafnað á þeim forsendum að skáli við Snæfell muni veita fullnægjandi neyðaraðstöðu á þessum slóðum. Þá er heldur ekki ljóst hver myndi reka neyðarskýlið.*

Lagt er til að skipulagið geri ráð fyrir tjaldstæði við Snæfellsskála enda hafi þar lengi verið aðstaða til að tjalda og áform um Vatnajökulsþjóðgarð miðist við að þar sé tjaldstæði.

*Svar:*

*Fallist er á tillögunu og verður tjaldstæðið fært inn í skipulagstillögunu.*

Vakin er athygli á því að í Hvannalindum er skáli fyrir landvörð og því sé nauðsynlegt að merkja hann inn á aðalskipulag.

*Svar: Skálinn verður merktur inn á aðalskipulagið sem fjallaskáli.*

Lögð er til breyting á heimildartilvísun varðandi landvörslu- og upplýsingastöðvar.

*Svar:*

*Fallist er á tillögunu.*

Benedikt V. Warén

Lagt er til að þéttbýlismörk fyrir Egilsstaði og Fellabæ séu víkkuð verulega enda beri mörkin sem dregin eru í tillögunni vott um skort á framtíðarsýn og metnaði.

*Svar:*

*Verulegar skuldbindingar fyrir sveitarfélagið fylgja skilgreiningu á þéttbýli og því nauðsynlegt að fara varlega í útvíkkun þéttbýlismarka. Tillagan endurspeglar þau mörk sem meirihluti sveitarstjórnar telur hæfileg með tilliti til þjónustu sveitarfélagsins.*

Breytingum á skipulagi suðursvæðis er mótmælt og rök fyrir breytingunum talin ónóg.

*Svar:*

*Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir töluverðri viðbótabyggð á suðursvæðinu þótt ekki sé gengið eins langt og í gildandi skipulagi. Með því að færa nýja íbúðarbyggð norður fyrir Eyvindará er leitast við að stytta fjarlægðir innan þéttbýlisins á Egilsstöðum og Fellabæ í stað þess að teygja þéttbýlið til suðurs. Eftir sem áður er gert ráð fyrir þjónustu á suðursvæði.*

Því er mótmælt að opnuð sé hjáleik framhjá miðbæ á Egilsstöðum en í Fellabæ sé umferð áfram beint gegnum byggðina.



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

*Svar:*

*Meirihluti sveitarstjórnar telur að þjónusta á til þess skipulögðum svæðum eigi að njóta góðs af umferð sem fer með hæfilegum hraða um þéttbýlið, á forsendum þess. Það þýðir þó ekki að útilokað sé að fleiri en ein leið liggji gegnum þéttbýlið á Egilsstöðum.*

Vakin er athygli á annmörkum sem fylgi lagningu vegar um Melshorn, m.a. erfiðu vegarstæði og þörf fyrir langa brú.

*Svar:*

*Í skipulaginu er gerður fyrirvari um nákvæma legu nýrra vega þar sem hún ráðist að nokkru leyti á hönnunarstigi. Hönnunin hlýtur að taka mið af aðstæðum.*

Gerð er athugasemd við legu brúar yfir Lagarfljót í skipulagstillögunni þar sem sú ákvörðun veldur því m.a. að vegir þrengja að flugvellinum og íþróttasvæði í Fellabæ. Lagt er til að brúin liggji frá Nátthagavík að Skipalæk.

*Svar:*

*Með þeirri legu brúarinnar sem sýnd er í skipulagstillögunni er leitast við að tengja sem best saman þéttbýlið í Fellabæ og Egilsstöðum og taka sem minnst land undir nýja vegi.*

Lagt er til að hafnarsvæði verði við Nátthagavík og þá í þjóðbraut miðað við að Lagarfljótsbrú taki land þar að austanverðu.

*Svar:*

*Skipulagið byggir á tillögu Siglingastofnunar um hafnaraðstöðu í Skipavík eins og fram kemur á uppdraetti.*

Athugasemd er gerð við það að ekki skuli vera tjaldstæði innan bæjarmarka á Egilsstöðum.

*Svar:*

*Tjaldstæði fyrir Egilsstaði, auðkennt O3, er rétt vestan þéttbýlismarka, sunnan við Egilsstaðabúíð, eins og fram*

*kemur á sveitarfélagsuppdraetti B. Það er á sama stað og á gildandi aðalskipulagi.*

Gerð er athugasemd við það að vegur og byggð þrengi að flugvellinum, þrátt fyrir að honum sé ætlað mikilvægt hlutverk í samgöngum. Ennfremur er lagt til að gert verði ráð fyrir tveimur stuttum þverbrautum.

*Svar:*

*Í tillögunni er gert ráð fyrir lengingu flugbrautarinnar á Egilsstaðaflugvelli til þess að stærrí og þyngri flugvélar geti notað hana. Þó eru ekki talið nægilega líklegt að um verulega plássfreka flutningastarfsemi verði að ræða til þess að láta slíkan möguleika hafa áhrif á þróun íbúðarbyggðar. Samkvæmt tillögunni er töluvert svigrúm til uppbyggingar við flugvöllinn og ef það er aukið hlýtur það að vera á kostnað landbúnaðarlands. Þótt hugmyndir um þverbraut séu góðra gjalda verðar hafa engar rannsóknir farið fram sem unnt er að byggja á við mótn aðalskipulags. Í Skýrslu Háskólans á Bifröst um þarfir og framtíðartækifæri fyrir flugvöllinn koma ekki fram ábendingar um þörf fyrir þverbrautir hjá þeim aðilum sem leitað var til og því hæpið að álykta að þörf fyrir þverbrautir sé knýjandi. Gera má ráð fyrir að áform um nýja flugbraut krefjist ítarlegrar flugtæknilégrar skoðunar. Það er því ekki gert í þessari tillögu. Það útilokar hins vegar ekki frekari athugun á þessum möguleika.*

### Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun ítrekar umsögn sem veitt var þegar tillögudrög voru kynnt en þar var vikið að nauðsyn þess að gera úttekt á svæðum sem kunna að falla undir 37. grein laga um náttúruvernd og varað við olíumengun á hafnarsvæði. Í athugasemdum sínum um auglýsta tillögu óskar Umhverfisstofnun eftir því að vakin verði athygli á reglugerðarákvæðum sem takmarka ræktun útlendra tegunda og að ónógar upplýsingar séu veittar um einstök efnistökusvæði og þörf fyrir efnistöku á skipulagstímabilinu. Þá er ítrekuð viðvörðun um meðhöndlun olíu á hafnarsvæði

sem er innan svæðis á náttúruminjaskrá þar sem fuglalíf er fjölbreytt.

*Svar:*

*Í skipulagstillögunni er almennt sneitt hjá því að tiltaka ákvæði laga og reglna sem kunna að taka breytingum og verða þá úrelt og röng í gögnum skipulagsins. Hleppilegast er að upplýsingar um gildandi lög og reglur sé afað á hverjum tíma eftir því sem við á.*

*Um heildarefnistöku á skipulagstímabilinu er ógerlegt að segja fyrir og því mörkuð almenn stefna þar sem áhersla er lögð á varúð og vandvirkni í umsóknum um framkvæmdaleyfi. Tekið er undir það að efnistökusvæði séu óþarflega mörg og stefnir Skipulags- og mannvirkjanefnd á að ljúka heildarendurskoðun á efnistökusvæðum fyrir árslok 2011 með það að markmiði að opnar námur verði sem færast.*

*Fljótsdalshérað tekur undir athugasemdir Umhverfisstofnunar varðandi meðferð spilliefna á hafnarsvæði og hefur þegar brugðist við með skipulagsskilmálum. Jafnframt er vakin athygli á því að þótt sveitarfélagið vilji bjóða upp á hafnaraðstöðu er ekki gert ráð fyrir því að siglingar til skemmtunar eða í atvinnuskyni verði umfangsmiklar.*

### Einar Ólafsson

Gerð er athugasemd við það að ekki skuli vera gert ráð fyrir tjaldstæði á Aðalbóli.

*Svar:*

*Athugasemdin er tekin til greina og verður Aðalból tilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði ásamt opnu svæði til sérstakra nota fyrir tjaldsvæði.*



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### Jóhanna og Ágúst, Stóra-Sandfelli

Gerð er athugasemd við það að ekki skuli vera gert ráð fyrir tjaldsvæði á Stóra-Sandfelli 2 í Skriðdal.

*Svar:*

*Athugasemdin er tekin til greina og verður tjaldsvæðið tilgreint í skipulaginu.*

### Landgræðslan

Að mati Landgræðslu ríkisins er umfjöllun um jarðvegs- og gróðureyðingu fremur rýr í skipulagstillögunni, enda sé jarðvegsrof töluvert vandamál í sveitarfélaginu.

*Svar:*

*Þótt ekki sé farið mörgum orðum um jarðvegs- og gróðureyðingu sérstaklega í skipulagstillögunni kemur glögg fram í stefnu sveitarfélagsins að því er mjög í mun að standa vörð um lífríki og náttúru og fellur baráttan gegn jarðvegsrofi þar undir. Sveitarfélagið óskar eftir góðu samstarfi við Landgræðsluna hér eftir sem hingað til.*

### Vegagerðin

Vegagerðin gerir athugasemdir við ýmis atriði tengd vegakerfinu:

Ekki sé getið um breidd veghelgunarsvæða.

*Svar:*

*Í skipulagstillögunni er almennt sneitt hjá því að tiltaka ákvæði laga og reglna sem kunna að taka breytingum og verða þá úrelt og röng í gögnum skipulagsins. Heppilegast er að upplýsinga um gildandi lög og reglur sé aflað hverju sinni eftir því sem við á.*

Nýr vegur um Hrafnkelsdal komi ekki fram á öllum þemauppráttum.

Svar: Þetta verður lagfært.

Gera þurfi fyrirvara um staðsetningu gangamunna.

*Svar: Almennur fyrirvari er gerður um að endanleg lega nýrra vega ráðist á hönnunarstigi. Sjálfsagt er að hnykkja á þessu hvað varðar gangamunna.*

Núverandi þjóðvegur í Fellabæ þrengi verulega að ípróttasvæði.

*Svar: Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir þessu og telur það ásættanlegt.*

Hafnasvæði við Skipavík sé ekki vel greinilegt á uppdráttum og geti kallað á nýjar vegtengingar.

*Svar: Tilgreining hafnarsvæðis er talin nægileg og í samræmi við tillögur Siglingastofnunar. Vegtengingar verða innan þéttbýlis enda búist við því að umsvif takmarkist við sportsiglingar og afþreyingu ferðafólks.*

Reiðleið um Öxi sé ekki lengur sýnileg á uppdráttum.

*Svar: Þetta verður lagfært.*

Ekki sé minnst á nýjan veg um Melshorn og breytingu á legu þjóðvegur um Fellabæ frá fyrra skipulagi í kafla um helstu breytingar.

*Svar: Þetta verður lagfært.*

Lagfæra þurfi texta um forsendur samgangna.

*Svar: Þetta verður lagfært.*

Endurskoða þurfi kafla um efnistökuastaði og taka megi út námunúmer.

*Svar: Námunúmer Vegagerðarinnar verða tekin út úr greinargerðinni. Tekið er undir athugasemdir um efnistökusvæði og stefnir Skipulags- og mannvirkjanefnd á að ljúka heildarendurskoðun á efnistökusvæðum fyrir árslok 2011 með það að markmiði að opnar námur verði sem fæstar.*

Nýr Seyðisfjarðarvegur um Melshorn sé ekki inni á áætlunum og huga þurfi að ýmsum atriðum varðandi legu vegarins og

gatnamót. Þá er gerður fyrirvari við það að tveir stofnvegir í þéttbýli Egilsstaða tengist gatnamótum Seyðisfjarðarvegur og Borgarfjarðarvegur. Þannig sé ekki ljóst hvora leiðina Seyðisfjarðarvegur liggir.

*Svar:*

*Vísað er í almennan fyrirvara um að endanleg lega nýrra vega sé ákveðin á hönnunarstigi. Það er þó vilji meirihluta sveitarstjórnar að stofnvegum sé háttað svo sem tilgreint er í skipulagstillögunni.*

Athugasemd er gerð við nýja legu Lagarfjósbrúar. Þröngt verði um tengingar, vegur brattur inn í Fellabæ og blind gatnamót valdi slysaættu. Þá verði kostnaðarsamt að byggja nýja brú svo nálægt þeirri gömlu. Því sé lega Hringvegur í gildandi skipulagi mun skárri kostur.

*Svar:*

*Ljóst er að aðstæður eru krefjandi og kunna að útheimta verulega lækun á umferðarhraða. Með þeirri legu sem tillagan tilgreinir helst beinni tenging milli þéttbýliskjarnanna tveggja hvorum megin við fljótið. Á móti kostnaði sem kann að skapast vegna þrengsla sparast kaup á landi fyrir nýjan veg.*

### Anna H. Braugadóttir og Friðjón Kr. Þórarinnsson

Óskað er eftir því að á jörðinni Flúðum í Hróarstungu verði gert ráð fyrir smávirkjun og blandaðri byggð sumar- og íbúðarhúsa. Þá er bent á ranga staðsetningu punkts F11.

*Svar:*

*Í skipulagstillögunni er almenn heimild fyrir smávirkjunum án sérstakrar tilgreiningar. Ekki er fallist á blandaða byggð sumar- og íbúðarhúsa enda myndi það leggja sveitarfélaginu á herðar verulegar og kostnaðarsamar þjónustuskyldur. Punktur F11 verður færður á réttan stað.*



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

### Sigrún Árnadóttir

Því er mótmælt að svæðið syðst við Fjóluhvamm – sunnan við Smárahvamm 2 og gegnt Fjóluhvammi 1 og 2, sé skilgreint sem íbúðarsvæði.

*Svar:*

*Svæðið er merkt sem íbúðarhúsasvæði í gildandi aðalskipulagi Fellahrepps og því ekki um breytingu frá gildandi aðalskipulagi að ræða. Stefna Fljótsdalshéraðs er að nýta land og grunnþjónustu sveitarfélagsins vel og í samræmi við það má gera ráð fyrir að auðar lóðir innan núverandi byggðar séu nýttar í samræmi við þá byggð sem fyrir er.*

*Íbúar hafa því mátt vænta þess, frá því að gildandi aðalskipulag var unnið og jafnvel lengur að byggt yrði á þessu svæði. Útivistarsvæði er eins og fyrr á bökkum Lagarflióts, þannig að þrátt fyrir að byggt yrði á lóð á umræddu svæði er ekki gengið á það útivistarsvæði sem ætlað hefur verið almenningu um árabíl við Lagarfliót.*

*Að öðru leyti er vísað til svara sem veitt voru við auglýsingu deiliskipulags fyrir Hvamma sumarið 2007.*

### Óskar Vignir

Óskað er eftir því að aðalskipulagstillagan geri ráð fyrir vindrafstöð í Snjóholti, þar sem áður var fjarskiptastöð.

*Svar:*

*Í aðalskipulagstillögunni er nú þegar gert ráð fyrir því að hafa megi smávirkjanir og fjarskiptabúnað í smáum stíl á landbúnaðarsvæðum án þess að það sé tilgreint sérstaklega.*

*Þann 24.júní 2009, samþykkti bæjarráð Fljótsdalshéraðs breytingu á áður samþykktum svörum við tveimur athugasemdum og ný svör við athugasemd sem fyrir mistök varð útundan við fyrri afgreiðslu.*

### Þórhallur Pálsson

Gerðar eru athugasemdir í 20 tölusetnum liðum sem svarað er hér fyrir neðan.

(1) Gerð er athugasemd við róttækar breytingar á gildandi skipulagsáætlunum. Vísað er til þess í rökstuðningi að skammt sé síðan fyrra skipulag var samþykkt og að rök fyrir svo róttækum breytingum skorti.

*Svar:*

*Í stefnu og umhverfismati skipulagstillögunnar koma fram margvísleg rök fyrir þeim breytingum sem hér er vísað til. Má þar nefna áherslu á að teygja ekki meira á byggðinni en nauðsyn krefur en reyna þess í stað að stytta leiðir, ekki síst með hliðsjón af þeim lýðheilsuáhrifum sem aukin ganga og hjólréiðar geta haft. Með sömu rökum er þjóðveginn valinn staður þannig að leiðin milli Fellabæjar og Egilsstaða verði sem styst og að auki reynt að forðast að taka óbrotið land undir nýjan þjóðveg um Fellabæ. Þessar áherslur ber að skoða í ljósi sameiningar sveitarfélaganna og aðalskipulagstillagan er sú fyrsta sem endurspeglar sameininguna. Því er ekki fallist á það að rök vanti fyrir þeim breytingum sem í skipulagstillögunni felast.*

(2) Gerð er athugasemd við stefnubreytingu sem felur í sér að byggð þróist til norðurs í stað suðurs. Vísað er til þess að vatnsföll skipti þá byggðinni í þrennt. Breytingin sé ekki studd rökum.

*Svar:*

*Blönduð byggð norðan Eyvindarár yrði að meðaltali nær eldri byggð á Egilsstöðum, ekki síst mikilvægum þjónustustofnunum og nær Fellabæ. Þannig styttað leiðir eins og vikið var að hér á undan, með þeim afleiðingum að akstur minnkar og aðrir samgöngumátar verða álitlegri. Þetta er í betra samræmi við stefnu sveitarfélagsins, ákvæði skipulagslaga og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun en*

*ákvæði gildandi skipulags Austur-Héraðs um byggð á suðursvæði.*

(3) Gerð er athugasemd við tillögu um blandaða byggð sem auðkennd er L3 og vísað til þess í rökstuðningi að svæðið henti tæplega fyrir byggð vegna jarðvegsaðstæðna.

*Svar:*

*Við mótn skipulagstillögunnar lá fyrir álit verkfræðistofu um að vel kæmi til greina að nýta landið undir íbúðabyggð, auk deiliskipulagsforsagnar sem leiddi í ljós mögulegt umfang byggðar á svæðinu. Í álit verkfræðistofunnar er tekið fram, líkt og í athugasemdinni, að djúpt kunni að vera á fast og sprengja þurfi klappir að einhverju marki, t.d. fyrir lögunum.*

(4) Gerð er athugasemd við tillögu að landnotkun á Egilsstaðanesi á reitum sem auðkenndir eru V3 og A6. Í rökstuðningi er slík landnotkun talin vera í mótsögn við stefnu skipulagstillögunnar um styrkingu landbúnaðar enda sé umrætt land sérlega vel til búskapar fallið. Þó er tekið fram að vegna ríkra almannahagsmuna sé notkun landsins fyrir flugvöll og Hringveg réttlætanleg. Einnig er vikið að flóðahættu á svæðinu.

*Svar:*

*Aðstæður eru að mörgu leyti sérstakar á þessu svæði og er það nánast eini staðurinn í sveitarfélaginu þar sem hagsmunir landbúnaðar og þéttbýlis rekast á. Það er því ekki talið brjóta í bága við stefnuna í heild þótt land í hóflegu umfangi við Hringveginn sé nýtt á forsendum þéttbýlisins við þessar tilteknu aðstæður enda koma aðrir hagsmunir til, svo sem þétting byggðarinnar sem áður var getið.*

*Ekki er hægt að útiloka að flóð í Lagarflióti nái til mannvirkja á Egilsstaðanesi, þ.e. flugvallar og bygginga sem honum tengjast ásamt þeim byggingum sem munu standa á umræddum reit. Ástæða er til að hafa hliðsjón af þessum möguleika við hæðarsetningu húsa í deiliskipulagi.*





## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

(5) Gerð er athugasemd við landbúnaðarsvæði sunnan Hamra á Egilsstöðum. Í rökstuðningi er vísað til þess að landið henti vel til stækkunar byggðar en sé ekki ræktað.

*Svar:*

*Eins og fram hefur komið er það stefna sveitarfélagsins að draga úr frekari úþpenslu byggðar til suðurs og reyna þess í stað að þétta byggðina og stytta vegalengdir. Í samræmi við það er umræddu svæði haldið óbyggðu en kostur gefinn á að nýta það í þágu landbúnaðar.*

(6) Gerð er athugasemd við íbúðarbyggð á reit B9 þar sem þar sé aðeins hægt að koma fyrir mjög takmarkaðri byggð og með miklum tilkostnaði. Ásýnd Hamrana muni spillast.

*Svar:*

*Eins og fram kemur í skilmálum fyrir þennan reit er gert ráð fyrir mjög takmarkaðri byggð einbýlishúsa. Eins og bent er á í athugasemdinni er svæðið viðkvæmt enda er áskilið að byggðin falli vel að sérstæðu landslagi.*

(7) Gerð er athugasemd við landnotkun á reit L1 sem ætlaður er fyrir blandaða byggð. Í rökstuðningi er bent á að landið sé ræktað og því sé þessi landnotkun í ósamræmi við stefnu skipulagstillögunnar og markmið skipulags- og byggingarlaga. Búast megi við því að kostnaðarsamara verði að byggja á þessu landi en sunnan Hamra.

*Svar:*

*Svör við þessari athugasemd hafa þegar komið fram hér að framan.*

(8) Gerð er athugasemd við reit fyrir verslun og þjónustu og þjónustustofnanir, auðkenndur V5 og T7 þar sem hann sé við suðurenda byggðarinnar með landbúnaðarsvæði á aðra hönd.

*Svar:*

*Byggð á suðursvæði sem sýnd er í skipulagstillögunni mun þurfa nærþjónustu, svo sem leikskóla enda er hún einna fjarst kjarna þjónustustofnana. Staðurinn er vissulega ekki*

*miðsvæðis en getur á mótið boðið leikskólabörnum áhugaverð tengsl við náttúruna.*

(9) Gerð er athugasemd við að fornminjar skuli ekki sýndar á reit O5.

*Svar:*

*Fram kemur í skipulagstillögunni að ekki hafi náðst að ljúka aðalskráningu fornminja fyrir sveitarfélagið allt en áætlan liggir fyrir um skráningu fornminja þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Hafa ber í huga að sveitarfélagið er gríðarlega umfangsmikið. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessi svæði.*

(10) Gerð er athugasemd við íbúðabyggð í Fellabæ á reit B2 vegna þess að þar sé jarðgrunnt og klettótt og tengibraut vant.

*Svar:*

*Rétt er að náttúrulegar aðstæður bjóða ekki upp á að mörg hús séu byggð á þessum reit og því er ekki við því að búast að slík byggð hafi veruleg áhrif á umferð.*

(11) Gerð er athugasemd við landnotkun á reit O8, íþróttasvæði í Fellabæ og vísað til þess að Hringvegur þrengr að svæðinu sem hann myndi ekki gera ef hann væri færður suður fyrir eins og gildandi skipulag kveður á um. Mikil fjárfesting liggir í íþróttasvæðum á Egilsstöðum og í Fellabæ og hvorugt hefði stækkunarmöguleika verði vegurinn ekki færður.

*Svar:*

*Ljóst er að Hringvegur þrengr að íþróttasvæðinu í Fellabæ en leitast verður við að nýta það sem best, t.d. með samnýtingu bílastæða við Fellaskóla.*

(12) Gerð er athugasemd við legu Hringvegar á Egilsstaðanesi vegna þess að hann þrengr að flugbrautarenda og beygjur séu of krappar.

*Svar:*

*Settur er skýr fyrirvari í skipulagstillögunni þess efnis að endanleg lega nýrra vega og tenginga við þá verði ákveðin á hönnunarstigi. Athugasemdin er góð og gild ábending fyrir þá vinnu.*

(13) Gerð er athugasemd við legu nýrrar brúar á Lagarfjót þar sem hún leiði til vandræða með planlegu Hringvegar á Egilsstaðanesi ef flugbrautin verði stækkuð. Betra væri að hún lægi sunnar og gæfi þá möguleika á betri samfellu í þéttbýli Fellabæjar. Rökstuðning vanti fyrir breytingu frá fyrra skipulagi.

*Svar:*

*Þegar hafa komið fram í svörum röksemdir fyrir legu vegar og brúar milli Egilsstaða og Fellabæjar.*

(14) Gerð er athugasemd við legu Hringvegar milli Fellabæjar og Urriðavatns og bent að hann gæti legið í beinni línu frá Skipalæk að suðurenda Urriðavatns sunnan byggðarinnar og fjær athafnasvæðum.

*Svar:*

*Enn er vísað í sömu röksemdir og þegar hafa komið fram í svörum um að vegurinn þjóni fyrst og fremst því hlutverki að tengja saman Egilsstaði og Fellabæ og bæta samgöngur þar á milli. Með því að færa veginn suður fyrir myndi leiðin lengjast og taka þyrfti landbúnaðarland undir veginn.*

(15) Gerð er athugasemd við útfærslu Borgarfjarðarvegar norðan Eyvindarárbrúar. Bæta megi umferðaröryggi með því að laga beygjur og brekkur.

*Svar:*

*Settur er skýr fyrirvari í skipulagstillögunni þess efnis að endanleg lega nýrra vega og tenginga við þá verði ákveðin á hönnunarstigi. Athugasemdin er góð og gild ábending fyrir þá vinnu.*



## ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS - GREINARGERÐ

(16) Gerð er athugasemd við nýjan veg í framhaldi Seyðisfjarðarvegar, yfir land Eyvindarár, ásamt nýrri brú á Eyvindará. Í rökstuðningi er vísað til þess að ekki sé sýnt fram á þörf fyrir þennan veg né nýja brú enda anni núverandi brú umferð til frambúðar. Ennfremur er bent á að fornminjar sé að finna í vegarstæðinu og landhalli kalli á verulegar fyllingar.

*Svar:*

*Eðlilegt er að um bæinn liggja net samgönguæða sem tengi byggðina við meginleiðir og veiti gott aðgengi. Það á einnig við um byggðina sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir norðan Eyvindarár.*

(17) Gerð er athugasemd við legu Seyðisfjarðarvegar og staðsetningu jarðgangamunna við Fjarðarheiði.

*Svar:*

*Settur er skýr fyrirvari í skipulagstillögunni þess efnis að endanleg lega nýrra vega og tenginga við þá verði ákveðin á hönnunarstigi. Hnykket verður á því að fyrirvarinn eigi einnig við um gangamunna.*

(18) Gerð er athugasemd við það að vatnsból, vatnsverndarsvæði og hreinsivirki fráveitu séu ekki sýnd á þéttbýlisupprætti fyrir Eiða.

*Svar: Í hinni auglýstu tillögu kemur vatnsbólíð fram en verndarsvæði vantar. Fært verður inn grannsvæði en ekki er talið gerlegt að afmarka fjarsvæði. Staðsetning hreinsivirkis á Eiðum verður tilgreind.*

(19) Gerð er athugasemd við það að hverfisvernd fjallendis í Austfjarðafjallgarðinum sem kveðið er á um í gildandi aðalskipulagi Austur-Héraðs skuli felld niður.

*Svar:*

*Skipulagsákvæði tillögunnar fyrir öll óbyggð svæði sveitarfélagsins ásamt stefnu um náttúruvernd eru að verulegu leyti hliðstæð þeim hverfisverndarákvæðum sem gilda um Austfjarðafjallgarðinn í gildandi skipulagi. Verndarákvæðin*

*hafa því alls ekki verið felld niður heldur lagt til að þau gildi um öll óbyggð svæði.*

(20) Gerð er athugasemd við það að landbúnaðarsvæði eru ekki flokkuð eftir nytjum og stefnumörkun vanti í þeim efnunum, t.d. um skógrækt og beitarfriðun.

*Svar:*

*Fram kemur skýr stefna um verndum landbúnaðarlands fyrir matvælaframleiðslu og að tilkynna skuli áform um umfangsmikla nýrækt. Á þemauppráttum koma landnytjar þær sem vísað er til í athugasemdinni fram að nokkru leyti.*

### Breytt svör við athugasemd Skógræktar ríkisins

Í athugasemd sem barst áður en skipulagstillagan var auglýst formlega óskaði Skógrækt ríkisins eftir því að aðalskipulagstillagan tæki mið af deiliskipulagstillögu fyrir Hallormsstað sem verið hefur í vinnslu. Í fyrri svörum var sagt að það yrði gert í endanlegri tillögu. Þar sem ekki tókst að tryggja nægilegt samræmi milli skipulagstillagnanna eru líkur á því að breytingar sem gera þyrfti teldust umfangsmeiri en ásættanlegt er að komi fram við lokaafgreiðslu aðalskipulagstillögunnar. Af þessum sökum er lagt til að Skógrækt ríkisins verði tilkynnt að endanleg aðalskipulagstillaga geti ekki endurspeglad deiliskipulagið sem er í mótnun en nauðsynleg breyting á nýju aðalskipulagi verði auglýst samtímis deiliskipulaginu. Þessi málsmeðferð muni ekki valda verulegum töfum. Jafnframt verður betur tryggt að fulls samræmis sé gætt.

### Breytt svör til Strympu, Skipulagsráðgjafar

Í athugasemd sem barst á auglýsingatíma aðalskipulagstillögunnar er óskað eftir því að inn á aðalskipulagið verði fært 42 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Eyvindarár. Við nánari athugun þykir líklegt að þessi breyting myndi teljast umfangsmeiri en ásættanlegt er að komi fram við lokaafgreiðslu aðalskipulagstillögunnar. Af þessum sökum er lagt til að umrætt svæði fyrir frístundabyggð fari í ferli aðalskipulagsbreytingar þegar hið nýja aðalskipulag hefur verið staðfest. Strympu verði send tilkynning þar um ásamt staðfestingu á því að sveitarstjórn samþykki umrædda landnotkun fyrir sitt leyti og muni ekki standa í vegi fyrir tafarlausum framgangi slíkrar aðalskipulagsbreytingar.